

Formlega í raunveruleikanum

ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR ER AÐ GEFA ÚT BÓK UM ÞRÍJA ÓTRÚLEGA MÁNUÐI Í LÍFI SÍNU ÞAR SEM HÚN FJALLAR UM ÁSTINA, KYNLÍFSÍKN OG GEÐHVÖRF.



28

Með rauða húfu og englahár

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON OG LOGI BERGMANN FÖRU YFIR MÁLEFNI MÁLEFNANNA, SVO SEM NEGRASTRÁKA OG JÓLAGJAFIR.



30-31

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. nóvember 2007 – 299. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR



Dylan hefur lélegan smekk

Hirðskáldið ekki eins smekkvíst og Bubbi.

FÓLK 58

Pegar Ameríka varð til

„Örstutt frásögn af eyðingu Indíalanda ætti að vera skyldueign allra þeirra sem láta sig fortíð mannkyns einhverju varða,“ skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16



Sá elsti í besta forminu

Keflvíkingar hafa unnið fimm fyrstu leiki sína í Iceland Express-deildinni í vetur.

ÍÞRÓTTIR 52


Hús&heimili

Danski hönnuðurinn Kasper Salto hannar Ice-húsgagnalínuna sem fæst í Epal. Hann var staddur hér á landi við opnun nýrrar hæðar í versluninni.

Í MIÐJU BLAÐSINS



VEÐRIÐ Í DAG



BJART AUSTAN TIL Í dag verða sunnan 8-15 m/s vestan til annars hægari. Dálítil rigning af og til á vestanverðu landinu. Hiti 2-9 stig, mildast suðvestanlands.

VEÐUR 4



VÍTISENGILL Á myndinni má sjá einn Vítisenglanna sem komu hingað til lands í gærðag á milli tveggja lögreglumanna sem handtöku hann. Maðurinn kom með vél frá Osló um fjögurleytið.

MYND/VÍSIK

Hópur Vítisengla var vistaður í Leifsstöð

Hópur Vítisengla frá Osló var handtekinn í Leifsstöð í gærðag við komuna hingað til lands. Þeir voru yfirheyrðir og síðan vistaðir í flugstöðinni undir strangri öryggisgæslu lögreglu í nótt. Sumir voru taldir dæmdir afbrotamenn.

LÖGREGLUMÁL Hópur félaga vélhjólasamtakanna Hell's Angels, eða Vítisengla, var vistaður í Leifsstöð í nótt undir strangri öryggisgæslu lögreglu. Vítisenglarnir voru handteknir við komuna til landsins í gær og yfirheyrðir. Til stóð að senda þá til síns heima í morgun. Rökstuddur grunur var um að að minnsta kosti einhverjir þeirra manna sem komu til landsins í gær hefðu hlotið dóma vegna afbrota í heimalandinu.

Tilgangur ferðar þeirra var að sitja afmælisfagnað vélhjóla-klúbbsins Fáfnis sem heldur upp á ellefu ára afmæli sitt í dag.

Gríðarlegur viðbúnaður var í

Leifsstöð í gærðag þegar fyrstu Vítisenglarnir voru væntanlegir. Tugir lögreglumanna voru við öllu búnir í Leifsstöð. Líðið var að mestu skipað sersveitarmönnum ríkislögreglustjóra af höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, svo og lögregluliði af Suðurnesjum, auk nemenda úr Lögregluskólanum.

Fyrstu Vítisenglarnir komu til landsins frá Osló um fjögurleytið í gær. Mennirnir voru handteknir við komuna.

Næsti hópur kom um hálfáttaleytið í gærkvöld, einnig frá Osló. Samtals voru þá sjö Vítisenglar komnir inn í Leifsstöð, þar sem þeir máttu dása í nótt. Þriðji hópurinn var talinn væntanlegur frá Kaupmannahöfn þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra fékk fyrir skömmu upplýsingar frá erlendum samstarfsaðilum um að til landsins væri stefnt fjöldi Vítisengla vegna afmælisveislu vélhjóla-klúbbsins Fáfnis. Dómsmálaráðherra ákvað í gær, að tillögu ríkislögreglustjóra, að taka upp tímabundið landamæraeftirlit á innri landamærum Schengen-svæðisins og stendur það fram á sunnudagskvöld.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur farið með yfirstjórn aðgerðanna.

- jss

Gæludýr ársins vestra:

Hetjudáðir verðlaunaðar

BANDARÍKIN, AP Hundurinn Toby og kötturinn Winnie voru í gær útnefnd „Gæludýr ársins“ af dýraverndarsamtökum Bandaríkjanna. Eigendur beggja dýra segja þau hafa bjargað lífi sínu.

Debbie Pakhurst frá Maryland var við að kafna eftir að eplabiti hrökk ofan í hana þegar hundurinn Toby, tveggja og hálf árs gamall golden retriever, stökk ofan á hana svo að bitinn hrökk upp úr henni.

Keesling-fjölskyldan var að sofna svefninum langa af kolmónoxídeitrun á heimili sínu í Indiana þegar kötturinn Winnie hvæsti og klóraði í höfuð húsmóðurinnar svo að hún rankaði við sér og gat hringt í neyðarlínum.

- aa

Hatton-Rockall-deilan:

Írsk málamiðlunartillaga

ÍRLAND, AP Írlandsstjórn hefur lagt fyrir íslensk, dönsk og bresk stjórnvöld málamiðlunartillögu í deilu landanna um réttinn til gas- og olfuleitar á Hatton-Rockall-svæðinu suður af Reykjanes-hrygg í Atlants-hafi.



DERMOT AHERN

Þjóðrættarleg deila landanna um landgrunnaréttindi á svæðinu hafa staðið yfir í fimm ár. Í kjölfar tveggja daga samningafundar í Kaupmannahöfn lögðu Vítisengla vegna afmælisveislu vélhjóla-klúbbsins Fáfnis. Dómsmálaráðherra ákvað í gær, að tillögu ríkislögreglustjóra, að taka upp tímabundið landamæraeftirlit á innri landamærum Schengen-svæðisins og stendur það fram á sunnudagskvöld.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur farið með yfirstjórn aðgerðanna.

- aa

Færri Íslendingar komust að en vildu á leiki helgarinnar í ensku knattspyrnunni:

Borguðu 40 þúsund á völlinn

FERDALÖG Áhugi íslenskra knattspyrnuáhugamanna á að komast á leiki helgarinnar í ensku knattspyrnunni var langt umfram það sem flugfélög og ferðaskrifstofur gátu annað.

Í London eigast við í dag topplíðin Arsenal og Manchester United og Íslendingaliðið West Ham tekur á móti Bolton á morgun.

„Það hafa lengi verið biðlistar í þessar ferðir,“ segir Helga

Eysteinsdóttir hjá Iceland Express, sem ekki vill gefa upp fjöldann sem fer á leiki helgarinnar á þeirra vegum.

Þórunn Bjarnadóttir hjá Úrval-Útsýn segir flesta af þeirra farþegum um þessa helgi hafa farið til að sjá leik West Ham gegn Bolton. Ferðaskrifstofan hafi einfaldlega mjög fáa miða á leiki stórliðanna. Sumir séu tilbúnir til að borga hátt verð fyrir aðgöngumiðana eina.

„Það eru um 30 sem fara frá okkur á Arsenal-leikinn og um 70 á leik West Ham. Við eigum tuttugu ársmiða sem alltaf eru uppseldir. Svo reynum við að fá aukamiða en þeir eru mjög dýrir. Dýrustu aukamiðarnir núna voru á milli 30 til 40 þúsund krónur stykkið. Það liggur við að það sé eins og heil ferð en sumir vilja borga fyrir þetta.“

- gar

ÚRVAL LJÓSAKRÓNA



Rafkaup

ARMULA 24 - SÍMI 585 2800 - RAFKAUP.IS

OPIÐ LAUGARDAG KL: 11-16

3G (ódyrari en Síminn)

Farsímalagerinn.is





Einar, ertu með skilríki?

„Að sjálfsögðu ekki, ég nota bara frikortíð frá Xu.“

Yfir hundrað frikort hafa verið gerð upptæk hjá Strætó bs. að sögn Einar Kristjánssonar, sviðsstjóra þjónustuvíðs fyrirtækisins. Fólk hefur jafnvel verið með kort frá fólk af gagnstæðu kyni og var í gær rammilenskur farþegi tekinn með námsmannakort merkt nafninu Xu.

Ljónheppinn Akureyringur: Milljónirnar millifærðar

FIJRMÁL Akureyringurinn sem vann rúmar 105 milljónir í Víkingalottóinu í byrjun október fékk vinninginn greiddan út síðasta miðvikudag. Fjárhæðin var millifærð á bankareikning hans. Enga skatta þarf að greiða af vinningnum, fyrir utan fjármagnstekjuskatt af vöxtum sem fjárhæðin ber.

Guðbjörg Hólm, þjónustufulltrúi hjá Íslenskrí getspá, segist sjálf hafa millifært upphæðina á reikning vinningshafans. Aðspurð hvort vinningshafinn hafi fengið fjármálaráðgjöf segist hún ekki vita það. Þau bendi fólk aðeins á hverjir geti ráðið þeim heilt varðandi fjármál en fylgist ekki með því hverjir taki boðinu. - sps

Spenna vegna konungskomu:

Sendiherrann kallaður heim

SPÁNN, AP Stjórnvöld í Marokkó staðfestu í gær að þau hefðu kallað sendiherra sinn í Madrid heim í mótmælaskyni við að spænsku konungshjónin ætla sér að fara í opinbera heim- sökn til bæjanna Ceuta og Melilla, sem eru spænskar hólmlendur á strönd Norður-Afríku sem Marokkóstjórn krefst yfirráða yfir.

Marokkóstjórn lýsti furðu sinni á hinni áformuðu konungskomu og sagðist vonast til að henni yrði aflýst. Síðasta heim- sökn Spánarkonungs til Ceuta og Melilla var árið 1927. Það var Alfons XIII, afi Jóhanns Karls, núverandi konungs, sem fór í þá ferð. - aa



JÓHANN KARL SPÁNARKONUNGUR

Vinstriflokkarnir í Danmörku virðast ekki vera að vinna á er tíu dagar eru til kosninga:

Fylgi stóru flokkanna mælist hnífjafnt

DANMÖRK Stóru flokkarnir tveir í Danmörku, hægriflokkurinn Venstre og Jafnaðarmannaflokkurinn, mælast með nánast hnífjafnt fylgi í skoðanakönnunum nú þegar tíu dagar eru til kosninga.

Í Gallup-könnun, sem niðurstöður voru birtar úr í Berlingske Tidende, er Jafnaðarmannaflokkurinn undir forystu Helle Thorning-Schmidt með rétt tæplega 25 prósentu fylgi en Venstre, undir forystu Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra, 25,7 prósent.

Venstre fékk 29 prósent atkvæða í síðustu kosningum árið 2005 svo að þetta þýðir yfir tveggja prósentu fylgistap. Talsmenn Venstre

telja það þó ekki sérstakt áhyggju-efni þar sem jafnaðarmenn virðast ekki vera að auka sitt fylgi og sam- anlagt fylgi vinstriflokkanna, að meðtöldum miðflokknum Radikale Venstre, myndi ekki skila þeim nema 79 þingsætum samtals. Útlit er fyrir að flokkurinn sem lengst er til vinstri í dönsku flokkaflokk- unni, Einingarlistinn, falli út af þingi þar sem hann nái ekki tveggja prósentu þröskuldinum. Alls 179 fulltrúar eiga sæti á danska þjóð- þinginu, þar af tveir frá Færeyjum og tveir frá Grænlandi.

Thorning-Schmidt og Fogh Rasmussen mættust í sjónvarps- kappreðum á TV2 fimmtudags-



KAPPRÆÐUR Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra og Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherraefni vinstriflokkanna, í sjónvarpsal TV2 á fimmtudagskvöld. Á milli þeirra stendur stjórnandinn, Jes Dorph. - aa

kvöld, en stjórnmálaskýrendur eru ekki á einu máli um hvort hafi haft betur. Stjórnandi kappreðanna,

Jes Dorph, var gagnrýndur fyrir að hafa ítrekað tekið orðið af Thorning-Schmidt. - aa

Miltisbrandssýkt hræ vöktuð í læstum gámi

Eiturefnakafarar fjarlægðu miltisbrandssýkt kúahræ af lóð í Garðabæ í gær. Þau eru vöktuð í læstum og vatnspéttum skipagámi því ekki var hægt að brenna þau. Bæjaryfirvöld vissu að sýktar kúr hefðu verið urðaðar á landinu.

HEILBRIGÐISMÁL Eiturefnakafarar slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðir að Hraunsholti í Garðabæ í gær til að fjarlægja tvö miltisbrandssýkt kúahræ. Hræin voru fjarlægð og eru nú geymd í vatnspéttum og vöktuðum skipagámi. Grafa kom niður á tvö dýra- hræ við framkvæmdir á lóðinni á fimmtudagskvöld, og var yfir- dýralækni gert viðvart. Grunur lék á að hræin væru af kúm sem drápu úr miltisbrandi árið 1941. Þá var grafið aftur yfir þau og ákveðið að fjarlægja þau morgun- inn eftir með aðstoð slökkviliðs.

Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir staðfestir að um sýkt hræ hafi verið að ræða. Þau voru fjarlægð og flutt til Keflavíkur þar sem átti að brenna þau í sorpbrennslu Suðurnesja, en hætta þurfti við það vegna þess að starfsfólk brennslunnar treysti sér ekki til þess.

Í staðinn var hræjunum komið fyrir í vöktuðum og vatnspéttum skipagámi þar til önnur lausn myndist á málinu. Aðspurður vill Gunnar ekki gefa upp hvaða fyrirtæki sjái um vöktun gámsins, né hvar gámurinn sé. „Við teljum að við séum búnir að hreinsa svæðið í Hraunsholti þannig að engum stafi hætta af.“

Vitað var að hræ miltisbrands- sýktra kúa voru grafin á þessu svæði. Á bæjarstjórnarfundi í Garðabæ hinn 12. desember 2005 lagði Sigurður Björgvinsson bæjar- fulltrúi fram fyrirspurn um hvaða ráðstafanir bæjaryfirvöld hygðust gera í ljósi þess að skepnur sem sýktar voru af miltisbrandi



HREINSAÐ VEL Eiturefnakafarar slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu unnu við að hreinsa landið þar sem hræin fundust í gær. Engum á landinu stafar hætta af miltis- brandi lengur, segir héraðsdýralæknir. - aa

SMITUÐUST VEGNA JARÐRASKS BRETA

Gunnar Örn Gunnarsson héraðs- dýralæknir segist telja að kúrnar sem fundust í gær hafi smitast af miltisbrandi vegna jarðrasks breskra hermanna á svæðinu árið 1941.

BRÁÐUR OG BANVÆNN SJÚKDÓMUR

Miltisbrandur er bráður og oftast banvænn bakteríusjúkdómur sem leggst aðallega á grasbita en getur smitast í menn. Gró bakteríunnar geta lifað áratugum saman í jarð- vegi, og er því alvarlegt vandamál í búfjárrækt. Algengast er að menn smitist með því að handleika sýkt

hefðu verið urðaðar á landinu.

Gunnar Einarsson bæjarstjóri segir að í kjölfar fyrirspurnarinnar hafi verið útbúin viðbragðsáætlan um hvað skyldi gera þegar og ef hræin kæmu í ljós. Málið hafi verið

„þeir voru með loftvarnarbyrgi á þessum stað, og voru að róta í land- inu vegna þess. Það hefur líklega gert það að verkum að sjúkdómur- inn fór úr jörðinni og í kúrnar.“

dýr með rispur eða sár á hönd- unum, þannig að sýkillinn komist inn í gegnum sárið. Við slíkt smit leiðir sjúkdómurinn til dauða í tíu til tuttugu prósentum tilvika ef hann er ekki meðhöndlaður. Sjúkdómurinn smitast ekki manna á milli.

kynt lóðareigendum og verktök- um sagt hvað gera skyldi ef hræin myndust. „Við settum þessa áætlun í gang um leið og við fengum til- kynninguna,“ segir Gunnar Einarsson. - aa

Flíspeysumálið á Hólmavík: Hafna peysum en vilja árshátíð og jólagjafir

SVEITARSTJÓRNIR Starfsmenn Grunnskólans á Hólmavík þiggja ekki 1.500 króna styrk úr sveitarsjóði Strandabyggðar til að kaupa flíspeysur vegna skilyrða sveitarstjórnar um að peysurnar verði merktar skólanum.

„Þá er einnig gefin sem skýring að sveitarstjórn var ekki sammála við afgreiðslu málsins sem sýni vilja og viðhorf sveitarstjórnar gagnvart starfs- mönnum, hræðslu sveitarstjórnar við almenningsumræðuna, skort á starfsmannastefnu og þakklæti til starfsmanna sem mætti koma fram í jólakortum, jólagjöfum og að árshátíð sé haldin fyrir starfsmenn með pomp og prakt,“ segir í fundargerð sveitarstjórn- ar. - gar



MERKI GRUNN- SKÓLANS Starfsfólk vill ekki merktar peysur.

REYKJARVÍKURBORG

Fristundakort til 7.100 barna

Foreldrar 7.100 barna og unglíngja í Reykjavík hafa sótt um fristundakortið og ráðstafað styrknum til félaga sem voru búin að skrá sig hjá borginni samkvæmt Vísí. Eru það um 60 pró- sent af þeim fjölda sem gert var ráð fyrir að myndi nýta sér fristundakortið í fyrsta áfanga.

NORÐVESTURLAND

Skilningsríkir en ráðalausir

Þingmenn Norðvesturkjördæmis hafa mikinn skilning á vanda sveitarfélaga en hafa minna af úrræðum þeim til handa. Þetta kemur fram í fundar- gerð sveitarstjórnar Strandabyggðar þar sem fundi þingmannanna með fulltrúum sveitarstjórna kjördæmisins eru gerð skil. - aa

Lögregla rannsakar óútskýrt tækjahvarf í Smáraskóla fyrir bæjarráð Kópavogs:

Græjur á 650 þúsund horfnar

LÖGREGLUMÁL Dularfullt hvarf á hljómflytningstækj- um, hljódfæri og myndavél í Smáraskóla hefur verið vísað til lögreglu.

Í kjölfar erindis fræðslustjóra Kópavogs sam- þykkti bæjarráðið á fimmtudag að leita liðsinnis lögreglu í málinu þar sem eftirgrennslan bæjar- starfsmanna hafði engan árangur borið. Ekki fékkst aðgangur að greinargerð fræðslustjórans um málið þar sem Þórður Þórðarson bæjarlögmaður telur hana undanþegna upplýsingarétti sem hluti opin- berrar rannsóknar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um að ræða tækjabúnað sem keyptur var til skólans á allra síðustu árum og er um 650 þúsund krónur að verðmæti. Hvarf þeirra kom í ljós þegar farið var yfir vörukaup í grunnskólum bæjarins. Ástæða þótti þá til að gera frekari fyrirspurn um Smáraskóla. Fullvíst mun vera að tækin hafi komið í skólann en enginn segist vita hvenær eða hvernig þau hurfu.

Þór Jónsson, upplýsingafultrúi Kópavogsbæj- ar, segir að málið hafi verið sent til lögreglu í gær. Á meðan það sé til rannsóknar verði ekkert um það sagt af hálfu bæjaryfirvalda.



SMÁRASKÓLI Hljómflytningstæki og myndavél fyrir 650 þús- und krónur eru horfin úr Smáraskóla. - aa

Skólastjórnarskipi urðu í Smáraskóla í haust og munu hvorki nýi skólastjórnir né forveri hans hafa getað útskýrt hvað varð af tækjunum. Fréttablaðið náði í hvorugan skólastjórnar síðdegis í gær. - gar

Ljóðaupplestur

Kristín Svava Tómasdóttir les upp úr bók sinni **Blótgælur, við gítarleik Ásgeirs Sigurgeirssonar**, kl. 15 í dag.



– opið til kl. 22.00 öll kvöld

BOKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 1B



Spennandi
tískusýningar um
helgina frá:

- Smash
- Debenhams
- Hagkaup
- Exit
- Zara
- 66 Norður
- Joe Boxer
- Benetton
- Zink
- Adams



Katla

PIPARKÖKU- HÚSALEIKUR Í SMÁRALIND

Bakaradrengir Kötlú,
þeir Örn Árnason og
Björgvin Frans, hefja
piparkökuhúsaleikinn
í dag laugardag.

Taktu þátt og húsið
þitt gæti unnið!

KRAKKADAGAR

Opið 11 - 18 í dag!

Við höldum Krakkadaga í Smáralind 1.- 4. nóvember. Verðslanir Smáralindar eru trúðfullar af glænýjum jólafötum á krakka á öllum aldri. Bæði laugardag og sunnudag kl. 14 í göngugötunni verður skemmtileg krakkadagskrá sem enginn má láta framhjá sér fara.

Ekki missa af Krakkadögum í Smáralind
- fjör fyrir alla fjölskylduna!



MUGISON kíkir í heimsókn
í Eymundsson kl. 15.00
með gítarinn sinn
og tekur nokkur lög

KARÓKÍKEPPNI EXIT Í DAG!

Skráning hefst kl. 16 fyrir
utan EXIT. Hara systur dæma
og allir þátttakendur fá
nammiglaðning

EXIT

DAGSKRÁ Á KRAKKADÖGUM KL. 14 - 16 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Piparkökukallarnir koma fram
Bjarni Töframaður
Tískusýning

Dansatriði
Söngskóli Maríu Bjarkar
Hara systur



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	58,85 59,13
Sterlingspund	122,51 123,11
Evra	85,13 85,61
Dönsk króna	11,420 11,486
Norsk króna	10,844 10,908
Sænsk króna	9,193 9,247
Japanskt jen	0,5123 0,5153
<hr/>	
SDR	92,54 93,10

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,6952
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rægði tengdasoninn:
Ákærður fyrir mannorðsmorð

SVÍPJÓÐ, AP Sænskur maður, sem ranglega bendlaði tengdason sinn við al-Kaída í tölvu-póstskeyti til bandarískra yfirvalda, hefur verið ákærður fyrir mannorðsmorð. Frá þessu var greint í Svðsvenska Dagbladet í gær.

Skeytið varð til þess að þegar tengdasonurinn fór í viðskiptaferð til Bandaríkjanna fékk hann ekki að koma inn í landið og var sendur beint aftur til Svíþjóðar. Tengdafaðirinn viðurkenndi að hafa sent skeytið eftir að það var rakið til heimátölvu hans. Hann er sagður hafa tjáð lögreglu að hann hafi sent skeytið í reiðikasti eftir rifrildi við tengdasoninn, sem var að skilja við dóttur hans. - aa

LÖGREGLUFRÉTTIR

Föstudagskvöldi þjófstartað
Mikill erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt föstudags. Sextán voru látnir sitja fangageymslur yfir nóttina, meðal annars fyrir fíkniefnabrot og ölvun á almannaferi. Varðstjóri sagði engu líkara en að föstudagurinn hefði komið degi of snemma.

Fíkniefnaakstur á Selfossi
Maður var stöðvaður undir áhrifum fíkniefna við akstur á Selfossi á fimmtudagskvöld. Leitað var í bíl hans og á heimili en ekkert fannst. Á manninum sjálfum fannst hins vegar smávægilegt magn kannabísefna.

Beltin bjarga
Tveir bílar rákust saman á Skagaströnd á hádegi á fimmtudag. Enginn slasaðist. Rúmri klukkustund síðar valt bíll við gatnamót Þverárjallsvegur og Skagastrandarvegur, en þar urðu heldur engin slys á fólki. Að sögn varðstjóra hjá lögreglu voru allir sem lentu í óhöppunum með beltin spennit.

Vegagerðin hætt við útboð í gerð Gjábackavegar vegna mistaka sveitarstjórnar:

Vonar að önnur leið verði fundin

SKIPULAGSMÁL „Það er geinilegt að sveitarstjórnin hefur sótt þetta mál af meira kappi en forsjá,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, um ákvörðun Vegagerðarinnar að hætta við útboð á lagningu Gjábackavegar, eða Lyngdalsheiðarvegur eins hann er nefndur hjá Vegagerðinni, en hann á að liggja milli Þingvallar og Laugarvatns.

Veginum hefur mikið verið mótmælt meðal annars vegna ótta að hann kunni að skaða lífríki Þingvallavatns. Úrskurðir Skipulagsstofnunar voru kærðir til umhverfisráðherra en í maí úrskurðaði Jónína Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra, að úrskurður

Skipulagsstofnunar skyldi standa og ákváðu fulltrúar Vegagerðarinnar að útboð yrði auglýst í haust. Nú hefur það verið dregið til baka þar sem misfarist hafði hjá sveitarstjórn Bláskógabyggðar að gera breytingar á aðalskipulagi, auglýsa þær og þær með gefa almenningi kost á að gera athugasemdir. Talið er að hálf tveggja ára ferlið þar til Vegagerðin getur aftur auglýst útboð. Segist Árni vona að menn noti þann tíma til að endurskoða lagningu vegarinnar og finna aðra leið þar sem hún valdi minni skaða.

Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi Bláskógabyggðar, segir vegarkafninn sem láðist að setja inn á nýtt aðalskipulag þó vera



ÞINGVELLIR Miklar deilur hafa verið um lagningu Gjábackavegar.

nálægt Laugarvatni, eða frá þeim kafla sem liggur að Þjóðgarðinum og deilt hefur verið um. Hann eigi ekki von á að gerðar verði breytingar á veginum við Þingvelli. - kdk

Átökin á Sri Lanka:

Einn leiðtoga Tamíla felldur

SRI LANKA, AP Einn helsti leiðtogi tamílsku Tigranna á Srí Lanka, S.P. Tamilselvan, féll í gærmorgun í loftárás stjórnarhersins á fundarstað, þar sem leiðtogar Tigranna voru saman komnir.

Tamilselvan var leiðtogi hins pólitíska vængs uppreisnarhópsins, en í árásinni féllu einnig fimm aðrir af leiðtogum skæruháttanna. Frá þessu var skýrt á vefsíðu Tamíltigranna í gær.

Tamilselvan var helsti tengiliður Tigranna við umheiminn, hitti meðal annars norska og íslenska friðargæsluliða og ræddi oft við blaðamenn. - gb

Ekki bundin af ákvörðunum

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fellst á ákvörðun borgarráðs og samþykkir ekki sameiningu REI og GGE. Ef annar aðilinn hefur rangar forsendur í samningagerð hafa samningar ekki gildi, segir stjórnarformaðurinn.

ORKUMÁL Samruna Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy var hafnað á stjórnarfundum Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í gær. Bryndís Hlökkversdóttir, stjórnarformaður OR, segir að fallið hafi verið frá öllum samþykktum frá stjórnar- og eigendafundi frá 3. október. Nýr eigendafundur hefur verið boðaður.

„Við teljum eftir að hafa skoðað alla þætti að það leiki það mikill vafi á þessu að við séum ekki bundin af þessum ákvörðunum,“ segir Bryndís. „Við tökum þessa ákvörðun að mjög vel grunduðu máli, ekki síst lögfræðilega séð.“

Spurð um þann lagagrundvöll sem byggir er á þegar samningunum er hafnað segir Bryndís að það sé almenn regla í samningarétti að ef annar aðilinn hafi ekki réttar forsendur fyrir því sem samið er um geti sú staða komið upp að samningurinn hafi ekki gildi.

Fram undan er að finna útrás OR farveg á nýjum grunni, segir Bryndís. Stjórn OR fól henni að ræða við aðra hluthafa í Reykjavík Energy Invest (REI) og forsvarsmenn Geysis Green Energy (GGE) um framhaldið.

„Nú er komið að þeim punkti að fólk setjist niður og sjái hvort hagsmunir liggja saman einhvers staðar, og hvort menn hafi áhuga á að vinna á nýjum grunni að framgangi þeirra,“ segir Bryndís.

„Þetta er eitthvað sem er of snemmt að spá fyrir um, við sjáum ekki fyrir alla leiki. Samrunanum hefur verið hafnað. Það er sá punktur sem við erum á núna. Okkar hlutverk er að vinna okkur áfram frá þeim punkti.“

Hannes Smárason, stjórnarformaður GGE, sagði í Fréttablaðinu í gær að fyrirtækið líti



STJÓRNARFUNDUR Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fundaði í höfuðstöðvum Orkuveitunnar í gær. Þar staðfesti stjórnin ákvörðun borgarráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

REI KNA MEÐ AÐ TILBOÐ UM KAUP STANÐI

Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) reikna með því að tilboð til starfsmanna um að kaupa hlut í Reykjavík Energy Invest (REI) fyrir allt að 300 þúsund krónur hver standi, þrátt fyrir að sameining REI og Geysis Green Energy sé í uppnámi.

Alda Kristín Sigurðardóttir, formaður starfsmannafélags OR, segir að ákveðið hafi verið að veita starfsmönnum rétt til að kaupa í félaginu

áður en sameiningin kom til, og því sé reiknað með því að það standi.

Alda vildi ekki gefa upp hvenær starfsmenn þurfi að greiða fyrir hlut sinn, en það verði fyrir áramót.

Aðspurð segir hún andann í OR ekki hafa liðið fyrir umræðu undanfarinna daga. „Ég held hún hafi þjappað starfsmönnum betur saman, þeir hafi staðið með sínu fyrirtæki og stutt það.“

svo á að samningar hafi náðst og þeir séu í gildi nema samið verði um annað eða þeim hnekkir fyrir dómi.

„Um lögfræðileg atriði geta menn deilt. Samrunasamningurinn er viljayfirlýsing um tiltekinn samruna sem á sér stað í ákveðnu ferli og tekur tíma. Það eru formsatriði sem þarf að gæta að. Ég lít svo á að þessu ferli hafi ekki verið lokið,“ segir Bryndís.

Þá segir hún mörg rök hníga að því að ákvarðanir hafi oft á tíðum verið teknar á hæppnum forsendum.

Bryndís segist ekki óttast að forsvarsmenn GGE eða aðrir hluthafar í REI krefjst skaðabóta vegna þess að samruni fyrirtækjanna nái ekki fram að ganga. Fyrst og fremst sé verið að tryggja hagsmunum OR.

Spurð um samninga REI

Dómsmáli Svandísar frestað:
NIÐURFELLING KEMUR TIL GREINA



RAGNAR H. HALL

Dómsmáli sem Svandís Svavarsdóttir höfðaði gegn Orkuveitu Reykjavíkur til að freista þess að fá eigendafund frá 3. október dæmdan ólöglegan

hefur verið frestað að beiðni lögmanns Svandísar.

Málflutningur átti að vera í málinu á mánudag, en Ragnar H. Hall, lögmaður Svandísar, staðfestir að aðilar hafi orðið ásáttir um að fresta mállutningi um tveir vikur.

„Það er verið að boða til fundar til að taka ákvarðanir um ýmsa þá hluti sem málshöfðunin snýst um. Þá fannst mér ekki vera þókrétt að hafa mállutning um þessi atriði fyrr en séð verður hvornig þeim reiðir af. Það gæti leitt til þess að málið verði á endanum fellt niður,“ segir Ragnar. - bj

erlendis segir Bryndís að fyrirtækið geti tekið ákvarðanir og staðið við samninga þrátt fyrir að samruninn gangi ekki eftir. Þó hafi stjórnin beint því til stjórnar REI að ekki verði teknar nýjar ákvarðanir á grundvelli ákvarðana sem teknar voru á umdeildum eigendafundi 3. október nema með samþykki stjórnar OR.

brjann@frettabladid.is

Hátíðarmatur Íslendinga

690,-
Hangikjöt með kartöflum, uppstúf, rauðkálí og grænum baunum

© Inter IKEA Systems B.V. 2007

IKEA FOOD

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

» mánudagur

8-13 m/s syðst annars 3-8 m/s

Kaupmannahöfn	12°C skúrir	London	15°C léttskýjað	Friedrichshafen	16°C léttskýjað
Billund	12°C skúrir	Paris	15°C alskýjað	Lúxemborg	12°C léttskýjað
Oslo	9°C léttskýjað	Amsterdam	15°C alskýjað	Alicante	21°C léttskýjað
Stokkhólmur	7°C skúrir	Frankfurt	15°C skúrir	Róm	19°C hálfskýjað
Gautaborg	12°C hálfskýjað	Berlin	14°C skúrir	Las Palmas	25°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Jólin nálgast...

Hafðu það notalegt í skammdeginu!



Amerísku jólatrén
20% afsláttur



20% afsláttur
af öllum kertum



Ljósaseriur
-hvergi meira úrval!



Föndraðu þín
persónulegu jólakort

TILBOÐ



Nóvemberkaktus
með potti **590kr**

TILBOÐ



Sýprus með potti
80 cm
til
100 cm **2.900kr**



heimur skemmtilegra hluta og hugmynda
Stekjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is



KJÖRKASSINN



Telur þú að verðsamráð viðgangist milli matvöruverslana?

Já 82%

Nei 18%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var rétt af borgarráði að hafna samruna Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy?

Segðu skoðun þína á vísir

Þrír ráðherrar gagnrýna þá ákvörðun Seðlabankans að hækka stýrivexti:

Hækkun stýrivaxta óheppileg

ALÞINGI Ákvörðun Seðlabankans um að hækka stýrivexti um 0,45 prósent er ekki heppileg, og getur gert sammingsaðilum erfiðara fyrir að ná saman í komandi kjarasamningum. Þetta sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í umræðum á Alþingi í gær.

Geir sagði ákvörðun Seðlabankans frá því á fimmtudag hafa komið á óvart, en bankinn hefði sjálfstæðar heimildir til að beita þessari aðferð þegar honum þætti ástæða til.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði að ekki yrði betur séð en að forsvarsmenn Seðlabankans væru með augun á baksýn-

isspeglinum þegar þeir færðu rök fyrir hækkuninni. Réttara hefði verið að horfa fram á veginn.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sagði rangt í rökstuðningi Seðlabankans að framkvæmdir ríkisins væru að aukast umfram það sem fyrirsjáanlegt hefði verið. Bankinn hefði átt að geta séð auknar framkvæmdir vegna mótvægisadgerða og samgöngumála fyrir.

Stjórnarandstæðingur kom hækkun stýrivaxta ekki á óvart. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, kallaði eftir afstöðu stjórnvalda: „Má búast við því áfram að við horfum á það ástand að Seðlabankinn botnstígi brems-



STÝRIVEXTIR „Ég tel [...] að þessi ákvörðun sé ekki heppileg inn í það sem fram undan er, sérstaklega í kjaramálum á næstunni,“ sagði Geir H. Haarde á Alþingi í gær.

urnar en ríkisstjórnin sé á bensín-gjöfinni?“

SI um hækkun stýrivaxta:
Hvetur til flóttu fyrirtækjanna

VINNUMARKAÐUR Samtök iðnaðarins gagnrýna bankastjórn Seðlabanka Íslands harðlega fyrir vaxtahækkunina sem tilkynnt var fyrir helgi og telja hana misráðna.

„Hækkunin ýtir undir flóttu fyrirtækja frá háum vöxtum, sterku og óstöðugu gengi. Vaxtahækkunin mun enn auka umsvif erlendra spákaupmanna sem hafa fært mikið fé inn í hagkerfið, þó ekki til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri heldur til að hirta auðfenginn vaxtamun. Þeir geta horfið án fyrirvara,“ segir í grein á vef Samtaka iðnaðarins.

- ghs

Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja

TOYO

Harðskeljadekk

Minna svifryk
Mjög hljóðlát
Frábær ending

Miklu meira
GRIP...

561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

Tangarhófa 8-12 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

Bilabúð
Benna

Græna ljósið á DVD

GOING TO PIE
ZOO
GOING TO PIE
FOR YOUR CONSID
COCAINE COWE
THE BRIDGE
HALLAM FO

Eymundsson
Bóksali frá 1872

TÓNLEIKAR Á
ALLRA HEILAGRA MESSU
4. NÓVEMBER 2007 KL. 17.00
Í HALLGRÍMSKIRKJU

Requiem
eftir
Gabriel Fauré

Requiem
eftir
Ildibrando Pizzetti

Marta Guðrún Halldórsdóttir SÓPRAN
Benedikt Ingólfsson BARITÓN
Mótettukór Hallgrímskirkju
Elísabet Waage HARPA
Björn Steinar Sólbergsson ORGEL
STJÓRNANDI: Hörður Áskelsson

MÍÐASALA Í HALLGRÍMSKIRKJU
VERÐ: 2.000/1.500 KR.

Kveikja í sameignum húsa í hefndarskyni

Formaður Húseigendafélagsins segir erindi frá forsvarsmönnum húsfélaga tíð vegna brota eigenda og íbúa. Hann segir íbúðir verða miðstöðvar ofbeldis- manna og ógæfufólks sem svífst einskis. Íbúar oft of hræddir til að kvarta.

SAMFÉLAGSMÁL „Reglulega berast okkur erindi frá forsvarsmönnum húsfélaga vegna alvarlegra brota eigenda og íbúa í fjölbýlishúsum. Um er að ræða dópgreni þar sem eiturylf, brennivín og ofbeldis- hneigð mynda háskalega blöndu og skapa neyðarástand,“ segir Sigurður Helgi Guðjónsson, hæstaráttarlögmaður og formaður Húseigendafélagsins. Sigurður segir að umvöndunum nágranna sé ídulega svarað með hótunum og ofbeldi. „Dæmi er um að kveikt hafi verið í sameign í hefndarskyni.“

Sigurður segir mál sem berast Húseigendafélaginu vissulega misalvarleg. „Málin byrja gjarnan sem fyrirsagnir um réttarstöðu, ýmist í síma eða í viðtölum hjá okkur við starfsmenn og lög- menn. Síðan er spurt um úrræði. Okkar aðkoma er fyrst að svara munnlegum fyrirsprungum, síðan að aðstoða við bréfaskriftir og húsfundi.“

Aðspurður hver réttarstaða íbúa í fjölbýlishúsum sé segir Sigurður að í 55. grein laga um fjöl- eignarhús séu mjög afgerandi úrræði þegar um gróf eða ítrekuð brot eigenda eða annarra íbúa er að ræða. „Lögin segja að ef hinn brotlegi lætur ekki segjast við aðvörun geti húsfélagið bannað búsetu og dvöl hans í húsinu. Hægt er að gera viðkomandi að flytja og jafnvel selja íbúðina. Afleiðingar þessarar hegðunar geta því verið mjög alvarlegar fyrir viðkomandi.“

Sigurður segir jafnframt að gæta þurfi að því að rétt sé að málum staðið og lögfræðileg



FJÖLBÝLISHÚS Erindi sem berast Húseigendafélaginu sýna að aðstæður fólks eru oft martraðarkenndar vegna alvarlegra brota. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SIGURÐUR HELGI GUÐJÓNSSON
Formaður Húseigendafélagsins.

Um er að ræða dópgreni þar sem eiturylf, brennivín og ofbeldis- hneigð mynda háskalega blöndu og skapa neyð- arástand.

SIGURÐUR HELGI GUÐJÓNSSON
FORMAÐUR HÚSEIGENDAFÉLAGSINS

aðstoð sé æskileg til að koma í veg fyrir afdrifaríkar veitur í málalil- búnaðinum á síðari stigum máls- ins.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að lögreglan á höfuðborgar- svæðinu telur ekki ofáætlað að tuttugu hús og íbúðir á höfuðborgar- svæðinu séu undir stöðugu eft-

irliti vegna alvarlegra brota, flest tengd mikilli fíkniefnaneyslu. Geir Jón Þórisson yfirlöggreglu- þjónn lýsti ástandinu svo að fólki væri haldið í gíslingu þessa vanda sem engum væri bjóðandi.

Sigurður segir erindi sem bor- ist hafa félaginu beri þess vitni að aðstæður fólks eru á stundum martraðarkenndar. „Líf íbúanna umturnast. Hávaði daga og nætur og ráp af drukknun og döpudugu fólki. Umgengi er herfileg og skemmd- arverk daglegt brauð. Dæmi eru um sífelldar uppákomur; slags- mál, húsleitir löggreglu vegna fíkniefna og þýfis. Notaðar spraut- ur liggja líka í sameignum og á leiksvæðum barna,“ segir Sigurður.

svavar@frettabladid.is

Harður árekstur varð á Suðurlandsvegi við bæjarmörk Selfoss:

Mikið slasaður eftir árekstur

LÖGREGLUMÁL Ökumaður fólksbíls liggur mikið slasaður á Landspítalanum eftir harðan árekstur á Selfossi í gærmorgun. Slysíð varð á Suðurlandsvegi til móts við Hrísmýri. Ökumaður fólksbíls hugðist beygja til vinstri af veginum þegar vörubíl var ekið aftan á hann. Fólksbíllinn kastaðist yfir á öfugan vegarhelming og lenti framan á sendiferðabíl. Ökumaður fólksbílsins var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild Landspítalans. Ekki fengust nánari upplýsingar um líðan hans áður en blaðið fór í prentun í gærkvöld.

Ökumenn sendiferðabílsins og vörubílsins voru sendir til athugunar á sjúkrahúsið á Selfossi en samkvæmt lögreglu voru meidsl þeirra ekki talin alvar- leg.

Fólksbíllinn gjöreyðilagðist við áreksturinn og sendiferðabíllinn skemmdist einnig mikið. Þá voru fjórir fluttir á slysadeild Landspítalans eftir árekstur á mótum Miklubrautar og Grensás- vegar um þrjúleitið í gær. Meidsl fólksins voru ekki talin alvarleg.

Nokkrar tafir urðu á umferð um gatnamótin en kalla þurfti út kranabíla til að fjarlægja bílana. - kdk



HARÐUR ÁREKSTUR Slysíð varð á Suðurlandsvegi, nálægt bæjarmörkum Selfoss. Þar hafði ökumaður fólksbíls ætlað að beygja til vinstri af veginum, ökumaður vörubíls ók þá aftan á bíl hans. Fólksbíllinn kastaðist yfir á öfugan vegarhelming og lenti framan á sendiferðabíl.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Frumssýnum nýjan og glæsilegan
Audi A6 allroad quattro



WITTA HUBER / SIA - 07-1885

Frumssýnum á laugardaginn nýjasta bílinn frá Audi, A6 allroad, bíl sem setur ný viðmið í flokki lúxusbíla. Síteingt quattro aldrif, hæðarstillanleg loftþrúðafjöðrun og geysiöflug TDI° dísilvél eða FSI° bensínvél gera aksturinn að hreinni unun.

Úrval glæsibíla frá Audi í sýningarsal okkar á sérstökum kjörum.

Opið laugardag kl. 10 til 14.



Audi

Þau voru ljós á leiðum okkar

Á allra heilagra messu, sunnudaginn 4. nóvember, er boðið til tónlistardagskrár í Fossvogskirkju kl. 14-16

Fram koma:

Drengjakór Reykjavíkur og Kór Hjallakirkju
Ragnheiður Gröndal
Guðný Einarsdóttir, orgel og Diljá Sigursveinsdóttir, fiðla

Leiðsögn um garðana frá kl. 14-17
Friðarkerti Hjálparstarfs kirkjunnar til sölu

Reykjavíkprófastsdæmin og Kirkjugarðar prófastsdæmanna

Getur Ísland orðið miðstöð fyrir alþjóðlegan lífeyrissjóðarekstur?

Fjármálaráðuneytið boðar í samstarfi við Landssamtök lífeyrissjóða og Samtök fjármálafyrirtækja til morgunverðarfundar

Nordica Hotel miðvikudaginn 7. nóvember 2007 kl. 8:30-10:00



Inngangur

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins



Í hverju liggur styrkur íslenska lífeyrissjóðakerfisins í alþjóðlegum samanburði?

Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna



Nýsamþykkt lög til innleiðingar á Evróputilskipun um starfstengda eftirlaunasjóði

Ingvi Már Pálsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu



Starfræksla alþjóðlegra lífeyrissjóða á Íslandi, talsýn eða tækifæri?

Marinó Örn Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar fagfjórfa hjá Kaupþingi



Fundarstjóri

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða

Skráningargjald kr. 1.450 greiðist við innganginn, morgunverður innifalinn. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 545 9200 eða í netfang afgang@fjr.stjr.is f. h. þriðjudaginn 6. nóvember



VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Sjávarútvegsráðherra bendir á árangur aðgerða á ráðstefnu um ólöglegar veiðar:

Engar sjóræningjaveiðar á karfa

SJÁVARÚTVEGSMÁL Engin ólögleg skip hafa stundað veiðar á úthafskarfa á Reykjanesrygg á þessu ári. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra þakkar þetta samstarfi þjóða sem hagsmuna hafa að gæta vegna veiða svokallaðra sjóræningjaskipa. Er það í fyrsta skipti í fjölda ára sem engin slík skip taka þátt í karfaveiðunum.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra tók á mánudag þátt í ráðstefnu um aðgerðir gegn ólöglegum fiskveiðum. Það voru Evrópusambandið (ESB) og stjórnvöld í Portúgal, sem fara nú með forsæti í ESB, sem buðu til ráðstefnunnar og fór hún fram í Lissabon. Alls

voru á ráðstefnunni fulltrúar vel á fjórða tug ríkja og fóru sjávarútvegsráðherrar viðkomandi landa fyrir meirihluta sendinefndanna.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur nýlega lagt fram tillögu um aðgerðir sambandsins gegn ólöglegum fiskveiðum. Þannig stendur til að hindra að afurðir ólöglegra veiða komist á markaði innan ESB, án þess að hafa neikvæð áhrif á verslun með löglegar afurðir.

Rakti Einar það starf sem unnið hefur verið, ekki síst innan Norð-austur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar og benti á samstarf um eftirlit á hafi, bann við því að skip komi til hafna í aðildarríkjunum og aukið



STUGGAB VÍÐ SJÓRÆNINGJA Landhelgisgæslan hefur haft afskipti af fjölda togara á Reykjanesrygg vegna ólöglegra úthafskarfaveiða.

MYND/LHG

eftirlit með löndun frystra afurða úr erlendum skipum.

- shá

Bandaríkin aðstoða Tyrki gegn Kúrdum

Condoleezza Rice lofar tyrkneskum ráðamönnum aðstoð við að berjast niður uppreisn Kúrda. Hún sagði að Bandaríkjunum stafaði ekki síður en Tyrklandi hætta af Kúrdum. Tyrkir vænta mikils af Bandaríkjunum.

TYRKLAND, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjana, segir að Bandaríkin muni leggja meira af mörkum til að aðstoða Tyrki við að berjast niður uppreisnarkúrda Kúrda, sem hafa bækistöðvar í norðanverðu Írak en stunda skærhernað í Tyrklandi.

„Við lítum á þetta sem sameiginlega ógn, sem ekki aðeins varðar Tyrkland heldur einnig Bandaríkin,“ sagði Rice á blaðamannafundi með Ali Babacan, utanríkisráðherra Tyrklands, í Ankara. „Þessu þarf að bregðast við með þrautseigju og af ábyrgð. Þetta er mjög erfitt vandamál.“

Rice kom til Tyrklands í gær og átti viðræður við Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra og Babacan utanríkisráðherra. Á mánudaginn ætlar Erdogan til Washington að ræða við George W. Bush forseta.

Bandarísk stjórnvöld hafa haft áhyggjur af því að innrás Tyrkja inn í Írak til að stöðva uppreisnarsveitir Kúrda stofni í hættu stöðugleikanum sem ríkt hefur í norðanverðu Írak, landi sem að öðru leyti logar í átökum.

Enn fremur óttast Bandaríkjamenn að hernaður Tyrkja geti orðið öðrum löndum fyrirmynd, þar á meðal Írönnum sem einnig eiga við uppreisnarsveitir Kúrda að stríða.

Tyrkir hafa hins vegar sagst staðráðnir í að hefja árásir ef Bandaríkjamenn grípa ekki til ákveðinna aðgerða gegn Kúrdum.



Á VAKT Tyrkneskur brynvagnur ekur hjá nemum á leið til skóla í Sirmak-héraði í SA-Tyrklandi, næst landamærunum að Írak í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við lítum á þetta sem sameiginlega ógn, sem ekki aðeins varðar Tyrkland heldur einnig Bandaríkin.“

CONDOLEEZZA RICE
UTANRÍKISRÁÐHERRA BANDARÍKJANNA

„Við væntum okkur mikils af Bandaríkjunum,“ sagði Babacan. „Nú er svo komið að orð duga ekki lengur og þörf er fyrir aðgerðir.“

Rice segir að Bandaríkin ætli meðal annars að veita Tyrkjum meiri aðgang að upplýsingum og

viðræður séu hafnar við ráðamenn í Tyrklandi um lausnir til lengri tíma.

Þegar Rice hitti Erdogan á skrifstofu hans í miðborg Ankara fylgdust leyniskyttur á vegum hins opinbera grannnt með öllu og meira en tvö þúsund lögreglumenn gengu um göturnar í næsta nágrenni. Skammt frá kom saman lítil hópur mótmælenda.

Stærri mótmælafundur var haldinn í Istanbul þar sem um 200 manns frá Kommúnistaflokki Tyrklands hrópuðu „niður með bandaríska heimsvaldastefnu“ og „burt með Rice“.

gudsteinn@frettabladid.is

Flugmaðurinn sem varpaði sprengju á Hiroshima:

Sá ekki eftir sínum hlut

BANDARÍKIN, AP Paul Tibbets var orðinn 92 ára þegar hann lést á heimili sínu í Ohio á fimmtudag. Hann var þekktur fyrir að hafa varpað kjarnorkusprengju á Hiroshima fyrir sextíu árum, þegar hann var flugmaður í Bandaríkjaher.

Með þessari einu sprengju urðu Bandaríkjamenn nærri hundrað þúsund manns að bana á einu bretti, en Tibbets virtist þó alla ævi hafa haft meiri áhyggjur af gagnrýni annarra heldur en að hafa tortímt öllu þessu fólki.

„Ég er ekki stoltur af því að hafa drepið 80 þúsund manns, en ég er stoltur af því að hafa getað byrjað með tvær hendur tómar, skipulagt það og látið það ganga upp jafn fullkomlega og ég gerði,“ sagði hann í viðtali árið 1975. „Við áttum í stríði, þá notar maður allt sem tiltækt er.“

Hann var hins vegar orðinn svo þreyttur á gagnrýnendum sínum að hann bað fjölskyldu sína og vini um að hafa enga athöfn þegar hann yrði



HLAÐINN ORÐUM Paul Tibbets sagðist jafnan sofa vel þrátt fyrir atburðina í ágústmánuði árið 1945. Þessi mynd var tekin árið 2003.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

jarðaður vegna þess að hann óttaðist að það myndi gefa gagnrýnendum stað til að efna til mótmæla.

Bandaríkjamenn hafa sumir hverjir réttlætt kjarnorkusprengjurnar á Hiroshima og Nagasaki með því að án þeirra hefðu Bandaríkjamenn þurft að gera innrás í Japan og það hefði kostað milljónir manna lífið.

- gb

Norðurlandaráðsþing:

Þróunarlönd fái að halda læknu

ÓSLÓ, FRÉTTABLAÐIÐ Á Norðurlandaráðsþinginu í Ósló var rædd tillaga velferðarnefndar þingsins, sem Siv Friðleifsdóttir alþingismaður veitir forstöðu, um að Norðurlöndin hafi frumkvæði að alþjóðlegum samningi sem setji reglur um ráðningu heilbrigðisstarfsfólks frá þróunarlöndum.

Markmiðið með slíkum samningi væri að láta skortinn á heilbrigðisstarfsfólki í ríku löndunum ekki verða til þess að fótunum sé kipt undan heilbrigðisþjónustu í viðkomandi þróunarlöndum þar sem hið sérhæfða starfsfólk sé „keypt í burtu“.

- aa

SAMGÖNGUR

Færri keyra á nagladekkjum
Minnihluti ökumanna í Reykjavík ekur á nagladekkjum í vetur samkvæmt könnun framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, eða 46 prósent.


30% verðlækkun á nýjum íslenskum bókum



Bíblían, stærra útgáfa - rauð.


Almennt verð: 7.480 kr.

Tilboðsverð: **5.230 kr.**



Almennt verð: 4.680 kr.

Tilboðsverð: **3.270 kr.**




Almennt verð: 4.680 kr.

Tilboðsverð: **3.270 kr.**



Almennt verð: 4.680 kr.

Tilboðsverð: **3.270 kr.**




Almennt verð: 4.480 kr.

Tilboðsverð: **3.130 kr.**




Almennt verð: 2.890 kr.

Tilboðsverð: **2.020 kr.**



Almennt verð: 4.480 kr.

Tilboðsverð: **3.130 kr.**



Almennt verð: 4.790 kr.

Tilboðsverð: **3.350 kr.**



Almennt verð: 4.490 kr.

Tilboðsverð: **3.140 kr.**



Almennt verð: 3.280 kr.

Tilboðsverð: **2.290 kr.**



Almennt verð: 2.790 kr.

Tilboðsverð: **1.950 kr.**



Almennt verð: 2.790 kr.

Tilboðsverð: **1.950 kr.**

Skiptimiðinn
Eymundsson

Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2007.

Tilboðið gildir til og með 4. nóvember 2007

Flóttamaður frá Írak laug að þýsku leyniþjónustunni: Laug til um efnavopn

BANDARÍKIN, AP Flóttamaður frá Írak, sem fyllti leyniþjónustuna í Þýskalandi af lygum um efnavopn í Írak, heitir Rafid Ahmed Alwan, en er enginn efnaverkfræðingur eins og hann þóttist vera.

Þetta kemur fram í bandaríska fréttaskýringapættinum 60 mínútur, sem sendur verður út á morgun.

Bandaríkjastjórn rökstuddi ákvörðun sína um að fara í stríð gegn Írak að stórum hluta með upplýsingum frá Alwan, sem til þessa hefur aðeins verið þekktur undir dulnefninu „Curveball“.

Þýskir leyniþjónustumenn létu bandarískum stjórnvöldum í té upplýsingar frá Alwan, en skýrðu



BANDARÍKJAMENN Í ÍRAK Ársín byggð á málflutningi lygalaps. FRÉTTABLAÐID/AP

jafnframt frá alvarlegum efasemdum sínum um áreiðanleika þeirra.

- gb

kl. 08:00



SKREF Högni Hoydal, fyrrverandi sjálfstæðismálaráðgjafi Færeyja, leggur orð í belg í umræðunni um aðild sjálfstjórnarsvæðanna að Norðurlandaráði á þingi þess í Ósló. FRÉTTABLAÐID/AUDUNN

Fá ekki sjálfstæða aðild

Fulltrúar Íslands í Norðurlandaráði áttu þátt í tillögu um að breyta stofnsáttmála ráðsins þannig að hann gerði ráð fyrir sjálfstæðri þátttöku fulltrúa frá stjálstjórnarsvæðunum. Tillagan var felld en aukin þátttaka fulltrúa sjálfstjórnarsvæðanna samþykkt.

ÓSLÓ, FRÉTTABLAÐID Færeyingar fá ekki fulla aðild að Norðurlandaráði, eins og þeir hafa sóst eftir síðan árið 2003. En á grundvelli svonefndrar Álandseyjayfirlýsingar samstarfsráðherra Norðurlandanna fá norrænu sjálfstjórnarsvæðin rétt til aukinnar þátttöku í hinu opinbera norræna samstarfi með seturétti í stofnunum og vinnuhópum. Þetta varð niðurstaða umræðu um stöðu sjálfstjórnarsvæðanna á þingi Norðurlandaráðs í Ósló.

Þingfulltrúar Íslands og Danmerkur – að meötöldum færeysku og grænlenksku fulltrúunum – lögðu fram tillögu um að stofnsáttmála Norðurlandaráðs, Helsingforsáttmálanum, yrði breytt þannig að sjálfstjórnarsvæðin gætu átt sínar eigin sendinefndir hjá ráðinu, eins og reyndin er nú þegar þótt ekki sé gert ráð fyrir því í áttmálanum. Tillagan var

felld með 37 atkvæðum gegn 20. Árni Páll Árnason, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, segir það hafa verið viðbúð að tillagan yrði felld. „En ég vona að þetta sé fyrsti dropinn sem holar steininn,“ segir hann. Það sé veik afstaða til lengri tíma litið „að hengja sig í að það sé flókið úrlausnarefni að breyta samningi“. Íslendingar myndu áfram styðja málstað Færeyinga.

Færeyski samstarfsráðherrann Jógvan á Lakjuni sagði Færeyinga þakkláta fyrir hvert skref sem stigið væri í átt að því að bæta möguleika þeirra á að taka þátt í norrænu samstarfi. Hann sagðist vonast til að áfram yrði unnið að því að koma til móts við óskir þeirra og að einn góðan veðurdag fengju þeir fulla aðild bæði að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni.

audunn@frettabladid.is

Á FÖSTUDAGINN

Varhugavert nagdót fyrir dýr:

Salmonella í svínseyrum

HEILBRIGÐISMÁL Salmonella hefur greinst í óinnþökkuðum svínseyrum og nagbeinum úr nautgripum sem voru til sölu í gæludýraversluninni Tokyo, Hjallabraut 4 í Hafnarfirði. Nagdótið er innflutt og frá sama framleiðanda og svínanagbein sem salmonella greindist

í snemma í október síðastliðnum. Það hefur nú verið tekið úr sölu og fargað.

Landbúnaðarstofnun hvetur gæludýraeigendur sem hafa undir höndum umrætt nagdót til að skila þeim í verslunina eða farga þeim með öruggum hætti.

- sps

Ríki við Persaflóa:

Vilja útvega Írönnum úran

BRETLAND Ríki við Persaflóa eru tilbúin að stofna með sér samtök til að útvega Írönnum auðgað úran. Þetta kom fram á fréttavef BBC.

Prins frá Sáði-Arabíu, Saud al-Faisal, segir að slíkt tilboð gæti stöðvað þá spennu sem ríkir milli Írans og Bandaríkjanna vegna kröfu Íransstjórnar um að fá að framleiða kjarnorku.

Rússar lögðu fram svipað tilboð í desember árið 2005, en viðræðum lauk án nokkurs samkomulags. Í þetta sinn munu Barein, Kúvæt, Óman, Katar, Sáði-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin leggja fram tilboð, að því er Saud segir.

- sgi

Þingmenn ræddu tillögu Framsóknarflokks um að hluti námslána breytist í styrk:

Deilt um frumleika frumvarps

ALÞINGI Þriðjungur af upphæð námslána breytist í styrk ljúki námi á tilskildum tíma, verði frumvarp þingmanna Framsóknarflokksins að lögum. Frumvarpið er líkt frumvarpi sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa mælt fyrir á Alþingi á fyrri þingum en ekki náð fram að ganga.

Birkir J. Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi í gær. Hann benti á að mikill kostnaður hlystist af miklu brottfalli nemenda. Yrði frumvarpið að lögum myndi það kosta um 1,6 milljarða á ári. Styrkurinn yrði nemendum hvatning til að ljúka námi á tilsettum tíma sem



LÁNASJÓÐUR Þriðjungur lána námsmanna sem ljúka námi á réttum tíma breytast í styrki námi frumvarp sem rætt var á Alþingi í gær að lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

drægi úr kostnaði í menntakerfinu.

Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, benti á að frumvarpið væri afar líkt frumvarpi sem Björgvin G. Sigurðsson

viðskiptaráðherra hefði lagt fram sem óbreyttur þingmaður á undanföllum þingum. Samfylkingin hefði þó viljað ganga lengra.

Katrín fagnaði því að þingmenn Framsóknarflokks hefðu tekið upp þetta mál, en spurði jafnframt hvort flokkurinn hefði beitt sér fyrir því að þessi leið yrði farin þegar flokkurinn átti sæti í ríkisstjórn.

Birkir svaraði því þannig að margt hefði unnist í menntamálum á þeim árum sem flokkurinn sat í ríkisstjórn, og frábað hann sér sandkassaleik um þetta mál, enda um annað frumvarp að ræða en Samfylkingin hafi lagt fram. - bj



STYTTA ÚR BÍLAPÖRTUM Á bílasýningu í Las Vegas í Bandaríkjunum mátti í gær sjá þessa forlata stytta, sem smíðuð er úr bílapörtum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



BLEIK LJÓS Hreyfill styrkir Krabbameinsfélagið um tíu krónur í hverri ferð.

Hreyfilsbílar áfram bleikir:

Hreyfill stefnir á tvær milljónir

FÓLK Bifreiðastöð Hreyfils-Bæjarleiða mun halda áfram söfnun bleiku slaufunnar til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands. Niðurstaða söfnunarinnar fyrir októbermánuð liggur ekki fyrir en markmið Hreyfils er að safna um 1,5 til 2 milljónum króna á tveimur mánuðum.

Hreyfill kemur til með að borga 10 krónur fyrir hverja ferð og áætla Vignir Þróstur Hjálmarsson deildarstjóri að leigubílar fyrirtækisins fari allt að 70.000 ferðir mánaðarlega. Þá hafa leigubílstjórar selt bleiku slaufuna, einkennismerki átaksins.

Átak bifreiðastöðvarinnar er það fyrsta sinnar tegundar í heiminum og hefur vakið athygli víða erlendis, að sögn Vignis Þrastar.

- eb



HAFNARFJÖRÐUR Lítið er um glæpi í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Glæpir á höfuðborgarsvæði:

Hafnfirska módelið virkar

LÖGREGLUMÁL Sævar Guðmundsson, umdæmisstjóri lögreglunnar í Hafnarfirði, segir hegningargabrot í umdæmi lögreglunnar í Hafnarfirði færri á hvern íbúa en í öðrum umdæmum höfuðborgarsvæðisins. Þetta kom fram á fundi forvarnarnefndar Hafnarfjarðar á miðvikudag.

Hin lága glæpatíðni í Hafnarfirði er aðallega þökkuð „hafnfirsku módelinu“ svokallaða sem snýst að hluta til um að auka allt samráð við aðila innan sveitarfélagsins og góða samvinnu við íbúa og stofnanir Hafnarfjarðar, að því er segir í fundargerð forvarnarnefndarinnar.

- gar

Notaðir bílar
100% lán

Nú býðst þér Golf Variant

árgerð 2006 á frábærum kjörum

18.990 kr. á mánuði*

Verð **1.340.000 kr.**

Vetrardekk fylgja

www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5040

Opíð á Kletthálsi 11

mánudaga til föstudaga kl. 10-18 og laugardaga kl. 10-14

BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

* Míðað við 100% lán frá SP Fjármögnun 184 mánuði. Árlög hlutfallslega kostnaðar: 6,01%.

HEKLA Laugavegi 172-174 • sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is

Kipper
KIP1815

Verð: **16.995 kr.-**



Stærðir: 36-41

Kipper
KIP1798

Verð: **18.995 kr.-**



Stærðir: 36-41

Kipper
KIP1798

Verð: **18.995 kr.-**



Stærðir: 36-41

Kaupfélagið

DÁLDIÐ FLOTTIR SKÓR...

Kringlan S. 568 6211 - Smáralind S. 534 8211

Kipper
KIP1975

Verð: **12.995 kr.-**



Stærðir: 36-41

Kipper
KIP1809

Verð: **13.995 kr.-**



Stærðir: 36-41

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
7.907 -1,18%Fjöldi viðskipta: 642
Velta: 27.695 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ TEYMI +6,23%
365 +4,93%
ATL. PETROLEUM +2,45%

MESTA LÆKKUN

↓ FL GROUP -3,46%
CENTURY ALUMIN. -3,12%
ÖSSUR -1,91%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 10,96 -0,18 ... Bakkavör 63,40 -0,94% ... Eimskipafélagið 42,00 +0,84% ... Exista 32,00 +0,00% ... FL Group 23,75 -3,46% ... Glitni 27,30 -1,09% ... Icelandair 24,80 -0,40% ... Kaupþing 1.072 -1,65% ... Landsbankinn 43,00 -0,92% ... Straumur-Burðarás 18,55 -0,27% ... Össur 102,50 -1,91% ... Teymi 6,82 +6,23%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Tap í takt við spár

Bókfært tap FL Group á þriðja ársfjórðungi nemur 27,1 milljarði króna, á pari við meðalspá greiningardeilda bankanna. Hannes Smárasón, forstjóri FL Group, segir uppgjörið endurspeglar punktstöðu á mörkuðum enda fari félagið þá leið að færa allar skráðar eignir á markaðsvirði.

Hagnaður á hlut er neikvæður upp á 3,6 krónur á þriðja ársfjórðungi hjá FL Group, en um 50 auru sé horft til fyrstu níu mánuða ársins. Bókfært tap á fjórðungi nemur 27,1 milljarði króna. Tap fyrstu níu mánuðina er fjórir milljarðar króna. Tap félagsins er mjög í samræmi við spá greiningardeilda bankanna, en meðalspá þeirra hjólaði upp á 27,6 milljarða króna tap á fjórðungi.

Hannes segir óvarlegt að draga of miklar ályktanir af tapi þriðja ársfjórðungs, en í því endurspeglit í raun uppgjörsaðferðin sem félagið beitir þar sem eignir séu bókfærðar á markaðsverði hverjum tíma. Önnur fjárfestingarfélag beita gjarnan svokallaðri hlutdeildaraðferð, en þá hefur verðmæti undirliggjandi eigna ekki áhrif á afkomuna. Hannes segir ekki útilokað að félagið taki að



HANNES SMÁRASÓN, FORSTJÓRI FL GROUP Hannes kynnti afkomu FL Group eftir þriðja ársfjórðung á fundi í Iðuhúsinu við Lækjargötu í Reykjavík í gærmorgun. Fram kom að heildareignir félagsins jukust um 40,5 prósent fyrstu níu mánuði ársins, eru 369,4 milljarðar króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hluta upp hlutdeildaraðferð síðar.

Jafnframt bendir Hannes á að gæði undirliggjandi eigna félagsins séu eftir sem áður mikil og þau félög standi styrkum stöðum. „Nefna má Glitni, Commerzbank og AMR sem dæmi um félög sem öll skila afburðaniðurstöðu á þessu ári. Hlutabréfaverð þeirra hefur hins vegar lækkað sem aftur skilar sér í neikvæðri afkomu af fjárfestingum okkar. Við höfum hins vegar fremur horft á það sem ákveðið tækifæri og höfum á því fulla trú að markaðsvirði þeirra muni á endanum endurspeglar gæði þeirra.“

Þá kom fram á kynningu FL Group að endurmetnar hefðu verið óskráðar eignir FL Group til hækkunar upp á þrjú milljarða króna. Hannes segir að beitt hafi verið mjög varlegu endurmati sem leitt hafi til hækkunar á Geysi Green Energy, Refresco og House of Fraser, en lækkunar á fjárfestingafélaginu Unity Investment. „Þarna teljum við áfram mikil tækifæri,“ segir Hannes og bætir við að uppfærsla á Refresco hafi til dæmis verið mjög hófleg. Hann telur líklegt að Refresco fengi svipaða verðlagningu og Bakkavör á markaði hér, enda starfi þau á svipuðu sviði. „Ekki væri óeðlilegt að ætla að heildarvirði yrði í kring

um 60 milljarðar og af því eigum við helming. Þarna má því segja að við séum með 30 milljarða eign sem bókfærð er á fimm milljarða.“

Hannes segist gera ráð fyrir að fjármálamarkaðir verði brokkgengir enn um sinn og því megi áfram búast við sveiflum í verði hlutabréfa. „Ótal breitur hafa áhrif á markaðina, svo sem olíuverð. Þá þurfum við að klára að sjá uppgjör fyrir þriðja ársfjórðung innan úr bönkunum til að hreinsa þar út óvissu. Auknar upplýsingar frá þeim hafa haft róandi áhrif og við þurfum að sjá fyrir endann á þessum hlutum áður en kominn er grundvöllur fyrir uppbyggingu á ný,“ segir Hannes, en þess má geta að Commerzbank, þar sem FL Group á 4,3 prósent hlut, birtir uppgjör í næstu viku.

Hannes segir FL Group standa mjög vel með yfir 40 prósent eiginfjárlutfall, sem sé það hæsta meðal fjárfestingarféлага hér. „Um þessar mundir erum við með um 55 milljarða króna í handbæru fé og vel fjármagnaðir til lengri tíma. Þá erum við með mjög mikið af auðseljanlegum eignum og þurfum því í raun ekki á nýju fjármagni að halda næstu tvö árin til að standa undir skuldbindingum.“

olikr@frettabladid.is

Titringer í vikulok

Titringer varð á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í gær og fór gengi helstu hlutabréfavisitalna niður á mörkuðum í Asíu og Evrópu. Takturinn var sleginn á bandarískum fjármálamarkaði á fimmtudag í kjölfar stýrivaxtalækkunar Bandaríska seðlabankans degi fyrr en það smitaði út frá sér og tóku vísitölur snarpa dýfu eftir hækkun í vikubyrjun. Lækkanahrinan hélt áfram í gær þrátt fyrir aukna atvinnuþátttöku vestanhafs í síðasta mánuði.

Fjármálaskýrendur vestanhafs telja sig hafa vísbendingar um að seðlabankinn muni fremur horfa til þess að halda verðbólgu niðri

út árið en að opna fyrir frekara aðgengi að ódýru lánsfé á fjármálamarkaði og muni þar af leiðandi ekki bregðast við viðvarandi lausafjárkrísi með enn einni stýrivaxtalækkun fyrir áramót, að sögn fréttaveitu Bloomberg.

Þá spila inn í dræm uppgjör fjármálafyrirtækja vestra og horfur á frekari þrengingum á fasteignamarkaði samhliða minni einkaneyslu. Þessu til viðbótar dældi Bandaríski seðlabankinn 41 milljarði dala, jafnvirði 2.450 milljarða íslenskra króna, inn á markaðinn á fimmtudag í því skyni að auka fjárfæði. Slíkur gjörningur fór ekki vel í viðkvæman fjármálamarkaðinn. - jeb

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

Hvað er vaxtamunur?

Samtök fjármálafyrirtækja efna til fræðslufundar um vaxtamun á Grand Hótel (Hvammi) kl.12.00 -13.15 mánudaginn 5. nóvember

DAGSKRÁ

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra ávarpar fundinn



Þorvaldur Gylfason prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands
Samkeppni, bankar og hagkvæmni



Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur og frkvstj. verðbréfasviðs Landsbankans
Rétt og rangt um vaxtamun

Pallborðsumræður:

Þorvaldur Gylfason, Yngvi Örn Kristinsson og Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri
upplýsingasviðs Seðlabanka Íslands

Fundarstjóri er Haraldur Johannessen ritstjóri Viðskiptablaðsins

Fundurinn er öllum opin, enginn aðgangseyrir.
Léttar veitingar í boði.

Vinsamlegast skráið þátttöku með því að senda
póst á netfangið sff@sff.is

SFF
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

TM tapar á þriðja fjórðungi

Tryggingamiðstöðin tapaði 555 milljónum króna á þriðja fjórðungi þessa árs. Hagnaður af rekstri félagsins fyrstu níu mánuði ársins nemur engu að síður tæplega 1,9 milljörðum króna. Í fyrra var hagnaður fyrstu níu mánuðina 464 milljónir króna.

Í tilkynningu frá TM segir að miklar sveiflur hafi verið á gengi hlutabréfa í ársfjórðungnum sem höfðu neikvæð áhrif á afkomu af fjárfestingastarfsemi félagsins. Afkoma af váttryggingastarfsemi sé enn undir markmiðum. Afkoma Nemi, dótturfélags TM í Noregi, hafi verið í samræmi við áætlanir og hlutföll tjóna og kostnaðar innan þeirra marka sem sett hafa verið. - ss / óká



365 UPPGJÖR Ari Edwald forstjóri og Viðar Þorkelsson fjármálastjóri.

Fons með fjórðung í 365

„Ég er gapandi yfir félaginu. Það er á góðu verði og þetta voru frábær kaup,“ segir Pálmi Haraldsson, stjórnarmaður í 365 en eignarhaldsfélagið Fons, sem er í meirihlutaeigu hans, jók við hlut sinn í félaginu fyrir rúmar 600 milljónir króna og fer nú með 23,5 prósent í því.

365 skilaði sínu besta uppgjöri frá upphafi á fimmtudag en það sneri frá 323 milljónum króna tapi á þriðja ársfjórðungi í fyrra í 40 milljónum króna hagnað nú. „Skodðu bara uppgjörið,“ segir Pálmi og bætir við að bréfin hafi verið ódýr miðað við innistæðuna sem hann telur fyrirtækið eiga. - jab

Vinnslustöðin græðir milljarð

Á þriðja árfjórðungi er tap upp á rúmar 36 milljónir á rekstri vinnslustöðvarinnar, sem er mikil breyting frá sama tímabili í fyrra þegar fyrirtækið hagnaðist um tæpar 556 milljónir.

Hagnaður Vinnslustöðvarinnar á fyrstu níu mánuðum ársins nemur hins vegar 1.080 milljónum króna, en nam á sama tímabili í fyrra einungis 63 milljónum.

Heildartekjur Vinnslustöðvarinnar voru samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær rétt rúmir 4,5 milljarðar króna, örlitlu minna en í fyrra.

Hagnaður á hlut fyrstu níu mánuði ársins nemur 72 aurum en var í fyrra ekki nema fjórir aurar. - óká

OFNÆMI... NEI TAKK



ÞESS VEGNA INNIHALDA NÝJU BARNAVÖRURNAR FRÁ NEUTRAL ENGIN ILMEFNI EÐA ÓNAUÐSYNLEG VIÐBÓTAREFNI

Þriðjungur allra barna á það á hættu að fá ofnæmi. Notkun ilmefna og ónauðsynlegra viðbótarefna eykur þá hættu. Neutral vill ekki stuðla að ofnæmi. Þess vegna innihalda nýju barnavörurnar frá Neutral engin aukaefti og eru allar heilbrigðisvottaðar í samstarfi við astmasérfræðinga. Það er framlag Neutral til heilbrigðrar húðar.



Neutral
verndar viðkvæma húð

Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga

FRUMSÝNING

Nýr KIA cee'd: Sporty Wagon



Töffari sem hugsar fyrir öllu

Með nýjum KIA cee'd Sporty Wagon færðu meiri akstur, meira olnbogarými og meiri þægindi fyrir minni pening – án þess að fórná frábæru útliti og aksturseginnleikum. Þú færð einnig sjö ára ábyrgð, ríkulegan staðalbúnað og getur valið um beinskiptan 115 hestafla dísilbíl sem eyðir aðeins 4,7 lítrum á hundraðið, eða 120 hestafla sjálfskiptan bensínbíl sem eyðir 6,9 lítrum á hundraðið. Og allt þetta færðu á aðeins kr. 2.190.000 kr. Þú gerir varla betri kaup!



Frábært verð **2.190.000 kr.**

Ríkulegur staðalbúnaður:

- álfelgur
- USB-tengi fyrir iPod
- aðgerðastýri
- sex öryggisloftpúðar
- loftkæling
- 6 diska geislaspilari
- rafræn stöðugleikastýring
- upplýsingatölva

Opið í dag kl. 10–14



Borgin og orkan:

Tvær hliðar

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Þær ákvarðanir sem borgarráð og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafa tekið um að falla frá samruna REI og Geysis hafa eins og margt annað tvær hliðar. Önnur er viðskiptalegs eðlis. Hin er pólitísk.

Vardandi viðskiptahlöðina er þetta að segja: Stofnun REI á sínum tíma orkaði tvímælis fyrir þá sök að hún fól í sér ákvörðun um opinber umsvif í samkeppnisrekstri. Sameiningin við Geysi var að því leyti skynsamleg að hún fól í sér hlutfallslega minni opinbera þátttöku í þess háttar starfsemi og markmið um að borgin færi út úr henni.

Það sem eyðilagði samrunann var óskynsamlegir kaupréttarsamningar, einkaþjónustusamningur til tuttugu ára og ákvörðun um að leggja hlut Orkuveitunnar í Hitaveitu Suðurnesja inn í sameinað fyrirtæki. Af þessum ástæðum gat sameiningin ekki gengið fram óbreytt. Borgarráð ákvað hins vegar að falla frá öllum ákvörðunum um þetta efni.

Sú niðurstaða felur í sér þá hættu að REI verði aftur í raun opinbert fyrirtæki með fjármuni skattborgaranna í áhætturekstri. Að sönnu er ekki víst að Reykjavíkurborg hafi átt þess kost að breyta samrunasamningnum á þann veg að hann yrði ásættanlegur. Borgarráð skuldar hins vegar skýringar á því hvers vegna það var ekki reynt. Það hefði verið betri kostur, að því gefnu að hann hafi verið mögulegur.

Reykjavíkurborg hlaut að taka á óásættanlegum atriðum vardandi samrunaformin óháð hugsanlegum skaðabótum. Það er skiljanlegt í stöðunni. Þessi niðurstaða gæti hins vegar haft í för með sér meiri opinberan samkeppnisrekstur á þessu sviði en ella hefði orðið. Fari svo er það síður skiljanlegt.

Hin pólitíska hlið málsins er margþætt: Í fyrsta lagi var ljóst að niðurstaðan gat aldrei orðið á þann veg að bæði formaður sameinaðs borgarstjórnarflökks meirihlutans og formaður borgarráðs gætu varðveitt málefnalegan trúnað. Nú liggur það fyrir að formaður borgarráðs hefur málefnalega sætt þeim örlögum að lúta í gras.

Sú staðreynd veikir hann verulega út á við. Hann var áhrifa-rikur í fyrri meirihluta en sýnist nú vera áhrifafrýr. En sú þver-sögn stendur eigi að síður eftir að viðskilnaður hans við sjálf-stæðismenn í borgarstjórninni sýnist hafa eftir virðingu hans inn á við í Framsóknarflokknum.

Að sama skapi sem niðurstaðan lýsir málefnalegri niðurlægingu borgarfulltrúa Framsóknarflokksins hefur forysta VG í borgarstjórninni styrkt stöðu sína. Engum getur blandast hugur um að hún hefur undirtökin í meirihlutasamstarfinu.

VG kemur standandi niður úr þessum æfingum öllum hvort heldur litið er á þær í valdapolítísku ljósi eða hugmyndafræðilegu. Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins verður í engu tilliti tekinn alvarlega að minnsta kosti fyrst um sinn. Borgarfulltrúar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks gætu hins vegar þurft að skýra hugmyndafræðilega afstöðu sína betur.

Fari svo, þegar upp er staðið, að Reykjavíkurborg verði með einum eða öðrum hætti fyrirferðarmeiri í opinberum samkeppnisrekstri en orðið hefði með sameiningu fyrirtækjanna rímar það ekki sem best við þá hugmyndafræði sem ríkisstjórnar-flokkarnir segjast standa fyrir. Í því ljósi þurfa borgarfulltrúar þeirra að lýsa markmiðum sínum í þessum efnunum með gleggri hætti en þeir hafa gert.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Hóskuldur Daði Magnússon (dagurmál).
FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3971.

PENZIM



ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN
ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS
ÍSLAND

Dr. Jón Bragi Bjarnason, próffessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana

á PURRA HÚÐ á ROÐA á ÚTBROT á BRUNASÁR á FÍLAPENSLA á BÓLUR á ÖR á BÓLGUR á BLÖÐRUR á ANDLITIÐ á HÁLSINN á AXLIRNAR á OLNBOGANA á ÚLNLIÐINA á FINGURNA á BAKIÐ á MJÖHRYGGINN á MJADMIRNAR á LÆRIN á HNÉN á KÁLFANA á ÖKKLANA á FÓTLEGGINA á FLUGNABIT á SÁR á DÝRIN

eftir RAKSTUR eftir ÁLAG eftir SÓLINA við KLÁÐA við SVIÐA

í ÍPRÓTTIR í HÁRSVÖRÐINN í NUDDIÐ milli TÁNNA

PENZIM fyrir allan LÍKAMANN.

Penzim fæst í apótekum, heilsuþúðum og verslunum Nóatúns um land allt.

penzim.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fjögur ár

Frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur um breytingar á lífeyrisréttindum ráðamanna var til umræðu á Alþingi í gær. Málflutningur Valgerðar virðist hafa hlotið góðan hljómgrunn en það á eftir að koma í ljós hvort það er raunveruleg innistæða fyrir því. Eftirlaunafrumvarpið alræmda var lagt fram á Alþingi árið 2003 og var strax gagnrýnt fyrir að

veita kjörnum fulltrúum – ekki síst ráðherrum – óhófleg lífeyrisréttindi. Flutningsmenn voru Halldór Blöndal, Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz (allt fyrrverandi ráðherrar),



Puríður Backman og Sigurjón Þórðarson. Frá upphafi hafa þingmenn verið á einu máli um að þetta hafi verið slæmur gjörningur og nauðsynlegt að gera á róttækar breytingar á þessum lögum. Samt hefur það tekið fjögur ár. Hvað tefur?

Pétur á prent

Pétur Pétursson, sem ráðinn var í vikunni aðstoðarþjálfi Ólafs Jóhannessonar, landsliðsþjálfari í fótbolta, hefur fleiri járn í eldinum. Heyrst hefur að verið sé að leggja drög að ævisögu Péturs, sem eins og kunnugt er á að baki litríkan feril sem atvinnumaður í knattspyrnu. Orri Harðarson blaðamaður, sem er

Skagamaður eins og Pétur, skráir söguna, sem búast má við að reki á fjörur lesenda með jóbabókafloðinu að ári.

Í rásstellingum

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri undirrituðu í gær samning um styrk til Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar við Hólmaslóð, sem tryggir rekstur TPM til næstu þriggja ára. Því má velja fyrir sér hvort Björgólfur sé að setja sig í stellingar fyrir það sem koma skal, það er að segja tónlistarhúsið á Austurbakka, sem Landsbankinn tekur líka þátt í að fjármagna.

bergsteinn@frettabladid.is

Þegar Ameríka varð til

Árið 1502, 10 árum eftir að Evrópumenn uppgötvuðu heimsálfuna hinum megin við Atlantshafið, hélt maður að nafni Bartolomé de Las Casas til nýja heimsins. Hann gekk síðar í þjónustu kirkjunnar og gerðist dómíníkanamunkur. Jafnhliða starfi í þágu kirkjunnar skrifaði hann langar og merkar bækur um framferði Evrópumanna í nýja heiminum. Umfram allt er hann þó þekktur fyrir baráttu sína gegn þrælkun hinna innfæddu af hálfu landnema. Honum dugðu þó ekki orðin ein. Las Casas reyndi sjálfur að stofna nýlendu þar sem landnemar og innfæddir gætu búið í sátt og samlyndi án þess að ganga hver á rétt annars. Hann hrökklaðist að lokum aftur til Spánar en baráttu hans var ekki lokið. Las Casas gerðist lobbysti við hirðir mektarmanna Evrópu og fékk um tíma stuðning Spánarkonungs og páfa við að banna þrælahald í Ameríku.

Ritverk Las Casas nema 14 bindum í fræðilegri heildarútgáfu. Meðal þeirra er merkisritið Historia de las Indias í þremur bindum. Las Casas er einnig helsti heimildarmaður okkar um ýmsa lífshætti og siði frumbyggja Ameríku sem annars hefðu orðið gleymskunni að bráð. Þessum ritum hefur ekki verið haldið sérstaklega að Íslendingum, en þó er nú komin út Örstutt frásögn af eyðingu Indíalanda í þýðingu Sigurðar Hjartarsonar. Það er styttri útgáfa af sagnfræðiriti Las Casas og er í formi deilurits. Ólíkt umfangsmestu ritum Las Casas kom það út meðan hann lifði en var upphaflega samið 1542.

Þjóðirnar sem hurfu

Því miður voru alltof fáir menn sem hugsuðu eins og Las Casas. Næstu aldirnar var Ameríka



SVERRIR JAKOBSSÓN
Í DAG | Mannréttindi

miðstöð þjóðernishreinsana og þrælaverslunar. Íbúafjöldi þeirra þjóða sem þjuggu í Ameríku fyrir komu Evrópumanna dróst saman um 85-90% á nokkrum áratugum og sums staðar hurfu heilu þjóðirnar, t.d. í Vestur-Indíum. Í Mexíkó dróst íbúafjöldi frumbyggja saman um 96-97% á einni öld. Viðlíka hamfarir eiga sér engan líka í veraldarsögunni hvað varðar umfang og afleiðingar. Meginorsök þessa mikla manndaða var smitsjúkdómur sem landnemar báru óviljandi með sér en einnig hafði mikil áhrif að samfélag frumbyggjanna var markvisst brotið niður.

Rit Las Casas ber það með sér að þessar hamfarir gengu fullkomlega fram af honum. Það sem hann beinir spjótum sínum gegn eru þó einkum hin sýnilegu hryðjuverk og var þar vissulega af nógu að taka. Enda þótt Las Casas sé heitt í hamsi vegna grimmdarverka einstakra manna reynir hann einnig að komast að rötum hins skefjalausa ofbeldis: „[Þ]eir sem stýrðu Indíum skildu ekki þann sannleik sem fólst svo skýrt og afdráttarlaust í lögunum: Að sá sem ekki er fullgildur þegn einhvers valdhafa getur ekki verið uppreisnarmaður gegn þeim sama valdhafa“ (bls. 73-74). Las Casas bendir einnig á hversu tilefnislaus yfirgangurinn var: „Frá þeim degi er Indíalönd voru uppgötvuð og allt

til þessa dags hafa indíánar hvergi gert nokkuð á hlut kristins manns að fyrra bragði án þess að hafa fyrst mátt þola hvers kyns rangindi, rán og svik“ (bls. 131).

Uppruni nútímans

Örstutt frásögn af eyðingu Indíalanda ætti að vera skyldueign allra þeirra sem láta sig fortíð mannkyns einhverju varða. Vissulega er bókin skelfileg lesning, en þó má finna aðdáunarverða þætti í öllum þessum harmleik. Útgefandi og þýðandi íslensku útgáfunnar, Sigurður Hjartarson, kallar Las Casas öflugasta málsvara mannréttinda í sögunni (bls. 30). Það má vissulega dást að þrautseigju hans í því að halda á lofti málstað sigraðra þjóða í Ameríku og einnig því hvernig hann gekk á hölm við ríkjandi viðhorf í samfélaginu og náði um tíma að leggja stein í götu þeirra sem vildu tortíma samfélögum frumbyggja í Ameríku. Það er lífseigur misskilningur að kirkjan hafi á fyrrum öldum jafnan verið fulltrúi kúgunar og ofbeldis. Við eignum ýmis dæmi um hugrakka klerka sem börðust gegn slíku þvert á tíðarandann.

Hamfarirnar í Ameríku mörkuðu svo upphaf valdakerfis nútímans. Í krafti yfirráða yfir Ameríku og auðsins sem verslun með þræla frá Afríku skapaði evrópskum nýlenduveldum náði Evrópa smám saman að jafna metin við ríkari og öflugri samfélög í Asíu. Sú þróun gekk hægt fyrir sig en upphaf hennar var í þeim atburðum sem Las Casas lýsir svo fjálglega. Þótt ekki væri nema þess vegna ættu Íslendingar að kynna sér skrif hans, nú á tímum útrásar og alþjóðavæðingar.

Bankað á dyrnar hjá þér

UMRÆÐAN

Hjálparstarf

Næstkomandi mánudag og þriðjudag ganga fermingarbörn í hús og safna til hjálparstarfs á vegum kirkjunnar sinnar. Þau hafa fengið fræðslu um erfiða lífsbaráttu í mörgum löndum og hvernig verkefni á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar hafa breytt lífi margra til hins betra og gefið þeim aukna möguleika til sjálfshjálpar. Nú vilja þau gefa þér tækifæri til að leggja þitt af mörkum.

Vatn breytir öllu

Peningarnir sem safnast fara í fjölbreytt verkefni. Gerðir eru brunnar í Malaví og Úganda sem gefa fólki aðgang að hreinu vatni. Því fylgir nýtt líf, konur og stúlkur þurfa ekki lengur að nota marga klukkutíma á dag í að sækja óhreint vatn, mæðurnar geta sinnt öðrum störfum og stúlkurnar gengið í skóla. Allir verða frískari og sprækari því óhreint vatn hefur marga fylgífiska, niðurgang og heilsuleysi. Vatnið er líka notað í áveitu, fyrir skepnur og til að búa til fiskiræktartjarnir. Allt gerir þetta afkomuna öruggari og fæðuna fjölbreyttari.

Leyst úr skuldaánað

Á Indlandi vinna samstarfsaðilar Hjálparstarfs kirkjunnar að því að þrælabörn verði leyst úr skuldaánað. Sakir fátæktar og kúgunar neyðast foreldrar til að veðsetja börn sín til að eiga fyrir nauðpurftum. Að leysa barn úr skuldaánað felur í sér að greiða skuldina og veita foreldrum og börnum fræðslu um réttindi sín og styðja börnin til skólagöngu.

Ábyrgðarfullir unglingar á leið til þín

Um 3000 fermingarbörn taka ábyrgð sína á náunganum alvarlega og banka á dyrnar hjá þér. Taktu vel á móti þeim og hvettu þau til dáða.

Í söfnuninni í fyrra komu inn sjö milljónir króna sem nýttust í fjölbreytt verkefni. Ef allir peningarnir hefðu verið settir í eitt verkefni hefði til dæmis verið hægt að veita 47.000 manns aðgang að hreinu vatni til frambúðar. Gjöf þín skiptir máli og kemur miklu til leiðar, settu hana í baukinn þegar bankað er á hjá þér.

Höfundur er fræðslu- og upplýsingafultrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.



BJARNI GÍSLASON

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Ferskt Íslenskt 100% ungnautahakk **40% afsláttur**
799 kr/kg. *Merkt verð 1330 kr/kg.*



**FERSKUR
KJÚKLINGUR
40% AFSLÁTTUR**

Ali ferskur úrbeinaður svínahnakki **40% afsláttur**
959 kr/kg. *Merkt verð 1599 kr/kg.*



Holta ferskar kjúklingabringur **40% afsláttur**
1445 kr/kg. *Merkt verð 2408 kr/kg.*



KS ferskt lambafillet m. fiturönd
2398 kr/kg. *Merkt verð 2998 kr/kg.*



KF saltað folaldakjöt **40% afsláttur**
383 kr/kg. *Merkt verð 637 kr/kg.*



Holta fersk kjúklingalæri **40% afsláttur**
363 kr/kg. *Merkt verð 605 kr/kg.*



KS ferskur lambahryggur **25% afsláttur**
1049 kr/kg. *Merkt verð 1398 kr/kg.*



Holta ferskir kjúklingavængir **40% afsláttur**
179 kr/kg. *Merkt verð 299 kr/kg.*



Holta ferskir kjúklingaleggir **40% afsláttur**
363 kr/kg. *Merkt verð 605 kr/kg.*



KS fersk lambalæri **35% afsláttur**
844 kr/kg. *Merkt verð 1298 kr/kg.*

BÓNUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00 TIL 18.00



Te og kaffi undir pressu

Við höfum til dæmis pressað verðið niður. Það vantar bara nýmalað kaffi og heitt vatn í svörtu pressukönnuna, sem kostar 400 krónur. Og svartu teketillinn, sem er með innbyggðri síu, kostar líka bara 400 krónur.



Morgunkornið gægist út

Eða þú gægist inn til að sjá hvað er mikið eftir. Þessi 17 cm háa málm-dós er nú miklu fallegra en morgunkornapakki, finnst þér það ekki? Fæst líka í hvítu og kostar 400 krónur.



Hafðu auga með kryddinu

Það er gluggi á þessum 8 cm háu, svörtu eða hvítu málm-dósum, svo að þú getur alltaf séð hvað er mikið eftir af saltinu og piparnum – nú, eða af Hedebergard-kryddinu þínu. 200 krónur stykkið.



... og hún gekk á krukku ...

Nei, það á ekki að ganga á þessum krukku en það er hægt að geyma næstum hvað sem er í þeim. Til dæmis linsubaunir eins og hér sést. Krukkurnar kosta 200 krónur stykkið.

TIGER

Villidýr í verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkrofu: tiger.kringlan@simnet.is

MAÐUR VIKUNNAR

Kemur til dyranna eins og hann er klæddur

Ólafur Davíð Jóhannesson hefur náð frábærum árangri á löngum ferli sem þjálfari í íslensku deildinni í knattspyrnu og FH varð sannkallað stórveldi þegar liðið vann deildina þrjú ár í röð undir hans stjórn. Það kom því fæstum á óvart þegar stjórn Knattspyrnusambands Íslands réði Ólaf á dögunum til þess að taka við íslenska landsliðinu í þeim krefjandi verkefnum sem liggja fyrir á þeim bænum.

Ólafur hefur jafnan getið sér orð fyrir að vera ákveðinn og beinskeyttur í viðtölum, en þó virðist alltaf vera stutt í grínið hjá honum og því beið blaðamaður Fréttablaðsins spenntur eftir því að spjalla við samferðamenn Ólafs og heyra hvað þeir hefðu að segja um manninn sem flestir þekkja sem Óla Jó.

„Hann er sérstakur persónuleiki og vill fara sínar eigin leiðir og á það jafnvel til að vera fremur þrjúskur. Hann er þó afar hreinn og beinn í samskiptum sínum við fólk og ég myndi segja að heiðarleiki væri hans helsti kostur,“ sagði fyrrverandi samstarfsmaður Ólafs hjá FH og annar innanbúðar- maður þar tók í sama streng.

„Hann er heiðarlegur maður og nær að skapa mikið og gott traust milli sín og leikmanna sinna og stendur og fellur með þeim og það er lykillinn að góðum árangri hjá honum. Hann talar líka alltaf beint út og segja má því að hann komi til dyranna eins og hann er klæddur.“

Klæðaburður Ólafs sem slíkur varð að sérstöku umræðuefni hjá öðrum viðmælenda. „Ég get alveg tekið undir það að hann komi til dyranna eins og hann er klæddur, eins asnalega og hann klæðir sig nú gjarnan,“ sagði leikmaður FH-liðsins í léttum dúr og bætti við: „Hann er tvímælalaust eftirminnilegasti þjálfari sem ég hef nokkurn tíma haft og hann er alveg ótrúlega flinkur í því að skapa umhverfi þar sem menn leggja sig hundrað prósent fram og hafa á sama tíma gaman af því að spila fótbolta. Hann hefur vissulega ákveðnar skoðanir á hlutunum, en er samt alltaf til í að hlusta á hvað aðrir hafa að segja og er auðveldur í samskiptum. Hann er ekki beint þessi jakkafatatyppa og ég hef það á tilfinningunni að honum líði ekkert

ÓLAFUR DAVÍÐ JÓHANNESSON



ÆVIÁGRIP

Ólafur Davíð Jóhannesson fæddist 30. júní árið 1957 og ólst upp í Hafnarfirði, að undanskildu tímabili á uppvaxtarárum sínum þegar hann bjó á Þorlákshöfn. Hann er eitt fjögurra barna þeirra Jóhannesar Ólafssonar málara og Ragnheiðar Ólafsdóttur, heimavinnandi húsmóður. Ólafur var alla sína skólagöngu í Hafnarfirði, þar sem hann býr enn þann dag í dag ásamt konu sinni Guðnýju Haraldsdóttur, en saman eiga þau tvö börn. Ólafur vinnur sem trésmiður ásamt því að þjálfari og hefur gert um nokkurt skeið. Ólafur hóf þjálfaraferil sinn í meistaraflokki sem spilandi þjálfari hjá Einherja frá Vopnafirði og kom liðinu upp í 2. deild árið 1981. Árið 1983 lék hann sama leik með Skallagrím frá Borgarnesi, en þaðan lá leiðin til FH og svo Vals, þar sem hann varð Íslandsmeistari sem leikmaður árið 1987. Tveimur árum síðar tók hann við þjálfun FH og litlu munaði að hann gerði liðið að Íslandsmeistara og þá var þegar farið að tala um ágæti hans sem þjálfara. Hann sannaði sig enn og aftur sem frábær þjálfari þegar hann stýrði liði Skallagríms upp í efstu deild, árið 1996, öllum að óvörum. Þrjú titlar FH á þremur árum, frá árinu 2004-2006, standa þó upp úr á þjálfaraferli hans. Ólafur kvaddi svo Hafnarfjarðarliðið í lok síðastliðins sumars með því að vinna bikarinn.

VANN SÉR TIL FRÆGDAR

Ólafur er eini þjálfarinn á Íslandi sem hefur unnið þrjú titla í efstu deild karla þrjú ár í röð, en það gerði hann með FH-ingum árin 2004, 2005 og 2006. FH-liðið lenti í öðru sæti í efstu deild árin 2003 og 2007, spilaði til úrslita í bikar bæði árin og vann bikarkeppnina sumarið 2007 í fyrsta skipti í sögu félagsins.

galla í fari Ólafs. „Hann getur ekki hellt upp á kaffi þegar maður kemur í heimsókn og í raun eru almenn heimilisstörf ekki hans sterka hlið. Menn geta eðlilega ekki verið bestir í öllu, en hann kann hvorki á þvottavél né eldavél og er gjörsamlega ósjálfbjarga án konunnar,“ sagði tíður gestur á heimili Ólafs og fyrrverandi samstarfsmaður kom inn á einn galla við að vinna með honum. „Hann kann náttúrlega ekki á síma og SMS og talskilaboð eru fjarri skilningi hans, þannig að maður þurfti að vinna dálítið í kringum þetta.“

Rauður þráður í gegnum samtöl blaðamanns við samferðamenn Ólafs var hins vegar sá að hann sé maður sem alltaf er gaman að hafa nálægt sér og menn kunna vel að meta húmor hans og heiðarleika.

sérstaklega vel þegar hann er með bindi. Hann vill miklu frekar vera í úlpunni sinni með vasana troðfulla af einhverju drasli.“

Í ljós kom reyndar í samtali við fróðari mann að hlutirnir sem Ólafur geymir í vasa sínum væru alls ekkert drasl heldur lukkugripir. „Ólafur á það til að vera hjátrúarfullur og það lýsir sér í því að hann tekur ástfóstri við ákveðna hluti, svo sem skrúfu, rör- eða spýtubút eða eitthvað slíkt sem hann geymir í úlpuvasa sínum í lengri tíma og hefur alltaf með sér á leiki,“ sagði félagi Ólafs sem var af mörgum viðmælendum sagður vera sérfræðingur í öllu háttalagi Ólafs.

„Hann hefur líka mjög sérstakan kæk þegar hann er að undirbúa FH-liðið fyrir leiki á tölufundum; þá lykta hann alltaf hressilega af tölutússinu þannig að menn taka eftir, af hverju veit ég ekki. Kannski finnst honum lyktin bara svona góð,“ sagði títtnefndur sérfræðingur. Haft var á orði að alls staðar þar sem Ólafur hafi þjálfað væri hann afar vel liðinn. „Það var gríðarleg ánægja með Ólaf og hans störf hjá okkur og ég er virkilega stoltur fyrir hans hönd að hann hafi verið ráðinn landsliðsþjálfari, þó fyrr hefði verið. En auðvitað gerðum við Óla að því sem hann er í dag,“ sagði góður vinur Ólafs frá tímum hans í þjálfun austur á landi.

Sumum viðmælendum leiddist greinilega ekki að nota tækifærið og benda á nokkra

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



SALTFÉLAGIÐ
 HEIMILIÐ ER HEILAGT

Grandagarði 2
 101 Reykjavík
 Sími 578 7810
 www.saltfelagid.is

RANDOM

HÖNNUÐUR
 NEULAND

VERÐ
 159.000 KR.

MÍÐAÐ VIÐ EINA HILLU.
 81,6 CM Á BREIDD, 216,3 CM
 Á HÆÐ OG 25 CM Á DÝPT.

HEIMILIÐ ER HEILAGT, ÞESS VEGNA SKIPTIR ÖLLU HVAÐ ÞAR ER INNSTOKKS



KANNA
 7.930 KR.
 STÓRT GLAS
 1.465 KR.
 LÍTIÐ GLAS
 1.260 KR.
 STÓRT GLAS Á FÆTI
 1.660 KR.
 LÍTIÐ GLAS Á FÆTI
 1.334 KR.



Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Og í **Eymundsson** má kaupa sér bækur um hönnun og lífsstíl til að lesa yfir kaffinu.



VERÐ
 8.900 KR.

LOUNGE CHAIR & OTTOMAN

HÖNNUÐUR
 CHARLES & RAY EAMES 1956
 VERÐ
 439.500 KR.



PLASTIC CHAIR

HÖNNUÐUR
 CHARLES & RAY EAMES, 1950
 VERÐ
 19.900 KR.



Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 um helgar.



2.999
~~6.990~~

❖ **10 ltr**

Penta
Akrylbundin plastmálning á loft og vegg, gljástig 5
7207040-6

Fínspartl
750 ml, í sprungur og naglagöt
7111005



Léttspartl
750 ml, alhliða spartl
7111008

499
~~725~~



Rúlla og bakki
23 sm
7014821
699
~~1.350~~

HELGAR SPRENGJA á málningu



Veggmálning
Jotaplast, gljástig 7, beinhvít
7119800

3.499

Gerðu klárt



1.395
kr/m²

3 rafhlöður



12.999
~~19.995~~

Hleðsluborvél, Hitachi
12V, 3 rafhlöður, stuttur hleðslufími, ljós og bitasett fylgir með ásamt tösku
5247480

Gólfllisar, Keope
Gegnheilar, frostþolnar, 8,5 mm þykkar, 30x30 sm
8630030/31/33

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

Nóvemberkaktus
verð frá
199 kr



Jólaímíðar
verð stk.
99 kr



50%
afsláttur

Skrautseriur rafhlöðu

fyrir jólin

Jólahús
með ljósi
30%
afsláttur



Kertamarkaður
60%
afsláttur



HÚSASMÍÐJUBLAÐIÐ
ER KOMIÐ ÚT



Aktu vel
aktu örugglega



PEUGEOT
207_{XR}

VERÐ FRÁ KR.
1.729.000

- 1.4i, 75 hestöfl
- 5 dyra
- ABS bremsukerfi
- ESP stöðugleikakerfi og spólvörn
- 6 loftpúðar
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Hiti í framsætum
- Aksturstölva

www.peugeot.is



Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Júdasarheilkennd og fullkomið aðgerðale

Í Dagbók **Práins Bertelssonar** er sagt frá ferðalagi til Suður-Frakklands, 18 stiga heitu hausti, ostrum, kryddjurtum, listrænu fjalli og klæðaskáp á hjólum; einnig er komið inn á Bakkynjur, Júdasarheilkennd og franskan minnisvarða um akstursafrek frú Sólveigar á því Herrans ári 1970.



KÆRA DAGBÓK

Práinn Bertelsson skrifar

SUNNUDAGUR, 28. OKTÓBER.

Steypuhjólborur og klæðaskápur á hjólum

Síðasti undirbúningur fyrir utanlandsferðina er að baki. Nú er okkur ekkert að vanbúnaði. Á mánudaginn leggjum við af stað til Suður-Frakklands. Þar ætlum við að vera með fleira fólki þar til á laugardag en þá förum við til Parísar að skemmta okkur og komum ekki heim fyrr en miðvikudaginn 7. nóvember.

Í kvöld hafði ég lambalæri að forníslenskum síð fyrir börnin því að einhver veginn hef ég á tilfinningunni að í fjarveru afa og ömmu muni hlutfall langsoðinna rétta í fæðuvalinu lækka en skyndipitsum, pylsum og borgurum fjölga að sama skapi.

Nú hefur frú Sólveig náð þeim þroska í lífinu að hún er orðin svo mikill minimalisti að okkur hjónum nægir ein ferðataska í tíu daga ferðalag. Þessi ferðataska er að vísu ívið stærri en tvær litlar. Á skólaárum mínum starfadi ég stundum við handlang hjá afkastamiklum og kröfuhörðum múrurum og lærði þá list að aka niðþungum hjólbörum fullum af steypu svo að það mun ekki vefjast fyrir mér að aka þessari ferðatösku, sem er í raun klæðaskápur á hjólum, suður til Frakklands þangað sem ferðinni er heitið á morgun.

ÞRIÐJUDAGUR, 30. OKTÓBER.

Hið listræna fjall Sainte Victoire

Glampanði sólskin og 18 stiga hiti.

Núna eru allir ferðafélagarnir samankomnir í litlu húsi þar sem heitir Beaucueil í námunda við Aix-en-Provence.

Ferðalagið var eins notalegt og nútímaferðalag getur orðið. Flugíð frá Keflavík til Lundúna fór nefnilega á síðmenntuðum tíma um hádegisbil og síðan höfðum við góðan tíma til að ná tengifluginu til Marignan-flugvallar í Marseille.

Í sárabót fyrir þá ómurlegu niðurlægingu sem fylgir flugferðum hef ég það fyrir reglu þegar ég á leið um Gatwick að koma við á sjávarréttabarnum og borða ostrum sem eru fullar af fjörefnum. Þarna hittum við samferðafólkið, Ævar og Guðrúnu, sem voru búnar að vera í nokkra daga í London þar sem Ævar var að sinna samstarfi við kollega sína á útvarpinu hjá BBC.

Hérna í Beaucueil búum við úti í sveit í dálitlu húsi sem við



leigjum af fornum kunningja Hrafnhildar og Péturs. Pétur bættist svo í hópinn í dag en hann var á einhverju rithöfundapingi í Trieste.

Morgunkaffið drukkum við utanhúss. Hér er blæjalogn og 18 stiga hiti. Húsið er umlukt skógi á alla vegu og trén halda okkur haustlitasýningu. Rétt fyrir neðan húsið niðar lítil og tær lækur og fyrir ofan húsið er dálítil brekka, þaðan sem sér á Sainte Victoire-fjallið en þar máladi Cézanne af sama

ákafa og Kjarval á Þingvöllum og Ásgrímur í Borgarfirðinum og við rætur Sainte Victoire í Vauvenargues átti Picasso dálítið slot þar sem hann bjó löngum stundum.

Leirkennd moldin í brekkunni hérna fyrir ofan okkur er rauð eins og jörðin í Afríku og loftið angar af kryddjurtum. Hér vex bæði nóg rósmarín og blóðberg til að krydda allan íslenska fjárstofninn.

Aix-en-Provence er falletgur bær, á stærð við Reykjavík en töluvert eldri. Hér stofnaði Caius Sextius Calvinus rómverska herstöð í Gallíu árið 122 f. Kr. því að hér eru góð vatnsból, Nafnið Aix er orðið til úr Aquae Sextiae, vötn Sextíusar, og það eru mikil hlunnindi að hér um slóðir getur maður þambað kranavatni sem gefur Gvendarbrunnvatni ekkert eftir.

Í Aix búa um 150 þúsund manns og þar er háskóli í tengslum við háskólann í Marseille. Hér hafa heilmargir Íslendingar stundað nám. Pétur og Hrafnhildur voru hér hagvön þegar við Sólveig komum og eyddum hér vetrinum 1971-72. Nokkrum árum síðar komu svo Guðrún og Ævar og nutu handleiðslu Péturs og Hrafnhildar eins og við.

Ekki hef ég grænan grun um á hverju fólki í Aix lifir nema ef vera kynni hvert á öðru og svo á þjónustu tengdri háskólanum en hér virðist drjúpa smjör af hverju strái.

Við Sólveig höfum ekki

komið hingað í 35 ár. Hrafnhildur og Pétur hafa haldið tengslum við staðinn og koma hingað oft, bæði til að vera í frí og ekki síður til að vinna, því að hér er mikil friðsæld. Núna þarf Hrafnhildur að sinna einhverju verkefni. Pétur er að stússa fyrir rithöfund. Ævar og Guðrún þurfa líka eitthvað að sýsla en við Sólveig erum áhyggjulaus og komum eingöngu til að skoða okkur um á fornum slóðum og taka okkur frá daglegu amstri.



MIÐVIKUDAGUR, 31. OKTÓBER.

Frú Sólveig og Bakkynjurnar

Það var gaman að reika um göturnar í Aix. Smátt og smátt fara minningar sem maður hélt að væru löngu gleymdar að seytila inn í hugann.

Pétur sem er stálminnugur leiddi okkur á merkilegan sögu stað þar sem Sólveig vann eitt af sínum frægustu afreksverkum.

Þetta var fyrir mína tíð í Aix en Sólveig hafði orðið sér úti um gamlan bílskrjóð til að geta betur skoðað sig um og kíkt niður á Rívíeruna. Á þessum tíma tíðkaðist bílaumferð um þröngar göturnar í miðbænum.

Einhverju sinni ætlaði Sólveig að stytta sér leið og ók inn í götu sem er óvenjuþröng, jafnvel á mælikvarða miðalda. Hún taldi sig þó vera á réttri leið eins og ævinlega en gáði ekki að því að gatan þröngdist jafnt og þétt og ók ótraud áfram þar til hún festi bílinn milli húsa.

Það varð Sólveigu til bjargar að sólguggi var á þakinu og ótal hjálpuðar hendur hífðu hana upp úr bílnum og Pétur heldur því fram að þetta akstursafrek hinnar ljóshærðu norðanstúlku lifi enn í sögu og ljóði hér suður í Provence. Hann leiddi okkur að götunni en nú hafa þær framfarir orðið að rimlagrind úr járn til koma í veg fyrir að öku menn villist inn í götuna. Þetta hlið segir Pétur að hafi verið sett upp sem minnisvarði um akstursafrek frú Sólveigar árið 1970.

Við förum öll saman út að

g
ysí



borða í kvöld á ágætan stað sem heitir Les Bacchanales eða Bakkyrnurnar á Kórónugötu 10 í Aix. Mér fannst nafnið spennandi og var alls ekki frábitinn því að lenda í minniháttar orgíu. En þarna voru því miður engar Bakkyrnur sjáanlegar. Þetta var afskaplega settlegur staður og maturinn sosomeg ágætur.

FIMMTUDAGUR, 1. NÓVEMBER.

Misvísandi upplýsingar

Ævar sem er guðfræðingur er að sjálfsgöðu með nýju biblíubýðinguna meðferðis. Alveg er mér það hulin ráðgáta hvernig fólk getur verið að æsa sig upp yfir því að ljót og heimskuleg orðskrípi eins og „kynvillingur“ skuli vera aflögð.

Reyndar hef ég aldrei haft brennandi áhuga á Gamla testamentinu og aldrei haft ánægju af að lesa um hið ótrygga og stressaða samband milli Guðs og sköpunarverksins meðan manneskjurnar voru að gera sér mynd af Guði og Guð var að kynna manneskjurnum.

Nýja testamentið nægir mér allveg þrýðilega og þótt þar sé ýmislegt að finna sem rekt á annars horn er ég mest hissa á hversu samstæða frásögn það hefur að geyma þrátt fyrir allt með tilliti til þess að samtímavitnisburðir um sáraefalda hluti eins og stofnun fyrirtækis geta verið svo myrkir og misvísandi að engin leið sé að botna neitt í neinu.

Til dæmis er hin 2000 ára gamla saga af kvöldmáltíð, krossfestingu og upprisu ólíkt einfaldari, auðskildari og trúverðugri en fréttir gærdagsins af stofnun Reykjavík Energy Invest, kraftaverkagróða Bjarna Ármannssonar, Júdasarheilkeninu í borgarstjórn og óvæntri upprisu Dags borgarstjóra sem flestir héldu að væri snoturt pólitískt lík með bjarta framtíð að baki.

Hér er sama veðurbliðan dag eftir dag. Náttúrufegurðin er stórkostleg.

Jafnvel þótt það sé skemmtilegt að vinna er indælt að eiga frí einstöku sinnum. Vive la France!

Jól barnanna

995,-

BYGGA kubbasett marglitað



KLAPPAR IGELKOTT leikfang í bandi marglitað 795,-



KLAPPAR IGELKOTT mjúkdýr 2 stk. brúnt 695,-



KLAPPAR GUBBE kubbasett marglitað 995,-



MULA leikfang marglitað/beyki 995,-



KLAPPAR ELEFANT mjúkdýr H60 cm 1.790,-



KLAPPAR ISBJÖRN mjúkdýr H60 cm hvítt 1.290,-



KLAPPAR PANDA mjúkdýr H32 cm 695,-



KLAPPAR FISK leikfang í bandi appelsínugult 795,-



KLAPPAR BOLL mjúkir boltar ýmsir litir 95,-/stk.



Opið 10:00-20:00 virka daga | Laugardaga 10:00-18:00 | Sunnudaga 12:00-18:00 | www.IKEA.is

ENSKI BOLTINN

Í DAG KL. 12:25

ARSENAL MAN. UTD. HD

BODGREIÐSLUTILBOD!
Sýn 2 og Sýn Extra stöðvarnar á aðeins 3.990 kr. á mánuði fyrir korthafa VISA í nóvember og desember.

UMMÆLI VIKUNNAR

Mannréttindaleysi?

Ég vil benda á að sú mann-
réttindabaráttá, sem kann að
vera vel meint, getur hæglega
snúist upp í andhverfu sína.

ÖGMUNDUR JÓNASSON (VG)
VAR EKKI HRIFINN AF ÁHERSLUM
PÉTURS BLÖNDAL Í UMRÆÐUM UM
IDNADARMÁLAGJALD.

Alþingi, 30. október

Litlir Landsímamenn

„Einfestaklingar, hvar sem
þeir eru, búa yfir upplýsing-
um um verðsamráð, sem er
mjög alvarlegt brot, þá er
mjög mikilvægt að þeir komi
þeim á framfæri. Verðsam-
ráð varðar allt að sex ára
fangelsi. Þetta eru einhver
alvarlegustu brot á markaði.“

LÚÐVÍK BERGVINSSON (S) RÆDDI
UM MEINT VERÐSAMRÁÐ BÓNUSS
OG KRÓNUNNAR Í UMRÆÐUM UM
STÖRF ÞINGSINS.

Alþingi, 1. nóvember

stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á vísir.is

Þrjú sveitarfélög með útsvar í lágmarki

Þingmenn ræddu í gær frumvarp
þar sem lagt er til að lágmarksúts-
var sveitarfélaga verði afnumið.
Þrjú litil sveitarfélög á landinu með
samtals tæplega 300 íbúa eru með
lágmarksútsvar, en yfirgæfandi
meirihluti sveitarfélaga er með
útsvarið í hámarki.

Lágmarksútsvar sem sveitarfélög
geta haft er 11,24 prósent, og eru
sveitarfélögin Skorradalshreppur
og Helgafellssveit á Vesturlandi
og Ásahreppur á Suðurlandi með
lægsta útsvarið.

Jóhannes Eyberg, varaoddviti
hreppstjórnarinnar í Helgafellssveit,
segir að sveitarfélagið myndi eflaust
íhuga það alvarlega að lækka
útsvarið yfri lágmarkið fellt út.
Hann tekur þó fram að vandlega



RETTIR Í SKORRADAL Íbúar í Skorradalshreppi eru meðal þeirra
tæplega 300 landsmanna sem greiða lægsta útsvarið á landinu.

þurfi að fara yfir tekjur og útgjöld
þessa rúmlega fimmtíu manna
sveitarfélags, verði frumvarpið að
lögum. Ekki sé víst að útsvarið lækki
þó það sé ekki ólíklegt.

Nokkur önnur sveitarfélög eru
með lágt útsvar en ekki alveg í
lögbundnu lágmarki. Af stærri
sveitarfélögum er Seltjarnarnes
lægst með 12,35 prósent. Hæst má
útsvarið vera 13,03 prósent.

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, fyrsti flutn-
ingsmaður frumvarps um afnám
lágmarksútsvars, segir það hversu
fáa málið snertir ekki skipta öllu.
Málið snúist um þá grundvallar-
spurningu hvort ríkið eigi að skylda
sveitarfélög til að innheimta hærra
skatta en þau þurfi til að reka sína
þjónustu.

VIKA Í PÓLÍTÍK

BRIJANN JÓNASSON

Keisarinn nakinn í pontunni



Þingmannamál voru einkennandi fyrir líðna viku á Alþingi.
Óbreyttir þingmenn áttu sviðið að mestu, enda ráðherrar flestir
að æfa kunnáttu sína í norrænum málum á Norðurlandaráðs-
þingi fyrirpart vikunnar. Þingmannamál eru einfaldlega frumvörp
sem lögd eru fram af óbreyttum þingmönnum, ekki ráðherrum í
ríkisstjórninni.

Þarna virðist himinn og haf á milli. Þó að oft sé tekist harka-
lega á um frumvörp sem ráðherrar leggja fram má þó nokkurn
veginn gefa sér fyrir fram að málin muni ná fram að ganga, þó
að vissulega séu dæmi um mál sem sigldu í strand.

Um þingmannamálin gegnir allt öðru máli. Bjarni Harðarson vakti reiði Péturs
Blöndal í umræðum um frumvarp Péturs í vikunni, þegar Bjarni gaf í skyn að frum-
varpið hefði verið lagt fram til gamans.

Pétur tók þetta óstínt upp, og krafði þingmanninn um afsökunarbeiðni. Það væri
meðal annars hlutverk þingmanna að leggja fram þingmál, og það gerði enginn
maður að gamni sínu. Svo fór að Bjarni baðst afsökunar, en hinn nýi þingmaður
Framsóknarflokksins var þarna að segja má í hlutverki barnsins sem bentí á að
keisarinn væri klæðalaus. Ekki svo að skilja að Pétur hafi verið fáklæddur í pontu,
enda andstætt reglum sem gilda í þingsalnum, heldur vegna þess lögmáls sem
virðist gilda um þingmannamál.

Lögmálið er einfalt: Mál sem óbreyttir þingmenn leggja fram eiga svo gott sem
engna möguleika á því að verða að lögum. Þetta viðurkenna þingmenn óhikað, og
segja vissulega ákaflega pirrandi að leggja mikla vinnu í málin, vitandi að þau muni
líklega daga uppi eins og náttúrollin í skúmaskotum þinghússins.

En hvers vegna standa þingmenn í því að leggja fram þingmannamál? Ekki virðast
þeir gera það að gamni sínu. Þingmenn nota þingmannamálin í og með til að
koma umræðu af stað og gefa henni aukið gildi, og reyna að vinna hugðarefnum
sínunum brautargengi. Ef málin komast á dagskrá, fara í gegnum fyrstu umræðu og
enda í nefnd, fást einnig umsagnir um frumvörpin frá þeim sem eiga hagsmuna að
gæta, sem gæti styrkt málin verði þau lögd fram aftur.

Spurningin er hvort þetta harða lögmál um þingmannamál er komið til að vera.
Pétur Blöndal óskaði þess ítrekað í umræðum um mál í vikunni að þau kæmst í
atkvæðagreiðslu í þinginu, í stað þess að sofa í nefnd eins og venjan er. Vottaði
jafnvel fyrir þinginu. Þingmaður Samfylkingarinnar sagðist í samtali vongóður um
að lögmálið breyttist með nýrri ríkisstjórn, og að þingmannamálin færu oftari í
atkvæðagreiðslu. Kannski ekki strax, en vonandi yrði það þróunin.

Óbreyttir þingmenn myndu í öllu falli fagna því, enda getur varla verið gaman að
vinna endalaust að málum sem engna möguleika eiga á að fá framgang.

Stjórnarliðar deila um jafnréttisfrumvarpið

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra lagði fram frumvarp um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á Alþingi á fimmtudag. Fulltrúar allra flokka unnu að gerð þess, en þingmenn stjórnarflokka deila um einstök atriði sín á milli.

„Ég get ekki tekið undir það að hér sé allt í ólagi í jafnréttismálum,“ sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks. Í ræðu sinni sagðist hún styðja frumvarpið, en vera ósammála einstaka efnisatriðum þess.

Í frumvarpinu kveður á um að fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn setji sér jafnréttisáætlun. „Ég óttast að þetta verði mjög íþyngjandi fyrir minni fyrirtæki og muni þannig skapa neikvætt viðhorf til jafnréttismála,“ sagði Ragnheiður.

„Ég er ekki sannfærð um að það að skikka fyrirtæki til að gera jafnréttisáætlun sé leiðin að jafnrétti,“ sagði Ragnheiður. Hún vill jafnframt kanna hvort frumvarpið sé of kvennamíðað.

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sagði mikilvægara að fyrirtæki fengju hvatningu til góðra verka, til dæmis sérstaka jafnréttisvottun, í stað þess að þau settu sér jafnréttisáætlanir.

Róbert Marshall, þingmaður Samfylkingar, var á öndverðum meili. „Á að verðlauna fyrirtæki fyrir jafn sjálfsagðan hlut og að brjóta ekki mannréttindi og virða



MANNMÖRG FYRIRTÆKI Frumvarpið kveður á um að fyrirtæki með 25 eða fleiri starfsmenn geri jafnréttisáætlun. Þá verði Jafnréttisstofu heimilt að beita þau fyrirtæki dagsektum sem grunuð eru um brot á jafnréttislögum.

HELSTU ÁKVÆÐI FRUMVARPSINS

- Umsækjendur um störf geti krafðið atvinnurekanda um rökstuðning, fái manneskja af gagnstæðu kyni starfið.
- Launaleynd verði afnumin.
- Óheimilt verði að birta auglýsingar sem eru öðru kyninu til lítilsvirðingar.
- Jafnréttisstofa verði eflað og fái heimild til að afla gagna hjá fyrirtækjum og stofnunum ef grunur er um brot á jafnréttislögum.
- Fyrirtæki með 25 eða fleiri starfsmenn setji sér jafnréttisáætlun.
- Úrskurðir kæruneftar jafnréttismála verði bindandi.
- Í sérhverju ráðuneyti starfi jafnréttisfulltrúi.

stjórnarskrána?“ spurði Róbert.

Vinstri græn telja frumvarpið ganga of skammt. „Af hverju eru Jafnréttisstofu ekki veittar jafn góðar heimildir og Samkeppnisstofnun?“ spurði Atli Gíslason, þingmaður VG. „Kynbundinn launamunur er brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, samkeppnisbrot eru það ekki.“

Nefnd skipuð fulltrúum allra

þingflokka og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu skilaði drögum að frumvarpinu í mars síðastliðnum. Fyrir nefndinni fór Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hestarettardómari. Félagsmálaráðherra gerir ráð fyrir að frumvarpið leiði til 33 til 37 milljón króna útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á ári.

steindor@frettabladid.is

GRÍÐARSTÓR GAMANMYND MEÐ LITLAR KÚLUR!



Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 99 kr/skýrtó.



SENDU SMS JA BFF
Á NÚMERIÐ 1900 OG
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
Vinningar eru Bíomídiar fyrir tvo, DVD myndir,
varningur tengdur myndinni og margt fleira!

9
FRER VINNUR!

Varaþingmenn hafa nýtt tímann vel og lagt fram nokkur frumvörp í vikunni:

Stundum langur fyrirvari

Varaþingmenn hafa látið ljós sitt skína á Alþingi í vikunni, enda tóku óvenjumargir sæti þessa vikuna. Sumir mæltu fyrir eigin frumvörpum, enda gjarnan reynt að koma málum þeirra á dagskrá þingsins áður en þeir hverfa þaðan brott á nýjan leik.

Valgerður Bjarnadóttir, varaþingmaður Samfylkingarinnar, flutti frumvarp um breytingar á umdeildum lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

„Frumvarpið er nokkuð sem ég hef verið að tala um í mörg ár. Ég var staðráðin í að bera það upp ef ég færi inn, svo að því leyti til var ég undirbúin,“ segir Valgerður.

Dögg Pálsdóttir, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist hafa ákveðið að leggja fram frumvarp um breytingar á barnalögum um leið og hún varð varaþingmaður. Hún mælti fyrir frumvarpi sínu í gær, og sagðist ánægð með viðtökurnar. Málið fór í hefðbundinn farveg til nefndar, sem fær svo það hlutverk að vinna málinu brautargengi í fjarveru flutningsmanns þess.

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist hafa ákveðið að leggja fram frumvarp um afnám lágmarksútsvars þegar hún



VARAMENN Valgerður Bjarnadóttir (til vinstri) og Erla Ósk Ásgeirsdóttir tókust í hendur í gær, en þá fögnuðu þær því ásamt Dögg Pálsdóttur að hafa mælt fyrir sínum fyrstu frumvörpum á Alþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

var beðin um að setjast á þing. Málið hafi verið eitt þeirra sem ungliðahreyfing flokksins hafi barist fyrir, og því eðlilegt að hún sem einn forystumanna ungliða berðist fyrir málinu á Alþingi þegar tækifæri gafst til þess.

Mjá, voff, tíst, hnegg, blúbb...

Eigendur gæludýra vita nákvæmlega
hvað við erum að tala um.

Í dag opnum við nýja og glæsilega
gæludýraverslun að Fiskislóð 18.



Við höfum allt sem þarf til gæludýrahalds, hvort sem er fyrir hunda, ketti, fiska, nagdýr eða fugla. Fljótlega verður síðan opnuð deild fyrir hestamanninn.

Við leggjum áherslu á gæðafóður frá Eukanuba og lams ásamt ýmsar sérvörur fyrir hunda og ketti eins og Puppyangel hundaföt.

Í tilefni af opnun verslunarinnar bjóðum við
**50% afslátt af sérfóðri frá EUKANUBA og
20% afslátt af öðru fóðri. Tilboðið gildir út
nóvembermánuð.**



Fiskislóð 18 - 101 Reykjavík - Sími 552 7400
Afgreiðslutími er virka daga frá 10.00 - 18.00 og á laugardögum frá 10.00 - 16.00

PÖNKROKKARINN ADAM ANT ER 53 ÁRA Í DAG

„Við skulum bara segja að í gamla daga hafi mér boðist kynlíf í öðru hverju skrefi. En ég sœngaði aldrei hjá neinni sem ekki þráði mig.“

Adam Ant er best þekktur sem söngvari pönkrokkveitarinnar Adam and the Ants sem varð vinsæl upp úr 1980. Hann var frumkvöðull í notkun tónlistarmyndbanda, þótti mikið kvennagull og kom ávallt fram málaður að indíanasíð.



PETTA GERÐIST: 3. NÓVEMBER 1994

Susan Smith játar sonamorð

Það var þennan dag fyrir þrettán árum að bandaríska móðirin Susan Smith var handtekin fyrir morð á ungum sonum sínum, en áður hafði hún fullrytt að drengjunum hefði verið rænt.

Mál þetta vakti heimsathygli þegar Susan tilkynnti lögreglu að blökkumaður hefði rænt bifreið hennar og ekið á brott með synina Michael 3 ára, og Alexander 14 mánaða. Í kjölfarið kom hún fram á öllum helstu sjónvarpsstöðvum og grátbað þjóð sína að bjarga börnunum.

Níu dögum síðar, eftir rænkilegar rannsóknir og mikla umfjöllun fjölmiðla þar sem almenningur var hvattur til að svipast um eftir bifreið Susan, játaði hún að hafa drekkt sonum sínum með því að láta bifreið sína renna út í John D. Long-vatnið.

Var heimsbyggðinni illa brugðið, þar sem málið hafði vakið mikla samúð og geðshræingu, og vakti sú staðreynd að Susan hafði reynt að koma sökinni á amerískan svertingja mikla reiði.

Enn viðurstygglegra var tilefnið, en Susan ákvað að drekkja sonum sínum til að geta helli sér heils hugar út í samband með ríkum manni sem hafði engan áhuga á drengjunum hennar. Hefur Susan aldrei svarað því hvers vegna hún kaus að myrða syni sína frekar en að koma þeim í umsjá föður þeirra.

Susan var dæmd í lífstíðarfangelsi 22. júlí 1995 en getur sótt um reynslausn 2024.



MERKISATBURÐIR

- 1660 Kötlugos hefst með jarðskjálftum og jökulhlaupi og stóð fram á vetur.
- 1839 Fyrsta ópiumstríðið – tvær breskar freigátur ráðast á kínverskar djúnkur.
- 1918 Pólland lýsir yfir sjálfstæði frá Rússum.
- 1928 Tyrkland tekur upp rómverskt stafróf í stað arabískt.
- 1955 Kona í Alabama slasast af völdum stjórnuhrips.
- 1968 Alþýðubandalagið stofnað sem stjórnmálaflokkur.
- 1970 Nixon Bandaríkjaforseti lofar að kalla herliði sitt frá Vietnam.
- 1990 Gro Harlem Brundtland hefur annað kjörtímabil sem forsætisráðherra Noregs.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



HAL HARTLEY LEIKSTJÓRI ER 48 ÁRA Í DAG.



INGI BJÖRN ALBERTSSON VEITINGAMAÐUR ER 55 ÁRA Í DAG.



DOLPH LUNDGREN KVIKMYNDABUFF ER 50 ÁRA Í DAG.



ROSEANNE BARR LEIKKONA ER 55 ÁRA Í DAG.



RÚSSAR Á ÍSLANDI Félag rússneskumælandi samlanda á Íslandi stendur fyrir blómlegri menningardagskrá í nóvember og desember.

Rússnesk menningarhátíð

Nýlega var stofnað félag rússneskumælandi á Íslandi sem kallast „Áttthagafélag – félag rússneskumælandi samlanda á Íslandi“. Hlutverk félagsins er meðal annars að sameina rússneskumælandi einstaklinga á Íslandi og alla þá sem tengjast Rússlandi á einn eða annan hátt, aðstoða íslensk yfirvöld við að framfylgja fjölmenningsstefnu og styrkja tengslin milli Íslands og Rússlands. Auk þess hafa félagsmenn í hyggju að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum. Formaður félagsins er Tamara Soutourina en fyrsti atburðurinn á dagskrá félagsins er rússnesk menningarhátíð sem sett verður 4. nóvember í Seltjarnarneskirkju og mun standa fram til jóla. Á dagskránni eru meðal annars rétttrúnaðarguðsþjónusta til heiðurs Maríu mey og sýning á listaverkum rússneskumælandi íbúa á Íslandi. Einnig verða fyrirlestrar um rússneskar bókmenntir, ýmsar sýningar og tónlistarviðburðir.



ÁVALLT SKÁTI Helgi Jónsson, verkefnastjóri Bandalags Íslenskra skáta, hefur haft í nógu að snúast við undirbúning hátíðarhaldanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SKÁTAHREYFINGIN: FAGNAR Í DAG 100 ÁRA AFMÆLI SKÁTASTARFS Í HEIMINUM

Eitt sinn skáti – ávallt skáti

Í sumarlok voru hundrað ár síðan Englendingurinn Baden Powell fór í sína fyrstu útilegu með skátaflokk, en skátar um allan heim fagna þessum merku tímamótum um helgina.

„Við höfum verið í afmælisskapi allt þetta ár og gert okkur ýmsan dagamun en í dag bjóðum við til lokahátíðar í Fífunni í Kópavogi. Þar verður boðið upp á afmælistertu, kassaklifur, kassabíllarallí, líflínubjörgun, þrautabrautir, hoppkastala, klifurturn, póstakeppni, söngstundir, andlitsmálningu, grillaðar pulsar og margt, margt fleira að skátasið með miklu fjöri, söng og húllumhæi,“ segir Helgi Jónsson, verkefnastjóri hjá Bandalagi íslenskra skáta, en íslenskir skátar halda einnig upp á 95 ára afmæli íslensks skátastarfs í ár.

„Baden Powell fór í þessa merku útilegu í tilefni af því að þjóðfélagið var að breytast og börn sem áður höfðu verið á vinnumarkaði höfðu meiri frítíma. Hann vildi efla með þeim sjálfbjargarviðleitni og kenndi þeim ridd-

aramennsku, en skátar hafa ávallt haft útvist og náttúru í hávegum sem og að kunna að bjarga sér í öllum mögulegum aðstæðum og hjálpa náunganum í litlum nauðum sem miklum,“ segir Helgi sem sjálfur gerðist skáti árið 1976.

„Ég hef sennilega fæðst fullur af skátaanda. Ég var ákaflega félagslynt barn og fann mig fljótt í hressilegum félagsskap jafnaldra sem einnig höfðu yndi af útvist, leikjum og þrautum. Skátastarfið hefur mótað mig í gegnum lífið og enn lít ég á verkefni sem spennandi úrlausnarmál í stað vandamáls og get engan veginn sagt nei við hjálparbónum samferðamanna minna,“ segir Helgi hláturmildur, en alls eru rúmlega þrjú þúsund skátar í þrjátíu íslenskum skátafélögum um allt land.

„Börn geta byrjað í skátunum á áttonda árinu og við bjóðum skipulagt starf upp í 22 ára aldur. Þá geta skátar valið um annað hvort leiðtogaþjálfun eða hjálparstarf. Síðan tekur

við foringjastarf með yngri hópa eða starf með hjálparstarf, en til þess þurfa skátar að vera orðnir sautján ára,“ segir Helgi. Hjálparstarfið skáta í Reykjavík er sjálfstætt starfandi innan Slysavarnarfélagssins Landsbjargar. „Skátar eru eftirsóttir í björgunarsveitir því þeir hafa þennan sjálfboðaliðagrunn og eru sterkir í útvist, björgun og félagsstarfi.“

Að sögn Helga er mikil uppsveifla í skátastarfi hérlendis og mikil stemning meðal íslenskra skáta.

„Félagsskapurinn er eftirsóknarverður, starfið byggist á því að börnin verði sterkari persónuleikar og eigi auðveldara með að takast á við verkefni daglegs lífs. Þau læra með því að reyna sjálf og allir fá að spreya sig og vera með,“ segir Helgi. Hann hvetur sem flesta til að mæta í afmælið og samgöngustarfið með skátum í Fífunni. Hátíðin hefst klukkan 14 og endar með stórkostlegri flugeldasýningu í boði Slysavarnarfélagssins Landsbjargar klukkan 18.

thordis@frettabladid.is



†
Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfadur, tengdafadur og afi,
Sigurður V. Hallsson
Lindargötu 57

lést fimmtudaginn 18. október á líknardeild Landspítalans Landakoti. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Hrafnhildur Eyjólfssdóttir
Margrét Sigurðardóttir Friðjón Örn Friðjónsson
Anna Mariella Sigurðardóttir Jakob Gunnarsson
Benedikt Sigurðsson
Eyjólfur Rósmundsson Hekla Gunnarsdóttir
Elisabet Rósmundsdóttir Páll Viðar Jenson
Unnur Rósmundsdóttir og afabörn.



†
Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafadur, afi og langafi,
Gestur Sigurðsson,

Bústaðavegi 75, Reykjavík, áður til heimilis á Dalvík,

lést laugardaginn 27. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 5. nóvember kl. 13.00.

Guðrún Jónína Sigurpáldóttir
Hanney Árnadóttir Helgi Jónsson
Snorri Gestsson Auður Ingvarsdóttir
Signý Gestsdóttir Hákon Aðalsteinsson
Sigurpáll Gestsson
barnabörn og barnabarnabörn.



†
Elskuleg systir mín og frænka okkar,
Sigríður Þórðardóttir
Hrafnistu Hafnarfirði, áður Stigahlíð 36, Reykjavík,

lést að morgni 31. október. Útförin fer fram föstudaginn 9. nóvember frá Háteigskirkju kl. 14.00.

Guðný Þórðardóttir
Gunnvör Valdímarsdóttir Jóhann G. Sigfússon
Ragna, Alda Sif, Þorsteinn, Þórgunnur og fjölskyldur.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Sömu eigendur Sama hugarfar

„Verðkönnunarkjötið“ er ekki aðeins að finna í matvöruverslunum. Sömu markaðsráðandi fyrirtækin gína yfir byggingavörumarkaðnum og matvörumarkaðnum.

Nokkur dæmi:

1. Byko auglýsir **bílskúrshurðaopnara** á 12.900 kr. Þegar inn í búðina er komið blasa við á tilboðspalli bílskúrshurðaopnarar á 21.900 kr. en örfá stykki af ódýru opnurunum eru kyrfilega falin „í frystikistunni“ – ómerkt í hillu á lítið áberandi stað.
2. **Fölsk tilboð.** Oft hefur varan ekki verið seld áður á svokölluðu fyrra verði. Verið er að blekkja neytandann til að halda að hann sé að fá vöruna á betra verði en áður.
3. Byko fór að selja sérmerкта **verðkönnunarmálningu** (Fönn) á lágu verði þegar Múrbúðin hóf að birta samanburðarauglýsingar. Málningin var falin neðst í hillu og afgreiðslumenn Byko ráðlögðu gegn notkun hennar. Nú hefur Múrbúðin ekki birt samanburðarauglýsingar í nokkurn tíma og þá er Byko hætt að eiga málninguna til á lager. Hún er hins vegar sögð „væntanleg“ þegar spurt er eftir henni.
4. Jólaskraut var auglýst með **50% afslætti** í Byko, í staðinn fyrir 30% áður. Samt hækkaði verð þess. Byko hafði einfaldlega hækkað „fyrra“ verðið frá því í vikunni áður, til að láta afsláttinn líta vel út.

Múrbúðin kvartaði yfir vinnubrögðum Byko til Neytendastofu í apríl síðastliðnum. Ekkert hefur gerst. Málið þvælist um í kerfinu og á meðan vinna þessir kaupmenn eftir sínum eigin leikreglum – á kostnað neytenda.

múskó

Kynntu þér málið á www.musko.is

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Elísabet hitti Algea í New York þegar hún dvaldi þar með leik-sýningu árið 2005. Það var á götu úti og voru kynnin stutt, innileg og magnþrungin. Ólík öllu öðru sem Elísabet hafði kynnst. Nokkrum mánuðum síðar var Elísabet búin að borga flugfar fyrir hann hingað til lands og hann staddur í eldhúsinu hjá henni, eldandi bragðsterkan mat sem Elísabet skóf kryddið af og sjóðandi ginger-ale í stórum potti. Hann saumaði líka hatta og spilaði á trommur og einhverjir muna eflaust eftir honum þar sem hann kom fram í fjölmiðlum í tengslum við hattagerð sína eða spilandi á hljóðfæri sín. Hann var sem sagt New York-búi og mikið meir vissi Elísabet ekki um hann. Á landinu dvaldi hann í þrjá mánuði, bjó heima hjá Elísabetu og eyddi með henni hverri mínútu uns hann hvarf skyndilega af landi brott. Premur mánuðum eftir brothvarfið hófst Elísabet handa við að skrifa sögu af ástum, kynlífi, geðhvörfum og fleiru til.

Raunsönn lýsing

„Ég segi alltaf að þetta sé ástarsaga, sem inniheldur auðvitað margt annað líka. Um tvær manneskjur sem eru að reyna að elska. Svo kemur sagan auðvitað inn á mjög margt annað líka því andstæðurnar voru endalausar. Ég er hvít kona og hann svartur maður. Hann er Ameríkani – ég íslensk. Hann gestur og ég gestgjafi. Upphaflega settist ég niður við að skrifa þessa sögu til að reyna að skilja af hverju sambandið fór svona í klessu,“ segir Elísabet og bætir spök við: „Já, eða allavega, til að komast að því af hverju þetta fór eins og það fór, ætli það sé ekki betra að segja það. Ég vildi ekki að þetta gæti gerst aftur og skrif hafa áður nýst mér sem ákveðnar vísindarannsóknir í að fá niðurstöður. Og svo var auðvitað gaman að segja þessa sögu. Algea myndi að sjálfsgöðu segja hana öðruvísi og maður velur alltaf inn í það sem maður vill nota og á þann hátt er það skáldskapur. En jú, ætli þetta sé ekki nokkuð raunsönn lýsing þótt ég líti á þetta sem skáldverk.“

Sótti fundi hjá samtökum ástar- og kynlífs-fikla

Elísabet segir að það hafi verið eins og hún hafi hreinlega þurft að skrifa bókina og þótt stutt hafi verið liðið frá atburðarás hafi henni ekki reynst erfitt að hefja skriftir. „Það var eins og ég þyrfti að segja söguna til að bjarga lífi mínu. Það var kannski seinna, í miðjum klíðum, sem ég stoppaði og hugsaði hvað ég væri eiginlega að skrifa um þennan leiðindapúka,“ segir Elísabet og hlær. „Hvað þá þegar þeir sem lásu handritið yfir fóru að hrósa Algea, hvað hann væri nú áhugaverður og svona og hinsegin. Ég varð hreinlega afbrýðisöm stundum. En það var margt sem ég þyrfti að horfast í augu við í sögunni og ég gerði það. Alls kyns hlutir úr fortíðinni og sjálfa mig í sambandi við kynlíf og ástina. Þessi sjálfsskoðun sem ég fór í gegnum leiddi til ýmissa hluta og ég fór til dæmis að sækja fundi hjá samtökum ástar- og kynlífsfikla eftir þetta. Fiklar af því tagi flýja raunveruleikann með því að sækja í ást og kynlíf meðan aðrir fara í spil og áfengi. Þeim manneskjum sem maður leggur ást á eignar maður hálfgerðan töframát og Algea var töframaðurinn minn á þessum tímabili. Þá á töframaðurinn að leysa öll manns vandamál og koma í staðinn fyrir allt sem vantar. Maður er eins og barnið sem býr til einhverja ástarveröld sem hefur ekkert með raunveruleikann að gera.“

Karlmenirnir hvítuðu og blánuðu

Ástarsamband Algea og Elísabetar er ekki falid undir sæng fyrir lesendum. Fjallað er á jafnopinskáan og eðlilegan hátt um kvöldmatinn sem Algea eldar og kynlíf, sem tók hug Elísabetar allan á þessum tíma. „Erfitt að segja frá? Jú, blessuð vertu, það var mög erfitt fyrst, að byrja að segja frá hlutum eins og kynórum mínum og kynlífi. Ég



TEK ÁBYRGÐ Á EIGIN LÍFI „Ég þarf stöðugt að minna mig á það að pabbi er dáinn og ég er á lífi. Ég sagði það síðast við mig í fyrradag. Á móti kemur að auðvitað get ég ekki dregið hann til ábyrgðar á því hvernig fór í sambandi okkar Algea. Þá væri ég ekki að taka ábyrgð á eigin lífi,“ segir Elísabet Jökulsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Segir frá öllu eins og það var

Elísabet Jökulsdóttir segir að þótt hún hafi alltaf verið kjörkuð hafi hún líka alla ævi þurft að glíma við skömm. Á næstunni mun kjarkmikið verk líta dagsins ljós, Heilræði lása-smiðsins, bók hennar um einstaka lífsreynslu þar sem Elísabet ákvað að segja frá vandmeðförunum viðfangsefnum „eins og þau voru“. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* spjallaði við skáldkonuna um söguna af blökkumanninum Algea og hvernig þau reyndu að elska.

hugsaði með mér að ég þyrfti örugglega að fara í útleð eftir útkomu bókarinnar. Og hræddist að fólki þætti ég ekki lifa nógu krassandi kynlífi!“ Elísabet hlær og bætir

því við að sem betur fer sé hún einmitt á Írlandi fram í desember. „Ég velti því fyrir mér í byrjun hvernig ég ætti eiginlega að fara að þessu en komst svo fljótt að því hver leiðin var. Mér reyndist best að segja frá þessu öllu eins og þetta var. Jú, ég veit að ég er kjörkuð, sem má að mörgu leyti þakka uppeldinu, en ég get líka verið mús. Og svo var það skömmin sem hefur alltaf verið að flækjast fyrir mér. En að lokum sagði ég við sjálfa mig að það væri fyrst eitthvað að ef ég mætti ekki alveg eins skrifa um píkuna á mér og hálsinn á mér. Ég gat ekki verið að búa mig niður og kjósa einhvern einn part af mér heilagri en annan. Engu að síður þyrfti ég að gefa mér sérstakt leyfi til að skrifa um kynlíf. Og hló að því um leið að 49 ára gömul manneskja þyrfti að staldra við og gefa sér sérstakt leyfi.“ Elísabet segir frá skemmtilegum viðbrögðum þeirra sem fengið hafa að heyra part úr bókinni. Hópur ungra karlmanna í skólanum sem hún las upp fyrir blánaði og hvítuði til skiptis meðan kynsystur skiptu ekki lit og voru hæstánægðar. Önnur kona sem lesið hefur bókina sagði Elísabetu að bókinni hefði opnað fyrir henni nýjan heim. Heim þar sem hún hringdi örög í þá karlmenn sem hana langaði að kynna. Væri meira að segja komin

með lista þar sem hún hringdi í næsta ef einn segði nei.

Vissi ekki hvar hann átti heima

En Heilræði lása-smiðsins fjallar um margt annað viðkvæmt en kynlíf og óra. Samband hennar og Algea segir hún að mörgu leyti hafa verið ofboðslega gott en svo líka ofboðslega sjúkt. Til að mynda spurði hún hann aldrei hvar hann byggði nákvæmlega eða hvernig húsakynni hans væru. Sem hún segir svoltið óþægilegt líka í dag, að geta hvergi staðsett hann og ekki gat hún séð hann fyrir sér úti á götu alla daga að sauma hatta. „Ég þorði aldrei að spyrja. Og ég fattaði þá ekki hvað raunveruleikinn er dýrmætur. Fólk fer alveg milli landa og heimssækir hvort annað með stuttum fyrirvara. Það er eðlilegt. Hið óeðlilega er að tala ekki um hlutina, koma blankur, að ég hafi þegjandi borgað allt og verið hrædd við hann. Ég vildi ekki spyrja því ég vildi ekki eyðileggja glansmyndina sem ég var búin að gera mér af honum. Vildi ekki sjá hann eins og hann kannski var og þar með kannski ekki heiminn? Og það er hættulegt. Hann sagði við mig við komuna hingað: „Það er gott að vera heima hjá einhverjum.“ Og ég hugsaði með mér: Bíddu, hvar býr hann eiginlega – en sagði ekkert.“

Þörf fyrir viðurkenningu karlmanna

Elísabet tengir það að hafa ekki þorað að spyrja meðal annars við erfiða barnæsku og geðhvörf sem hún hefur mátt glíma við

Ég hugsaði með mér að ég þyrfti örugglega að fara í útleð eftir útkomu bókarinnar. Og hræddist að fólki þætti ég ekki lifa nógu krassandi kynlífi!

frá því hún var tvítug. Faðir hennar, Jökull Jakobsson, var lítið til staðar fyrir hana sem barn og Elísabet segist fyrst hafa lesið það um sig í sjúkraskýrslu, tvítug að aldri, þegar hún var lögð í fyrsta skipti inn á Klepp að hún hefði „óvenju mikla þörf fyrir viðurkenningu karlmanna“. „Það var mjög erfitt að lesa það og eflaust hefur það haft áhrif á það að ég vildi svo mikið láta allt ganga, lifa í ósnortum fullkomnum heimi þar sem ekkert var að. Pabbi hefur verið stór áhrifavaldur í tilveru minni, og ekki síður mamma þótt ég tali ekki mikið um það í bókinni. En ég þarf stöðugt að minna mig á það að pabbi er dáinn og ég er á lífi. Ég sagði það síðast við mig í fyrradag. Á móti kemur að auðvitað get ég ekki dregið hann til ábyrgðar á því hvernig fór í sambandi okkar Algea. Þá væri ég ekki að taka ábyrgð á eigin lífi.“

Sjálfsgagnrýnin það versta við þunglyndið

Elísabet segir að heilbriggt líf hafi hjálpað henni að takast á við geðvarfásykina, svefnvenjur og mataræði, en eins og allir sem hafi verið veikir sé hún meðvítuð um það að vilja ekki veikjast aftur. „Ég er alveg til í að taka lyf alla ævi til að meðhöndla maníu og þunglyndi en ég er ekki til í að burðast með skömmina, sem er óhjákvæmilegur fylgifyrirkur þunglyndis. Hugsu endalaust hvort ég sé að breyta rétt, standi rétt eða sé að segja hlutina eins og eigi að segja þá. Sjálfsvígur fer verst með mann. Maður niðist á sjálfum sér. Og þar held ég að ástin sé sterkasta vopnið – að læra að elska sjálfan sig. Og að læra að kunna að meta raunveruleikann. Ég get alveg sagt það að ég er formlega komin inn í hann og út úr töfraheiminum. Töfraheiminum sem ég leit aði í þegar mér fannst raunveruleikinn vera mér um megn. Einnhvers konar flóttaveröld þar sem ég þyrfti ekki að spyrja spurninga. Enda eru líka töfrar í raunveruleikanum.“

Sakna hans stundum

Að lokum er rétt að spyrja hvað hún haldi að Algea segi rekist hann á bókina einhvers staðar? „Ég hugsaði stundum hvort hann yrði reiður yfir bókinni en í reynd hugsa ég að hann yrði mjög ánægður. Hann er greindur maður og þólar alveg að gera grín að sjálfum sér. Þarna komu tveir aðilar saman og ekkert er bara einum að kenna og öðrum að þakka. Stundum sakna ég hans, hann var léttur og skemmtilegur og gat verið letihaugur. Þegar ég hafði lokið við söguna fann ég að ég gat alveg hugsað mér að rekast á hann. Hafði þó ekki áhuga á að leita til hans að fyrri bragði, en það væri alveg gaman að sjá honum bregða fyrir. Ég hef fundið einstaka saknaðarslag. Annars þarf ég engan töframann lengur í líf mitt, ég er komin með lykjavöldin.“

→ ÚR BÓKINNI

Ég svaf hjá í Central Park.

Það var í runnum hjá Nál Kleppóþru, nálín vísaði beint á einu stjörnuna á himni, Metropolitan-safnið gróf rætur sínar enn lengra ofaní jörðina og framliðinr indíánar stóðu heiðursvörð.

Engispretturarnar sungu einsog tælandi englakór í myrkrinu og aðeins skinið af ljósastaur smaug milli runnanna, laufskrúðið fór með blessunarorð í hálfum hljóðum einsog í keltneskum kirkju-garði.

Hann var svartur og ég var hvít, ég hafði aldrei nokkur tíma á ævinni hugsað um það að ég væri hvít.

Svo elskuðumst við í garðinum. Einu sinni og aftur. Það var einsog galdrabæn.

Hann kom inni mig. Í musterinu mínu er gosbrunnur sem fyllti mig sáfa og gerði mig mjúka og hann harðan, hann ærðist af fögnuði, einsog á villihesti sem þaut eftir endalausum sléttum, svo reið hann mér, hratt og ruddalega eða datt oní dáleiðandi hægar hreyfingar, musteri mitt fylltist af hvítum dúfum, heimurinn kom inni mig og ég inni heiminn. Ég er alltaf að leita eftir fullnæggingu sem rifur mig á hol og skapar mig uppá nýtt, kannski kemur hún aldrei því ég kalla píkuna á mér musteri í staðinn fyrir dimmu, dimmu holuna mína, leyfi muninum aldrei að fyllast af vatni án samvískubits og steypi mér yfir einhvem.

Panasonic



KYNNINGARTILBOÐ

PANASONIC 32" LCD SJÓNVARP MEÐ 100Hz MYNDTÆKNI



Vreal2 Full Digital myndvinnsluörgjörvinn frá Panasonic tryggir framúrskarandi myndgæði hvort sem verið er að horfa á hefðbundna útsendingu eða mynd í háskerpu.



100Hz Motion Picture Pro tryggir að hröðustu myndir eða íþróttaleikir verða skýrir og skarpir.



Viera Link tryggir að hægt er að nota eina fjarstýringu fyrir mörg Panasonic tæki og þannig má stýra heimabíói, DVD spilara og sjónvarpi á einfaldari hátt.

Panasonic TX32LX70F tækið er að auki hlaðið búnaði svo sem vönduðu hljóðkerfi, snúningsstandi og mörgu fleiru.

SJÓNVÖRP

HEIMABÍÓ

HLJÓMTÆKI

DVD SPILARAR

BLUE-RAY SPILARAR

HÁSKERPU TÖKUVÉLAR

MYNDAVÉLAR

OG FLEIRA OG FLEIRA OG FLEIRA

VERÐ 139.990

FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ

Panasonic

NÚ FÁANLEGT
HJÁ OKKUR!

HÁGÆÐA RAFTÆKI OG ÞJÓNUSTA



1971 - 2007

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT

ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi, Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri, Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupún, Vognafríði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fosshaf, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusítalinn, Grindavík, Rafeindatækni, Keflavík, Hagkaup, Njarðvík, Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Gardi.



ÁSKORUN Logi Bergmann skorar á Davíð að mæta aftur í pólitíkina og Steingrímur J. Sigfússon telur að Logi ætti að hætta í fréttamennsku og koma þangað líka. Segist sjá áhuga í augunum á honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Með rauða húfu og engla

Steingrímur J. Sigfússon hefur tekið eftir djúpri geil á efri vör **Loga Bergmanns** sem ýkist oft í sterkum ljósum sjónvarpsvers. Logi er hálfan bílskúr af bókinni sinni og gefi hana hægri vinstri í tækifærisgjafir en Steingrímur segist aðeins eiga tvö eintök. *Júlía Margrét A.* og ræddi við þá um negrastráka og jólagjafir.

Ef þið lokið augunum og eigið að nefna þau þrjú orð sem einkenma útlit hvor annars, hvaða orð koma fyrst upp í hugann?

Steingrímur: Hvor á að byrja á að byrja?

Logi: Ég skal. Það sem kemur fyrst upp í hugann er skalli, rautt skegg og „talandi“.

Steingrímur: Ég myndi segja karlmannlegur, djúp rödd og geilin herna í efri vörinni sem kemur oft út eins og svartur blettur þegar hann er að lesa í sjónvarpinu. Hún er svo djúp að það kemur skuggi í hana.

Logi: Er það?

Steingrímur: Já, hefurðu aldrei séð þetta sjálfur? Það gerist stundum í vissri lýsingu að þá virkar þetta eins og djúp rönd.

Logi hefur ekki látið frægðina spilla sér

Ef þið væruð staddir í Gettu betur og yrðuð að þylja upp allt sem vitið hvor um annan, hverju gætuð þið dælt út úr ykkur?

Logi: Steingrímur er úr Þistilfirði. Systir hans er gift lækni á Akureyri ef ég man rétt?

Steingrímur: Passar.

Logi: Hann var íþróttafréttamaður og ekki vinsæll sem slíkur, því Bjarni Fel leyfði honum aldrei að koma nálægt fótboltanum heldur var hann bara í blakinu eða einhverju svona. Hann er náttúrlega blakari. Hann lenti í bílslysi en er búinn að ná sér bærilega af því. Hann var kosinn þingmaður 1983. Mikill skörungur, mælskur og talar alltaf manna lengst. Byr í Breiðholti. Ég myndi gefa mér þrjú stig fyrir þetta.

Steingrímur: Logi er í fyrsta lagi sonur Eiðs Bergmanns. Fékk gott sósíalískt uppeldi þótt það hafi kannski elst eitthvað af honum. Frísklegur í framkomu og grallari. Fastur fyrir í fótbolta og svo hefur hann góða rödd sem ég held að hafi hjálpað honum mikið. Einn af okkar allra bestu og skýrmæltustu

Á RÖKSTÓLUM

fréttamönnum. Hann er svo myndarlegur að það halfa væri nóg og hefur verið kosinn kynþokkafyllsti karlmaðurinn. Hann tilheyrir þotusettinu því hann og hans myndarlega kona eru á annarri hverri forsíðu Séð og heyrt. Svo veit ég að þau eru búin að finna sína hamingju í sveitasælunni á Dalvík og það sýnir nú bara að þau hafa ekki misst fótanna í frægðinni heldur eru bara í því að láta sér líða vel. Held að hann sé einhverjum fáeinum árum yngri en ég – þó ekki mörgum.

Logi: Haha!

Þekkjum engan sem myndi gefa börnum þessa bók

Byrjum á bók vikunnar: Tíu litlir negrastrákar. Er þessi útgáfa hneisa að ykkar mati eða eru viðbrögðin óþarfa viðkvæmni?

Steingrímur: Mér finnst útgáfan kannski ekki hneisa í sjálfu sér en ég hefði farið varlegar í málið og verið meðvitaður um að þetta er vandmeðfarið. Að taka svona bók, frá allt öðrum tíma og tíðaranda, getur misskilist illilega eins og tíðarandinn er í dag. Það var svolítið gott sem viðmælandi Egils sagði í bókabættinum Silfrinu á miðvikudagskvöld að það skipti máli í hvaða hillu bókinni væri – hún ætti til dæmis ekki að vera með barnaefninu.

Logi: Ég einmitt skil ekki af hverju þessi bók kemur út og hver myndi vilja kaupa hana. Það hefur ekkert með fordóma að gera. Mér finnst hún bara svo leiðinleg. Hún hefur ekkert söfnunargildi þar sem þetta er önnur útgáfa. Gamla bókinni hefur það kannski. Ég næ bara ekki hvernig er hægt að selja 3.000 eintök af bókinni, það er bara eitt-hvert markaðslegt fyrirbæri. **Steingrímur:** Já, er það raunin?



Hann er svo myndarlegur að það halfa væri nóg og hefur verið kosinn kynþokkafyllsti karlmaðurinn. Hann tilheyrir þotusettinu því hann og hans myndarlega kona eru á annarri hverri forsíðu Séð og heyrt. Svo veit ég að þau eru búin að finna sína hamingju í sveitasælunni á Dalvík.

Logi: Það er það undarlega.

Steingrímur: Þetta er alveg á grensunni. Og er svolítið sérstakt því þetta efni er ætlað börnum. Maður myndi ekki hafa áhyggjur af þessu ef þetta væri efni sem hefði fyrst og fremst skírskotun til fullorðins fólks. Maður myndi ekki kippa sér mikið upp þótt einhver tæki sig til núna og gæfi út Mein Kampf.

Logi: Þekkjum við einhvern sem myndi gefa barninu sínu þessa bók?

Steingrímur: Nei, það held ég ekki.

Hafið þið lent í einhvers konar fordómum um ykkar ævi sem hafa komið ykkur á óvart?

Steingrímur: Þegar ég var nýkominn inn á þing og var á leið í þingveislu fyrsta vetrardag kom maður út af Mímisbar og réðst á mig með óbótum og skömmum – að ég skyldi voga mér að láta kjósa mig á þing! Með þær ægilegu skoðanir sem ég hefði. Það fór kannski nærri því að geta talist fordómar.

Logi: Fólk heldur að maður sé einhvern veginn, án þess að hafa nokkurn tímann hitt mann. Og verður svo hissa þegar ég er bara allt öðruvísi. **Steingrímur:** Já, og það er yfirleitt fólk sem þekkir mann mjög lítið eða ekki neitt. Það er til fólk sem hreinlega vill að myndin af manni sé svona eða hinseginn. Ég veit ekki hvort maður á að kalla það fordóma eða rætni þegar einhver er

vísitandi eða meðvitað að búa til af manni einhverja mynd sem er alls ekki sönn. Mér finnst alltaf dálítið spaugilegt þegar fólk skrifar kannski langar greinar um það hvernig maður á að vera þegar kannski tíu mínútna samtal hefði dugað til að eyða þeim misskilningi. Og auðvitað hef ég fengið minn skammt af því eins og allir aðrir í pólitík.

Höfðingleg gjöf væri miði á leik

Jólin virðast ekki vera ýkja langt undan. Ef þið yrðuð að ganga með jólaskraut framán á ykkur núna og fram að jólum, hvaða skraut yrði fyrir valinu? Hvað ætlaðu að giska á að Steingrímur myndi gefa þér, Logi, í jólagjöf ef hann fengi það verkefni? Og öfugt?

Logi: Ég hugsa að ég myndi velja mér þessa glimmerrenninga, sem voru á jólatrjám oft hér í gamla daga – hvað heita þeir? Já, englahár. Myndi nota það sem trefil.

Steingrímur: Ætli ég myndi ekki bara fá mér rauða húfu. Ég er nú ekki mikill húfumaður en svona í hörðustu vetrarkuldunum setur maður stundum upp húfu. Ég get þá bara haft hana rauða.

Logi: Svo hugsa ég að ef Steingrímur gæfi mér jólagjöf myndi hann gefa mér bókina sína hreinlega. Ætli hann eigi ekki hálfan bílskúr af henni og muni gefa í tækifærisgjafir næstu árin.

Steingrímur: Get nú sagt þér það að ég á ekki nema tvö eintök.

Logi: Áttu tvö eintök?

Steingrímur: Já, og svo er eitthvað örlítið til hjá bókaforlaginu, hún gekk mjög vel. Ég held að Logi myndi gefa mér eitthvað kvikindislegt. Kannski grænan stóran boxhanska. Ef hann ætlaði að vera höfðinglegur myndi hann gefa mér miða á leik með West Ham.

Myndi taka slátur með Britney

Mest lesnu fréttirnar á vefmiðlum dagblaða landsins eru oftast en ekki tengdar afgangnum, hamborgaraáti og BMW-kaupum stórra og smærri stjarna. Lesið þið þessar fréttir og hvað finnst ykkur um þennan áhuga? Væruð þið sendir á heimili Britney Spears á morgun til að kenna henni eitthvað sem nýst gæti henni í lífinu – hvað mynduð þið kenna henni?

Steingrímur: Maður er nú svo sem ekkert alveg saklaus af því. Það er magnað að heimsbyggðin skuli vera lamið með fréttum af einhverjum stelpu sem er að fara flatt á brennivíni og ljúfa lífinu. Áhuginn er greinilegasti staðar og markaðurinn er fyrir hendi.

Logi: Ef maður tæki bara hvern sem er – segjum Mugison – og límdi á hann myndavélar allan sólarhringinn myndi maður pottþétt finna eitthvað. Mér finnst þessar fréttir svo oft litaðar af fordómum. Ég las til dæmis ævisögu Robbie Williams og hann er maður sem öllu er snúið upp á. Og hann kom mér mjög á óvart.

Steingrímur: Það er merkilegt hvernig svona týpur verða til. Eins

Í VETRARDVALA

Götumótorhjól eru ekki gerð fyrir akstur í snjó og hálfu svo þau eru lítið notuð á veturna nema tíðin sé óvenjugóð.

BÍLAR 2



MOKKASÍNUR MÁLIÐ

Renndir öklaskór, moccasínur og aðrir reimalausir skór verða vinsælir hjá herrunum í vetur.

TÍSKA 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

HÚSGAGNA LAGER SALA

LEÐUR SÓFASETT
HORNSÓFASETT
SÓFASETT MEÐ SKEMLI
TUNGUSÓFAR
TUNGU HORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUBORÐ OG STÓLAR
SKENKAR
SÓFABORÐ
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR
RÚM

VERÐDÆMI

LEÐURSÓFASETTT ÁÐUR ~~239,000~~
NÚ 89,900

HORNSÓFAR TAU ÁÐUR ~~198,000~~
NÚ 103,000

HORNSÓFAR LEÐUR ÁÐUR ~~249,000~~
NÚ 149,000

Dugguvogi 2. Sími 557-9510

5125050
Auglýsingasími



Guðmundur ásamt sonum sínum Skúla og Hafsteini við smábílinn Reva sem fjölskyldan kallar Rafa ref.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekur á kaffiorkunni

Guðmundur Hafsteinsson tónskáld kippir kaffi-könnutenglinum úr innstungunni á kvöldin og stingur bílnum í samband í staðinn.

Guðmundur og fjölskylda hans aka um á eftirtektarverðum bíl. Hann er agnarsmár með rauðu aftursæti og tvílitu stýri. Hér er á ferðinni fyrsti indverski rafmagnsbíllinn á landinu, Reva City Car sem vann öku-tækjakeppnina Kappaksturinn mikli 2007 í september. „Við fengum bílinn 1. október og því er reynslan takmörkuð en hún er skemmtileg,“ segir Guðmundur. „Það tekur tíma að venjast bílnum, hann er svo lítill og ekki sami kraftur í honum og bensínbíll. Hann er glettilega seigur samt og kemst í 60-70 kílómetra hraða, sem hentar vel innanbæjar enda á ekki að keyra svona farartæki hratt.“

Guðmundur keypti bílinn í gegnum Perlukafarann. „Ég hef haft áhuga á því að eignast rafmagnsbíl

frá því ég var í menntaskóla fyrir 35 árum,“ upplýsir hann. „Þeir hafa bara ekki verið á markaði hér fyrir almenning að því er ég best veit.“ Hann segir um 900 Reva-bíla í umferð á Englandi og hafa gefist vel. „Í London eru svo háir skattar á mengandi umferð að fólk álitur hagkvæmt að eiga svona bíl. Ég tel þá líka upplagða fyrir okkur Íslendinga.“

Við eigum svo mikla raforku sem er vannýtt á nóttunni,“ segir Guðmundur, sem setur bílinn í samband í venjulega innstungu. „Við tökum kaffivélina bara úr sambandi, keyrum svo af Seltjarnarnesinu til Hafnarfjarðar á kaffiorkunni og aftur til baka! Komumst 40-50 kílómetra núna á hleðslunni en eftir því sem geymirinn er hlaðinn oftast á geta hans til að halda rafmagni að aukast og miðað við 30.000 kílómetra akstur á ári á orkan ekki að kosta nema 18.000 krónur. Það er alveg sérstaklega góð tilfinning að aka um án þess að þuorra út miklum óþverra.“

gun@frettabladid.is



Ertu að spá í bílakaup?

VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á www.gf.is eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR

FJÁRMÖGNUN



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Cadillac Escalade XS 500 árg. 2003
Nú vil ég fara að endurnýja og býð því þennan öfluga bíl til sölu.

Cadillac Escalade XS 500 sem þýðir 540 hestafla ofurjeppi, árgerð 2003, ekinn 56.000 km. Er á nýjum vetrardekkjum á krómfelgum, sumardekk og felgur fylgja.

Upplýsingar gefur Magnús í síma 89 365 99 eða
Bílabúð Benna sími 587 1000.

Lítið keyrt á veturna

Götumótorhjól eru ekki gerð fyrir akstur í snjó og hálfu. Mildir vetur gera eigendum þeirra þó kleift að nota hjólin en þá er mikilvægt að þrifa vel af þeim saltið og smyrja þau oft.

„Það er mjög misjafnt hvort og hvernig fólk gengur frá götuhjólunum sínum fyrir veturna. Þau eru ekki hönnuð til vetraraksturs því það er ómögulegt að stjórna þeim í hálfu,“ segir Valdís Steinarsdóttir sem er formaður vélhjólaklúbbsins Sniglanna. Hún segir það samt færast í vöxt að menn keyri á götuhjólunum á veturna því veðráttan hafi boðið upp á það. „Þetta fer allt eftir færðinni. Það er kannski ófært einn dag en síðan getur komið mánaðarkafli sem er auður,“ segir hún. „Á Þorláksmessu í fyrra gat maður til dæmis verið á hjóli í bænum.“

Valdís og hennar maður, Magnús Magnússon, búa í Mosfellsbænum og Magnús gerir ekki mikið úr vetrarfrágangi síns hjóls. „Ég drep bara á því og set það á standara. Þetta er ekki flókið,“ segir hann glettinn. Valdís hlær að tilsvári hans en heldur svo áfram. „Það er um að gera að smyrja hjólin oft og þrifa þau vel að vetrinum til hafa sem minnstan saltþækil á þeim. Svo er líka nauðsynlegt að bóna þau. En við fáum ekki vetrardekk



Valdís og Magnús við Buell Lighting-hjólíð hennar Valdísar sem brá sér í sannkallaðan vetrarbúning. Schäfer-tíkin Stasi Zaisser fékk líka að vera á myndinni.

FRÉTTABLAÐID/GVA

undir götuhjólin þannig að þeim er ekki til að dreifa.“ Spurð um vörn fyrir kælikerfið svarar hún. „Við höfum frostlög á kerfinu allt árið til að verja vatnsskassann tæringu en það þarf að bæta á öðru hvoru.“

Þau hjón eru með bílskúr fyrir hjólin en segja fjölda fólks leigja aðstöðu til að geyma hjólin inni að vetrinum sé eigin skúr ekki fyrir hendi.

gun@frettabladid.is

Sendum frítt um land allt!

Jeppadekk

GT RADIAL
MAXXIS

Heilsársdekk
31" kr. 12.900
(31x10.50R15)

33" kr. 15.900
(33x12.50R15)

Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".

Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkroskurði

JEPPADEKK.is

Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

100%
VEFÞJÓNUSTA
us.is

EIGENDASKIPTI ÖKUTÆKJA Á VEFNUM

Umferðarstofa, í samstarfi við Glitni og Kaupþing, býður nú þann möguleika að tilkynna eigendaskipti og ganga frá skráningu meðeigenda og umráðamanna bifreiða með rafrænum hætti á vef Umferðarstofu.

Kynntu þér þessa einföldu og þægilegu nýjung á www.us.is.

www.us.is

UMFERÐARSTOFA

GLITNIR



HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM

Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskafsvörum

Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Danstá og mokkasínur

Skótíska karla tekur oft ekki eins miklum stakkaskiptum og skótíska kvenna. Nú er fjölbreytni í vetrartískunni hjá herrunum þótt hún sé kannski ekki eins áberandi og hjá konunum.

Hjá karlmönnum eru þægindin oft í fyrirrúmi þegar kemur að vali á skóm. Vissulega vilja konur líka þægilega skó en láta sig kannski frekar hafa það að tipla um á himinháum hælum í nafni tískunnar. Unnur Lára Bryde, annar eigenda Bianco-skóverslananna á Íslandi, leiðbeindi okkur í gegnum helstu strauma og stefnur í skófatnaði karla í vetur.

„Nú er mikið af sléttum öklaskóm sem eru renndir innanfótar eða reimaðir og einnig eru mokkasínur áberandi eða óreimaðir skór,“ segir Unnur Lára og bætir við að óreimuðu skórnir séu mjög vinsælir.

„Tærnar eru alls konar en mjög breið tá er afar vandfundin og er hún frekar að mjókka. Þessi gamla rúnaða og fremur mjóa danstá er áberandi en þessir alveg támjóu skór eru lítið núna. Skórnir eru því frekar támjóir en þó rúnaðir,“ útskýrir Unnur Lára. Skóbotninn er þó fremur skynsamlegur og í takt við árstíðina.

„Vetrarskórnir eru yfirleitt með grófari gúmmíbotni og gripi. Botninn er orðinn heldur þykkari en það fer þó eftir tilefninu. Ef það eru spariskór sem um ræðir þá er botninn fínlegri en grófari týpur eru algengar og hællinn er orðinn svolítið þykkur aftur,“ segir Unnur Lára og er það breyting frá því í fyrra en þá voru skórnir mun flatari. Varðandi liti þá segir Unnur Lára að oft sé erfitt að fá karlmenn til að vera í mjög litríkum skóm og því frekar fyrirsjáanlegt hvað verður í þeim málum.

„Svarti og brúni liturinn eru náttúrulega alltaf



Unnur Lára segir liti á herraskóm fremur klassíska en þó er rauðbrúni liturinn áberandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hælarnir á herraskóm eru þykkari og grófari en í fyrra og rauðbrúni liturinn kemur sterkur inn.



Öklaskór eru vinsælir í vetur bæði með teygju eða rennilás á hlið og líka reimaðir. Algennt er að tain sé mjó og rúnuð.

vinsælir en þó eru núna alveg hvítir og ljósir skór líka auk þess sem rauðbrúni liturinn er að koma sterkt inn í vetur. Brúni koníaksliturinn er að verða dekkri og við erum með gráa skó í bland,“ segir Unnur Lára sem finnst skemmtilegra að búðin sé ekki bara í einum lit. Rauði liturinn er einnig áberandi í fylgihlutum karla í vetur til dæmis í bindum og eru jarðlitirnir líka vinsælir og má þar nefna grá jakkaföt sem dæmi. Skótískan er því í takt við fatatískuna líkt og endranær. Herraskórnir eru nær eingöngu leðurskór að innan og utan en Unnur Lára segir að það þýði ekkert annað því það sé það sem karlmennirnir vilja.

„Þeir vilja þægilega skó og skórnir frá okkur eru með sérstaklega mjúkum botni og tvöföldu innleggi þannig að þeir eru einstaklega þægilegir. Auk þess eru þeir breiðari en skór almennt og því taka menn oft númeri minna hjá okkur,“ segir Unnur Lára sem nú er með fulla búð af freistandi vetrarvörum á dömru og herra. hrefna@frettabladid.is



essem - 09/2006

NÁM Í ÍTALSKRI HÖNNUN OG TÍZKU MILANO • TORINO • ROMA • BARCELONA • MADRID KENNT ER Á ENSKU, ÍTÖLSKU, EÐA SPÆNSKU

Istituto Europeo di Design hefur í 40 ár verið í fararbroddi hönnunarskóla í Evrópu. Nám hjá IED hentar vel nemum sem hafa lokið grunnnámi á lista- og hönnunarsviði, svo og þeim sem lokið hafa BA námi tengdu tísku- og hönnun. Nám hjá IED er einstakt tækifæri til að upplifa af eigin raun óviðjafnanlegt umhverfi ítalsks og spænsks hönnunarheims.



KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS



herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

Auglýsingasími

512
5050



- Mest lesið

Gjaldeyri er gott að kaupa tímanlega áður en farið er utan. Þó svo að debet- og kreditkort sé hægt að nota víðast hvar þá er það þó ekki alls staðar eins algengt og á Íslandi. Öruggara er að hafa einhvern gjaldeyri með sér.



Ganga og kaffi í Grindavík

GANGA MEÐ LEIÐSÖGN VERÐUR Í DAG UM ÞÓRKÖTLUSTAÐANES, SÖGUSVIÐ SJÓSÓKNAR OG ÚTGERÐAR Í GRINDAVÍK. LAGT VERÐUR AF STAÐ KLUKKAN 13.

Gangan um Þórkötlustaðanesið hefst við nýja söguskiltið, rétt fyrir ofan gömlu bryggjuna. Genginn verður stuttur hringur þaðan að rústum Þórshamars og fleiri húsa sem voru á Nesinu, spölkorn með ströndinni og horft yfir Þórkötlustaðasund.



Til að sigla rétta leið inn Þórkötlustaðasundið í Grindavík var tekið mið af sundvörðum.

MYND/ÓSA

Björgunarsveitinni Þorbirni við Seljabót. Gangan tekur rúman klukkutíma með fræðslustoppum.

- gun

staðasund. Þar mælti fornkonan Þórkatla svo fyrir að á því sundi, rétt fögnu, skyldi aldrei skip farast. Gengið verður að gömlu þurkbyrgjunum í Strýthólahrauni og í áttina að vitanum. Ýmislegt verður skoðað sem fyrir augu ber á leiðinni.

Gangan er í boði Grindavíkurbæjar, Saltfiskssetursins og Björgunarsveitarinnar Þorbjörns og leiðsögumenn munu gera hana bæði skemmtilega og fræðandi fyrir alla fjölskylduna. Í lok göngu er boðið upp á afmælskaffi hjá



Freyr Ingi Björnsson, formaður Íslenska Alpaklúbbsins, segir útivistaráhuga Íslendinga vera að aukast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bókaðu strax og tryggðu þér lægsta verðið og bestu gistinguna!

Beint morgunflug til Salzburg



Skíðaveisla

í Austurríki - Flachau - Lungau - Zell am See

frá **29.990 kr.***

Frábært sértíloð 15. janúar - 11 náttu ferð

Heimsferðir bjóða beint morgunflug til Salzburgar næsta vetur og þar með tryggjum við þér aðgang að bestu skíðasvæðum Austurríkis, s.s. Flachau, Lungau og Zell am See. Tryggðu þér flugsæti og gistingu á besta verðinu og taktu þátt í skíðaveislu Heimsferða í Austurríki næsta vetur.

Frábær gisting í boði! - Flachau, Lungau og Zell am See



Frábært verð

Kr. 29.990

* Flugsæti með sköttum, fargjald A.

Kr. 79.990

- 11 náttu ferð með hálfu fæði

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Skihotel Speiereck í Lungau með hálfu fæði í 11 nætur. Sértíloð 15. janúar.

Kr. 99.990

- Frábært **** hótél með hálfu fæði

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-15 ára) í fjölskylduherbergi á Hotel Unterberghof í Flachau með hálfu fæði í 11 nætur. Sértíloð 15. janúar.

Kr. 113.990

- Frábært **** hótél með hálfu fæði

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Unterberghof í Flachau með hálfu fæði í 11 nætur. Sértíloð 15. janúar.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

Fjallaáhuginn úr björgunarsveitinni

Íslenski Alpaklúbburinn, ÍSALP, félag áhugamanna um fjallamennsku fagnar þrjátú árum á fjöllum.

„Markmiðið er að sameina fjallamenn, stuðla að vexti fjallamennsku á Íslandi og auka öryggi á fjöllum,“ segir Freyr Ingi Björnsson, sem hefur verið formaður klúbbsins síðan 2006. Sjálfur fékk hann fjallaáhuginn úr björgunarsveitarstarfi og segir marga koma þaðan og úr skátunum. „Útivistaráhugi almennings hefur aukist mikið og það eru allir velkomnir til okkar,“ segir Freyr sem fer í fjölda ferða ár hvert.

„Ég vinn sem leiðsögumaður á sumrin og fer mikið á fjöll þá mest innanlands. Síðan reyni ég að komast til útlanda líka og fór til Nepal í fyrra. Síðan er stefnan tekin á Suður-Ameríku í ár,“ útskýrir Freyr sem segir klúbbinn aðallega vera vettvang fyrir fjallamennsku. „Klúbburinn fer ekki margar ferðir sem slíkur, þetta er meira félag fyrir þá sem skipuleggja ferðir á eigin vegum. Hins vegar fórum við í afmælsferð á

Skessuhorn í mars og höfðum þá sama fararstjóra og í fyrstu ferðinni fyrir þrjátú árum. Síðan fórum við á Heklu ásamt hinni óþreytandi fjallageit og stjórnarmanni, Þorvaldi V. Þórssyni sem fór síðasta spölinn í hundrað tinda verkefni sínu.“

Fram undan er spennandi dagskrá að sögn Freys og má þar nefna myndasýningar og fyrirlestra á vegum klúbbfélaga og erlendra fjallamanna, námskeið í ísklifri fyrir byrjendur og lengra komna í samvinnu við íslenska fjallaleiðsögumenn og fjalla- og vetrarskiðánámskeið, ásamt árlegu jólaklifri, ísklifurhátíð og Telemarkskíðahátíð.

Klúbburinn er í góðu samstarfi við Klifurhúsið og er með aðstöðu þar, en Klifurhúsið heldur námskeið fyrir allan aldur, allan ársins hring. Nýlega kom út ársrit ÍSALP, en útgáfa þess hefur legið niðri um hríð og því einstaklega ánægjulegt að ritið liti dagsins ljós á sjálfu afmælisárinu að sögn Freys.

Nánari upplýsingar www.isalp.is. Sjá einnig: www.klifurhusid.is.

rh@rettabladid.is

París er fallegust á haustin

– og enn fallegri með paulreyndum íslenskum fararstjóra



„Við fórum í gönguferð um gömlu listamannahæðina Montmartre. Stóra hvíta kirkjan, listamannatorgið Place de Tertres og litlu þróngu göturnar eru staðir sem margir kannast við úr kvikmyndum. Woody Allen hefur kvikmyndað í þessu hverfi og franska myndin Amélie gerist öll á Montmartre.“

- Kristín Jónsdóttir, fararstjóri Úrvals - Útsýnar í París

23. og 30. nóvember

Verð frá: 59.920,- á mann á hótél Novotel Les Halles í 3 nætur 23. og 30. nóv.



Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjóri og gisting með morgunverði. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleis er bókanargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

ÚRVAL-ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

Bilabúð Benna

Jeppadót

T-MAX spil
Traust og góð spil á ótrúlegu verði



Verð frá kr. 14.980

Drullutjakkar
Verð frá kr. 8.900

Bilabúð Benna

Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000
opið 8-18 og laugard. 11-14

Bilabúð Benna ehf.
Bíldshöfða 10,
Sími: 587 1000
www.benni.is

Bílahornid

Funahöfða 5 • Sími 567 2400 • www.bilahornid.is
Opnið mán til hóf. 10-18 laugardaga 10-16



100% lán 1300 þús FORD FOCUS TREND. Árgærd 2004, ekinn 59 þ.km, 5 girar. Verð 1.450.000.



Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og
breytingar utanhúss sem innan. Fyrir
húseigendur og húsfélög. Tilboð þér
að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf.,
s. 860 1180.

Húsasmíðameistari getur bætt við sig
inniverkefnum, millivegir, hurðar, inn-
réttingar, parket og flísar. Uppl.í s. 894
0031.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt
húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf.
S. 892 8647.

Parke- og flísalagnir
Getum bætt við okkur verkefnum.
Vönduð vinna, vanir menn. S. 892
9804.

Vantar þig smíð?
Vantar þig smíð til ýmissa verka, úti sem
inni. Parket, flísalagnir og margt fleira.
Gírdingar, sólpallar svo eitthvað sé
nefnt. Tímavinna. Uppl. í s. 895 6007.

Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

Spádómar



Stína Lóa Spámiðill
Tarrot & draumráðningar.
Leiðsögn um ástir, viðskipti og
fjármál.
Sími 908 2008 & 462 2811
- Visa/MasterCard Ópið til 02
alla daga. Geymið þessa aug-
lýsingu.

Alspá 445 5000
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrir-
bæni NLP. Símaspá, einkat. og m., fl.
Visa Euro Masters. Ópið 12-24. www.
spamidlun.com

**Hanna 908 6040 & 555
2927**
Símaspá, fyrirbæni, draumar, tarot.
Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuþá. Tarot.
Árþspá. Draumráðningar, ást og pening-
ar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Andrea
Ég spái í spil, bolla og kristalskúlu.
Verð stöðd í bænum frá 7/11 til 12/11.
Símapantanir í 691 0283.

**Dulspekisíminn 908 6414
& 553 5395**

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa:
símaspá, draumráðningar, fjarheilun,
Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga.
Hringdu núna!

661 3839 - Símaspá
Fast verð. ATH. stgr. Ópið virka daga 17-
23 og um helgar 13-23.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni
Sírrý í s. 552 4244 & 823 6393

Veislupjónusta

Vantar þig sal ?
Lista- og menningarverstöðin
á Stokkseyri er með tvo sali
til útleigu, 50 manna og 250
manna, sem henta vel fyrir
veislur og annan mannfagnað.
Upplýsingar og bókanir í s. 483
1600 / 820 0620 eða menning-
arsali@gmail.com

Trésmíði

Húsasmíðameistari
Getum tekið að okkur verkefni vegna
tímabreytinga á verkum. Uppl. í síma
663 5555 eða senda inn nafn, síma-
númer og uppl. um verk á gpals@
internet.is

Viðgerðir

**Heimilistækjviðgerðir.
Pottavélar o. fl.**
Tek að mér að gera við svo sem potta-
vélar og fl. Heimilistækni. Uppl. í s. 868
5322. Ath. Geymið auglýsinguna.

Önnur þjónusta

www.floridahus.is. Hús til leigu í
Orlando Florida. Umsjón eigna ofl. s.
499 0380

Getum bætt við okkur verkefnum t.d.
flísalagnir, parket og málningavinnu ofl.
nánari uppl. í síma 846 9424 Valgerður
898-7126 Bjarni 899 4443 Jón Aðalfell
ehf

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu
frian prufupakka. Edda Borg S. 896-
4662 www.lifstill.is

**Viltu léttast hratt og
örugglega?**
www.diet.is - www.diet.is Margrét s.
699 1060.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife
Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni.
Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúk-
runarfræðingur. www.halldorabjarna.is
S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu
árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s.
899 4183 www.eco.is

Viltu léttast!
LR-henningskúrinnersvarið. Upplýsingar
í síma 848 1301, Ólína.

Barnið



Til sölu Nýtt klassa hlaupabretti með
hreyfiskynj. á 70 þús. kostar nýtt 120
þús. bekkpressub. og lóðasett upp í
24 kg. á 90 þús. kostar nýtt 170þús. S.
899 9046.

Líkamsrækt

Vil kaupa lítið notaðan Rope Yoga bekk
og bönd. Borga 25.000 cash. Sími.
564 1164.

TIL SÖLU

Euroconforto
Heilsuskórnir hafa slegið í gegn á Íslandi

**Hljó og þægileg
jólagjöf**

12 falletgir litir
Stærðir 35-43
Verð 4.700

Útsöluastaðir: Valmiki Kringlunni, Euroskór Firðinum, Nína Akranesi,
Heimahornið Stykkishólmi, Mössubúð Akureyri, Kóða Keflavík,
Tóff fót Húsavík, Xena Glæsibæ - Mjódd - Spöngin - Borgarnes.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu
Herbalife! Ólóf 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Thai nudd, jurtagufubað, þangað ofl.
sjá http://www.1960.is/iceland/spa.
htm

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf
og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S.
893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn



Til sölu borðstofuborð hlynur 180x120
kr.30 þús. Electrolux uppþvottavél kr.10
þús. S. 698 2649.

Ýmislegt fyrir heimilið til sölu vegna
brotflutnings. Uppl. í s. 693 5483.

Sófi f.sjónv.hol, microfíber ljós, L-laga,
breiður ó.-megin, u. Hannes 693-0804

Ikea hillusamstæða hentar vel í ungl-
ingaherbergi. Kr 15 þús. Sófaborð úr
Miru kr. 5 þús. Uppl. í s. 897 7917.

Til sölu vegna flutnings glæsilegt sófa-
sett 3ja og 2ja sæta, 2 hlíð. Borð,
borðstofuborð stæ, 4 stólar, skeinkur,
speigill (Línan). Nýtt hjónarúm 153 x 2,
2 náttborð, kommóða og speigill allt í
stíl, eldhúsborð og 4 stólar. 21" Tv Bang
Olufsen. S. 696 1649.

Gullfallett sófasett frá Öndvegi til sölu.
3-1-1, sófaborð og motta getur fylgt
með. Verð 80 þús. Uppl. í s. 551 6065
eða 693 5532.

Til sölu brúnt leður Chesterfield sófasett
3+1+1. V. 150 þús, Uppl. í s. 823 9225.

Málverk

Ýmis fallett málverk til sölu, t.d. eftir
Tolla o.fl. Uppl. í s. 693 5483.

Barnavörur

Til sölu Silver Cross barnavagn, svala-
vagn, baðborð, ömmustóll, kommóða
og útigalli á lítinn strák. Uppl. í s. 846
0575.

Vélavörður

Vísir hf óskar eftir Vélaverði sem getur leyst af sem yfirvélstjóri á Sighvati GK 57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.

Nánari upplýsingar eru gefnar hjá skipstjóra í síma 852-2357

Iðnaðarþrif - almenn þrif bónstöð

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir starfsfólki í fullt starf í iðnaðarþrifum, hlutastörf í almennum þrifum og starfsmanni á bónstöð.

AP-Þrif ehf er ungt og framsækið hringingningafyrirtæki. Fyrirtækið skiptist í fjórar deildir: Iðnaðarþrif, almenn þrif, gluggþvottadeild og bónstöð. AP-Þrif ehf. er fyrirtæki sem hefur metnað, gæði og umfram allt framkvæmdagleði í sínu farteski. Innan AP-Þrifa ehf. er starfrækt öflugt starfsmannafélag.

Upplýsingar gefur Jón Gunnar í síma 821-7743, jongunnar@ath-thrif.is



ÖKUKENNSLA



Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill öskuskóli er eini öskuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.

Næsta helgarnámskeið til aukina ökuréttinda byrjar 5 október á Akureyri

Ekill öskuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is ekill@ekill.is

Rekstarleyfisnámskeið fyrir leigubílstjóra

Með vísun til laga nr. 134/2001 um leigubíreiðar, gengst Vegagerðin fyrir Rekstarleyfisnámskeiði leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd dagana 12. til 20. nóvember n.k. Þátttaka tilkynnist til fyrir 8. nóvember til Ökuskólans í Mjódd í síma 567-0300 eða með tölvupósti á netfangið mjodd@bilprof.is.



SMÁAUGLÝSINGAR

Dýrahald



Gullfallegir 3 sharpei hvolpar til sölu undan íslenskum og alþjóðlegum meisturum. Uppl. í s. 821 9262 Guðrún eða breidstadir@internet.is



til sölu bulldog hvolpar, ættb. hrfi upplýsingar í síma 8699702 og boli.is



Íslenskur tikarholpur Stefsstells Milla er 9 vikna snotur og dugleg tik, tilbúin til afhendingar fljótlega. Ættbók HRFÍ og heilsufarskrá fylgir henni á gott framtíðarheimili. Uppl. hjá Stefaniu í s. 846 0895.



Rottweiler hvolpar til sölu undan Argó og Nölu. Afhendast 17. nóv. Heilsufarskoðaðir, örmerktir og bólusettr. Ættbók frá HRFÍ. Upplýsingar í síma 615 5000.

25% afsláttur af Solid Gold hvolpamat.
1,8 kg - 1.090-
6,8 kg - 2.550-
Dýrabær Smáralind og Hliðasmára 9, Kóp.
www.dyrabaer.is

Til sölu Rottweiler hvolpar. Rólegir barngóðir og yndislegir heimilishundar. Afhendast bólusettr, örmerktir, ormaheinsaðir og ættbókafærðir hjá HRFÍ. S. 690 1903.

Bulldog hvolpar til sölu. heilsufarskoðaðir og örmerktir. upplýsingar í síma 8470733

Til sölu yndislegur Miniature Pincher 2 ára strákur. Hreinræktaður. Uppl. í s. 693 0806 Systa.

Yndistlega fallægur og blíður, loðinn Cuvoooa strákur sem elskar börn selst á 60 þús. Sími 697 6364.

Silky Terrier hvolpar til sölu, bólusettr, örmerktur og ættbók fylgir. Uppl. í s. 564 2977 & 861 1017.

Tveir þeking hvolpar til sölu. Uppl. í s. 426 7523.

Sætur og blíður 9 vikna Chihuahua rakkí til sölu. Tilbúinn til afh. með ættbók frá REX. Verð 80 þús. Aðeins á gott heimili. S. 554 3331.

Minute Pincher

Gullfallegir og yndislegir Minute Pincher ættbókafærðir úr HRFÍ hvolpar til sölu. Uppl. í s. 691 7306.

Ýmislegt



Eldhússinnr. úr kirsuberjavíð til sölu. Litur vel út. Til afhendingar fyrir 15. nóv. Sími 5545527 eða 6994249

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

100 fm íþróttasalur til leigu í líkamsræktarstöð. Parket og speglar í sal. Uppl. í síma 553 5590 & gsm 896 3667



Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Íbúðir til leigu!

Nokkrar íbúðir lausar eða losna fljótlega nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á www.leigidar.is

Akranesi, rúmgt skrifstofuherbergi, aðsl hiti rafm tax húsgögn og fl. 6901796,

3ja herb. íbúð til leigu í Hfj. með húsg. Uppl. í s. 892 2310.

Glæsilegt nýtt raðhús til leigu á Spáni Torrevieja til leingri eða skemmi tíma frá og með áramótum. Sími 899 2940.

10 fm herbergi með aðgengi að snyrtingu á fyrstu hæð í Lundarbreykku 12 í Kópavogi til leigu. Áhugasamir hafi samband í síma 847 9596.

2 ja herb. íbúð til leigu í neðsta leiti með bílastæði. Leiguverð 125 þús. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188

4 Herb. íbúð til leigu á Kleppsvéginum með eða án húsgagna. Langtíma leiga. Tryggingavíxill + 2 mán. Fyrirfram. Leiga 150-170 þús. Uppl. í s. 821 9812 Gunnar.

Snyrtileg 3 herb. kj.íb. í einb. í R-109. Laus til leigu í 6 mán. V. 98 þ. Reyklausir og reglusamir. S. 695 1790.

Langagerði - 108 Reykjavík. Til leigu herbergi, 16 og 30 fm. Aðgangur að setustofu, eldhúsi og baði. Fullbúð húsbúnaði og tækjum. Allt innifalið. Laust strax. Sími 898 2102

Stór, björt og rúmgóð 2ja herb. íbúð til leigu í Seláshverfi. Reykleysi og reglusami áskilin. Uppl. í síma 557 1161.

Húsnæði óskast

Ungt, reglusamt par óskar eftir snyrtilegri 2ja-3ja herb. íbúð á höfuðb. Greiðslugeta 110 þús á mán. + trygging. Uppl. í s. 659 7856 og 659 7007.

Mjög traustur leigutaki óskar eftir 4ra herb. íbúð í Salahverfi eða nágr. (Kóp). S. 696 1855.

Vantaríbúð til leigu á Reykjavíkursvæðinu, 100% öruggar greiðslur og traustur leigjandi. Ekki stúdíóíbúð. Greiðslugeta 70 -75 þús. Uppl. í s. 821 9396.

Ungt par óskar eftir íbúð á stór Reykjavíkursvæðinu, uppl í S 821 0691 og 894 2850.

Atvinnuhúsnæði

Verslunarhúsnæði til leigu í Árbæ, ca 87-175 fm. Upplýsingar í síma : 4878000

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnarjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

Verslunar/skrifstofuhúsnæði til leigu
Um 90fm verslunar/skrifstofuhúsnæði við Kleppsmýrarveg. Gott verð. Nánari uppl. í s. 581 4000.

Til leigu upp. 50 fm bil. Hentar sem lager eða fyrir iðnaðarmenn. Uppl. í s. 844 1011.

Geymsluhúsnæði



Til leigu vinnuskúr stærrigerð, m/w.c. eldhúsi og rafmagn. S. 896 2788 & 421 2788.

Geymsluhúsnæði. Stafnhúsa Eyrarbakka
Húsbíla, hjólhýsi, báta ofl. ofl. Uppl. hjá Gísla í s. 899 1128.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Bílskúr. Óska eftir að taka á leigu bílskúr eða geymslu, undir lager. Uppl. í s. 863 8909.

Gisting


Stúdíóíbúð í Reykjavík
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 511 3030, info@4thfloor-hotel.is

Rjúpa

Bókaðu strax! Hótel Bjarg, Fáskrúðsfirði. Sími 899 6221.

ATVINNA

Atvinna í boði



Nú er rétti tíminn til að breyta til.



Kanntu að stilla routera pinga og tracea, virus- og Spyware hreinsa tölvur

Ef svo er sendu okkur umsókn í dag á netangilt: atvinna@vortex.is

www.vortex.is

Hrói Höttur
Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu. **Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, eftir kl 14 eða sendið umsókn á eva@hroi.is**

Sælgætis og videohöllin Garðatorgi
Óskum eftir að ráða fólk í kvöld- og helgarvinnu hentar vel skólafólki. Einnig vantar fólk í dagvinnu. **Umsóknareyðublöð á staðnum. Einnig hægt að hringja í síma 565 6677.**

NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS HOLTAGARÐAR - KRINGLAN
„JÓI FEL“ opnar glæsilegt bakari og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Einnig vantar okkur starfsfólk í nýtt bakari okkar í Kringlunni strax. **Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS**



Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.



Kornið óskar eftir starfsfólki í Lækjargötu frá 12 - 18.30 á virkum dögum. Uppl. í s. 864 1593 Ella.



Gleraugnaverzlun í Kringlunni óskar eftir að ráða sjóntækjafæðing í hlutastarf. **Upplýsingar í síma 696 5015.**

Bettís Kópavogi
Starfskraftur ekki yngri en 18 ára óskast eitt kvöld í viku og aðra hvora helgi. **Upplýsingar í síma 899 8212.**

Viltu vinna með skólanum?
Starfsmaður óskast í skilastöðu í Leikskólann Lindarborg. Lindargötu 26 Reykjavík. Vinnutími kl. 15.30-17.30 eða eftir nánara samkomulagi. **Upplýsingar gefur leikskólustjóri í s. 551 5390.**



Óskum eftir hársnyrti svein/meistara og nema. Uppl. gefur Lilja í s. 898 6850.



Aktu Taktu Skúlagötu
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinnu í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

Ísbúðin Áfheimum
Óskar eftir að ráða starfsfólk í kvöld- og helgarvinnu. **Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 9495, Jónína.**

Loftorka Reykjavík.
Óskar eftir hálfstjóra á Bökollu. Matur í hæðinu og heimkeyrsla. **Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525**



Vaktstjóri Shell Laugavegi
Vilt þú takast á við áhugavert starf og vinna með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun og vaktumsjón. Unnið er á tveimur vöktum mánudag til sunnudags frá kl. 7.30 til 19.30, alls 15 daga í mánuði. **Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Óskar, stöðvarstjóri, í síma 561 9926. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**



Vaktstjóri Select Vesturlandsvegi
Okkur vantar öflugan vaktstjóra til framtíðarstarfa á liflegan vinnustað. Verslunarstörf ásamt vaktumsjón. Unnið er á vöktum virka daga og þrjú hverja helgi. **Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Ella, stöðvarstjóri, í síma 587 9730. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

Steinsteypusögun og kjarnaborun
Óska eftir starfsmanni í steinsteypusögun og kjarnaborun. Góð í laun í boði fyrir rétta aðila. **Upplýsingar í s. 893 3236.**



American style

Hafnarfirði og Skipholti

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Eru með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, mjög samkeppnishæf laun og frábært folk. Sæktu um á americanstyle.is

worker wanted for core
A punctual, honest and hard-working man is wanted for core drilling and concrete cutting. Preferable age 20-45. If you are interested, please send an application to sagtaekni@sagtaekni.is or call Binni at 898-3236

Bílstjórar óskast
Pósthúsið óskar eftir duglegum bílstjórum til starfa sem fyrst. Um er að ræða akstur og dreifingu á fjölbreyttum verkefnum. Pósthússins og er vinnutíminn frá 08-16 virka daga, yfirvinnu skv. samkomulagi. Gætur einnig bætt við okkur bílstjórum í lausamennsku fram að júlum.
Hægt er að senda umsóknir og fyrirspurnir á umsoknir@posthusid.is

PÍTAN

Ferskur vinnustaður, góður vinnuandi og finustu laun; ef þetta höfðar til þín og þú ert eldri en 23 ára þá vantar öflugan vaktstjóra í 49% kvöld- og helgarvinnu. Hentar vel með háskóla. Umsóknir á pitan.is

Góð laun - ræstingar
Slástu í för með sterkum hóp

Við leitum að starfsfólki í föst afleysingarstörf.

Um er að ræða fjölbreytt störf við ræstingar sem unns eru frá klukkan 08.00. Vinnuhlutfall er 75 - 100%.

Umsækjandi þarf að hafa bíl til umræða.

Upplýsingar veitir Ólaf í síma 5 800 600. Einnig á www.iss.is

Aðhlyning - kvöld og helgarvaktir.
Óskum eftir starfsfólki við aðhlyningu í þjónustuíbúðum Dalbraut 27. Um er að ræða kvöld og helgarvaktir.
Uppl. Veita Guðbjörg Vignisdóttir og Guðný Pálsdóttir sími 4112500. Netf. gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is og guðny.palsdottir@reykjavik.is

Söluamaður með reynslu óskast í heildverslun. Snrytilegur og áreiðanlegur. Góð laun í boði, sveigjanlegur vinnutími. Vinnubíll. Uppl. í s. 663 4403

American style
Er það leikur einn að reka þitt heimili og skipuleggja þig og hjálpa öðrum í kringum þig? American Style er að leita að kraftmiklum kvöld- og helgarrekstrarstjóra. 100% laun fyrir 75% vinnu. Lágmarksaldur: 25 ára. Gæti hentað vel með háskóla.

Bakarí - kaffihús, Skipholti
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklus. Uppl. í s. 820 7370.

Bakarí í Kópavogi, Engihjalla.
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn og aðra hvora helgi. Helst reyklus. Uppl. í s. 820 7370.

Vélamaður óskast á hjólagrofu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Vantar duglega menn í röralagnir og almenna jarðvinnu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Au-Pair óskast til Bahama-eyja frá 1. des. Umsóknir sendist á thora76@gmail.com

Húsasmiðir
Furuás efn vantar menn í mótavinnu einnig menn í almenna smíðavinnu. Góð verkefnaástaða. Uppl. í s. 861 9885.

Vantar mann vanan smíðavinnu, fjölbreytt vinna. Uppl. í s. 898 9293.

HENDUR.IS
Vantar stóran hóp fólks til að þrifa verslun frá 5-7 nóvember frá 16 - 21. Uppl. á www.hendur.is

HENDUR.IS
Vantar duglega manneskju til að hjálpa mér við þríf á ca 100 fermetra húsi. Þarf að geta gengið í allt. Uppl. á www.hendur.is

Atvinna óskast

HENDUR.IS
Hönnun, veislur, þríf, barnagæsla, þjónusta, iðnaðarmenn, afleysingar o.fl. Fáðu tilboð. Finnum rétta fólkið á rétta verðinu. Uppl. á www.hendur.is

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

80-90% útsala. Engihjalla 8, 1. hæð. Kl. 15-20 alla daga! Uppl. í s. 861 4082.

Einkamál

18plús.is
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Pórarinn Jónsson Hdl. Löggiltur fasteignasali

RE/MAX Lind

ÞARFTU AÐ SELJA ?
NÝ ÞJÓNUSTA FYRIR SELJENDUR
WWW.EIGNALEIT.IS

Hraunbær 37 og 41
810 Hveragerði
FRABÆRT VERÐ

Stærð: 143,3 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2006
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Sigurdór Bragason
Sölufulltrúi
663 3300
sb@remax.is

Hilmar Jónsson
Sölufulltrúi
695 9500
hj@remax.is

Pórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarin@remax.is

Verð: 21.900.000

Bókið skoðun í síma 695 9500

Mjög falleg 143,3fm endaraðhús með innbyggðum 25fm bílskúr á einni hæð. Eignin skilast fullbúin að innan fyrir utan gólfefni. Lóð grófjótinu. Nánari lýsing: Húsin skiptast í anddyri, hol, 2 rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi, stofu, eldhús, þvottahús, geymslu og bílskúr. Húsin skilast fullklár að innan fyrir utan gólfefni. Ekki er búð að velja innréttingar né tæki barnig að möguleiki er fyrir kaupendum að taka þátt í því. Innveggir eru úr gipsi og verða allir grunnaðir og spartlaðir.

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

FASTEIGNIR

Furuvellir 22
221 Hafnarfjörður
Einbýlishús á einni hæð m/bílskúr

Stærð: 218,7 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2006
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

BÓKAÐU SKOÐUN Í S: 699-5008 Verð: 39.900.000

Hannes Steindórs.
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Pórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarin@remax.is

RE/MAX LIND kynnir gott einbýlishús á einni hæð með bílskúr á völlum í Hafnarfirði. Eignin skilast fullbúin að utan, steinað og tilbúin til tréverks að innan. Lóðin afhendist grófjótinu. Samkvæmt teikningu skiptist eignin í: Anddyri þar sem innan gengt er í bílskúr og forstofu. Gestasalemi. Gott hjónaherbergi, þrjú barnaherbergi, baðherbergi, geymslu og þvottahús. Stofa og eldhús eru í sama rými með útgengi út í garð. Góð lofthæð er í húsinu. Geymslan er með góðum glugga og væri hugsanlega hægt að nota þetta rými sem herbergi (vinnuherbergi). Húsið er tilbúið til afhendingar eða eftir nánara samkomulagi

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

RE/MAX Bær

Snorri Sigurfinnsson
Sölufulltrúi
864 8090
ss@remax.is

Þórunn Elösdóttir
Löggiltur fasteignasali,
fyrirtækja-, og skipasali

**HEFUR ÞÚ TEKIÐ ÁKVÖRÐUN !
ÆTLAR ÞÚ AÐ SELJA FASTEIGNINA ?**

Stóra eða litla – einbýli – íbúð – sumarhús – lóð

**KRÖFTUGT, MARKVISST
SÖLUFERLI SEM SKILAR ÁRANGRI**

METUM EIGN ÞÍNA FRÍTT ÁN SKULDBINDINGA

Hringið í síma
864 8090
eða sendið póst ss@remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

Laugavegur 85

101 Reykjavík

Stærð: 87-100 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2007
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Nei**RE/MAX**
Ping**Opið Hús****Opið hús í dag laugardag frá kl 15:00-16:00****Verð: 44-.45,.500.00****Fallegar hæðir í miðbænum**

SÉRLEGA GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Í NÝJU HÚSI Í HJARTA BORGARINNAR --- SJÓN ER SÖGU RÍKARI -- KÍKTU Í HEIMSÓKN Í DAG --- Sérlega glæsilegar 3ja herbergja íbúðir í nýju, 6 íbúða, húsi við laugaveg þar sem að ekkert hefur verið til sparað varðandi val á efni og hönnun. Íbúðirnar skilast fullbúnar með fallegum gólfefnum og glæsilegum innréttingum. Tæki í eldhúsi frá Miele, sérlega glæsilegir háfar, háglans innréttingar og granít á borðum eldhúss.Ískápur og uppþvottavél fylgja. Hátt til lofts í öllum íbúðum og allar hurðir sérsníðaðar í yfirstærð. Mjög rúmgóðar geymslur með tengi fyrir þvottavél í hverri geymslu fyrir sig. Íbúðirnar eru frá 86,6 fm til 100,8 fm. Lyfta er í húsinu. Pakíbúðirnar eru með tvennum svölum og glæsilegu útsýni. HÉR ÞARF EKKERT AÐ GERA NEMA AÐ FLYTJA INN. Frekari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins WWW.IBYGGD.COM Einstakt tækifæri í hjarta borgarinnar. OPIÐ HÚS Í DAG Á LÖNGUM LAUGARDEGI Á LAUGAVEGINUM.

Hrönn
Sölufulltrúi
692 3344
hronn@remax.is



Óli Gísli
Sölufulltrúi
822 8283
oligisi@remax.is



Pórarinn Arnar
Sævarsson
Lögg. fasteignasali
tas@remax.is



RE/MAX Ping - Háholt 13-15 - 270 Mosfellsbær - Sími: 4123300 - www.remax.is

Fermetraverð 140 þús tilbúið til notkunar**Besta fermetraverð á sambærilegu atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu****Lækjarmelur - 116 Rvk**

Um er að ræða 3923 fm stálgrindarhús sem skipt er uppí 30 bil sem eru frá 122,1 fm. til 131,2 fm. hvert og eitt með sér iðnaðar- og gönguhurð. Grunnflötur er 3000 fm og milliloft 923 fm. Húsinu er skilað tilbúnu til notkunar. Eignin er staðsett í hverfi sem er skipulagt sem eitt af stærri iðnaðarhverfum Reykjavíkur. **Heildarverð 550.000.000. Afhending í júní 2008. Traustur byggingaraðili.**

Allar nánari upplýsingar veita Pórarinn sími 840 2277 eða Sigurður sími 896 2312**Draumahús** 530 1800**RE/MAX** LIND S: 896 2312

Bæjarlind 12 - 201 Kópavogi

Draumahús ehf. • Hjalti Pálsson hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignesalir
Márkín 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

PÓRARINN JÓNSSON hdl. Löggiltur fasteigna- og skipasali



Logi: En værum við sendir heim til Britney Spears til að hjálpa henni myndi ég kenna henni að taka slátur.

Steingrímur: Ég veit ekki hvort við myndum ná einhverju sambandi við hana. Hún og fleiri í þessari stöðu virðast vera að leita að sjálfum sér og vita ekkert hvað þau vilja. Ég myndi bara ráðleggja henni að lifa í rólegheitum og spá í það hvort hún sé ánægð með lífið eins og það er í stað þess að berast áfram með straumnum, meðvitundarlaus og óhugsandi.

Logi: Svo finnst mér að fólk eigi að fara varlega í að stimpla annað fólk heimskt eða vitlaust, út frá einhverjum slúðurfréttum.

Davíð leiðist

Værir þú settur í hlutverk spyrils í sjónvarpssal, Steingrímur, og ættir að skapa þar vinsælasta þátt ársins, hvaða þrjá einstaklinga

myndir þú fá til þín í salinn? Ef þú, Logi, yrðir settur í frambod fyrir Vinstri græn, hvaða málefni myndir þú setja efst á oddinn og hvaða þekkt einstakling (sem er í dag ekki skráður í flokkinn) myndir þú fá með þér á lista?

Steingrímur: Þú segir nokkuð. Þeir yrðu að vera skemmtilegir. Ég gæti þá vel hugsað mér að fá Diddú. Hún er svo kát og einlæg og lætur bara vaða. Þá er komin ein hress. Ef ég tæki einn úr pólitískinni myndi ég fá Guðna Ágústss endu er hann eins og Diddú með það að vera alltaf hann sjálfur. Svo eru þeir allir dánir sem mér detta í hug. Jú, kannski ég myndi bara taka frænda minn, Angantý Einarsson. Hann er góður sögumaður, fyndinn og skemmtilegur.

Logi: Ef ég færi á lista Vinstri grænna myndi ég fara alla leið með áfengissóluna. Það yrði bara

ein áfengisverslun og hún yrði á Esjunni, opin í hádeginu, þriðja hvern þriðjudag.

Steingrímur: Hahaha!

Logi: Nei, ég segi svona – ég vil fá bjór í búðir. Fyndist það ágætt. En ef ég ætla að tala af alvöru þá held ég að ég myndi reyna að vinna að málefnum öryrkja þannig að allir gætu haft það skikkanlegt. Á listann myndi ég svo fá Davíð Oddsson með mér. Ég held honum leiðist.

Að lokum. Ef þið mættuð bæta spurningu inn í viðtalið, handa hvor öðrum, hver yrði spurningin og hvert yrði svarið?

Logi: Já. Sæll... segi ég nú bara. Ég spyr þig Steingrímur – hvaða stjórnmálamaðmann finnst þér að ég ætti að fá í þáttinn til mín?

Steingrímur: Hvað með aldursforseta Alþingis, Jóhönnu Sigurðardóttur? Hennar tími kom

aftur og hún hefur sýnt ótrúlega seiglu og úthald og á þetta vel skilið. Hún getur verið mjög skemmtileg. Þá spyr ég Loga: Heldurðu að þú sért ekki bara til í að fara í pólitík – er þetta ekki orðið gott hjá þér í fréttamennskunni?

Logi: Ég fæ þessa spurningu reglulega. En ég tel mig ekki hafa komið mér upp nógu góðu setti af pólitískum skoðunum. Ég hef ákveðnar skoðanir á hlutunum en ég veit ekki hvernig ég myndi passa innan einhvers ramma. Ég hef líka verið spurður hvort ég ætli ekki að bjóða mig fram til forseta. Ég held að það sé álíka gáfulegt.

Steingrímur: Ég tek þessi rök þín gild en ég finnst nú samt áhugann. Og það hefur úrslitaáhrifin. Við höfum ekkert að gera við fólk sem kemur hálfsofandi inn á þing.

ahár

viss um að Steingrímur eigi Alexandersdóttir hittir félagana

→ VISSIR ÞÚ AÐ ...

- ... Steingrímur gæti aldrei platað Loga til þess að ganga með sér á fjöll. Logi vill bara spila golf.
- ... Steingrímur man eftir Loga sem smástrák, þegar Logi var að sniglast með föður sínum á Þjóðviljanum þar sem Steingrímur og Eiður Bergmann unnu.
- ... Logi myndi vilja hitta Robbie Williams.
- ... Steingrímur myndi vilja hitta Nelson Mandela.
- ... þegar þú slærð inn nafn Steingrímur J. Sigfússonar á google.is færðu 122.000 leitarniðurstöður.
- ... þegar þú slærð inn nafn Loga Bergmanns á sömu vefsíðu færðu 24.300 leitarniðurstöður.
- ... Steingrímur er 11 árum eldri en Logi.
- ... Steingrímur og Logi hafa báðir starfað sem íþróttafréttamenn.

og þessi París Hilton – vinkona hennar þarna hinnar. Hún er ekki einu sinni leikkona eða neitt slíkt.

Logi: Já, en hún hefur samt gert þrjár seriur af afar vinsælum sjónvarpsþætti, The Simple Life.

Steingrímur: Já, ég skil. Ég hélt hún væri bara hótelerfingi.

Logi: En svo gerist eitthvað og allt sem hún gerir verður það sem eftir lifir alveg rosalega fréttæmt.

Steingrímur: Ég hugsa að þetta byrji þannig að viðkomandi er veikur fyrir athyglinni og gefur færi á sér. En svo er ekki svo auðvelt að stjórna því þegar myndavélarnar eru farnar að hundelta þig.

Úrval af sófum á frábæru verði

Einungis fánlegir í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



199.000kr
GOTT VERÐ

Leðurhornsófi 2+h+2 6689



144.900kr
GOTT VERÐ



158.900kr
GOTT VERÐ

Bycast hornsófi 2+h+2 Roma

Púðahornsófi 2+h+2 Paris

Gildir til 7. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Mikilvægt að halda í fært fólk

Við lok októbermánaðar, sem tileinkaður var baráttunni við brjóstakrabbamein, ræddi **Eva Bjarnadóttir** við **Jórunni Erlu Eyfjörð** og masters- og doktorsnema hennar þau **Ólaf Andra Stefánsson**, **Sigríði Klöru Böðvarsdóttur** og **Lindu Viðarsdóttur**, um rannsóknirnar, árangurinn, vonina og eilífðarmálin, peninga og manneklu, í kjallara Krabbameinsfélagsins.

Ikjallara Krabbameinsfélagsins reka þær Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor við læknaeild Háskóla Íslands, og Helga Ögmundsdóttir metnaðarfulla rannsóknarstofu. Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði verður tvítug á næsta ári.

Jórunn hefur helgað starf sitt grunnrannsóknunum á brjóstakrabbameini. Hún hefur augljósan áhuga á viðfangsefni sínu og lýsir með aðdáun rannsóknum nemenda sinna.

Þar sem blaðamaður þekkir til áhugasamra fræðimanna ákveður hann að byrja viðtalið á heimavelli.

Hvernig er rannsóknarstofa sem þessi rekin?

„Við sækjum um styrki í styrktarsjóði, bæði hjá Íslenskum og erlendum, meðal annars hjá Rannís og Háskólasjóði Eimskipafélagsins. Við tökum líka þátt í erlendum verkefnum,“ svarar Jórunn.

Líkt og aðrar vísindamenn reiða Jórunn og nemendur hennar sig á styrki fyrir hverja rannsókn. Framlög einstaklinga eru af skornum skammti en nýlega barst þeim þó veglegur styrkur frá vöskum gönguhópi, Göngum saman, sem nemur samtals þremur milljónum.

„Erlendis er mun meira um styrki frá einstaklingum til rannsóknastarfs heldur en tíðkast hér. Jafnvel heilu stofnanirnar eru reknar með styrkjum frá ríkum einstaklingum,“ segir Jórunn.

Tengist það ekki skattlagningu líka?

„Jú, það þarf að breyta skattalöggjöfinni á Íslandi – þetta verður greinilega mjög alvarleg grein, segir Jórunn Erla og skellir upp úr en verður svo jafnskjótt alvarleg. „Það er ýmislegt sem þarf að breyta. Í Kanada var útbúið kerfi svo vísindamennirnir þurfi ekki sjálfir að leita að peningum. Okkur hefur gengið nokkuð vel að afla styrkja en þetta er hálfgerður bútaumur.“

En Krabbameinsfélagið sjálft?

„Það rak þessa rannsóknarstofu til ársloka 2006 og var þá stærsti rekstraráðilinn, en hún var rekin á styrkjum samt sem áður. Þeir gáfu ákveðinn stuðning. Þannig að það hefur breyst.“

„Svo má ekki gleyma að ýmsir minni styrkir koma úr minningarsjóðum,“ skýtur Sigríður Klara inn.

„Já, það má minnst á styrkinn úr minningarsjóði Margrétar Björgúlfsdóttur, það er styrkur sem skiptir máli,“ segir Jórunn, en bendir á að aðstoðin er ekki aðeins fjárhagsleg heldur eigi rannsóknarstofan í góðu samstarfi við aðila á borð við Krabbameinskrá Krabbameinsfélagsins og meinafræðistofnun Landspítalans.

Fá að hafa frumkvæði

Sigríður Klara tekur að sér að útskýra málið. „Eining eins og þessi er mjög háð styrkjum því yfirleitt eru það bara prófessorarnir sem eru á föstum launum. Við sem vinnum að rannsóknum í masters- eða doktorsnámi erum háð því að fá þessa styrki til að fá framfærslu.“

„Nú á að fara að setja meiri peninga í nýdóktarstöður svo hægt sé að stöðja færa vísindamenn til að stunda rannsóknir,“ segir Jórunn. „Það er í raun ekki hægt að gera þetta öðruvísi. Ég ætlast til meira af þeim en



**STOLT AF NEM-
ENDUM SÍNUM**
Jórunn Eyfjörð gerir miklar kröfur til nemenda sinna, enda hafa þeir reynt vera afburðanemendur. Hún telur mikilvægt að gefa nýútskrifuðum masters- og doktorsnemunum tækifæri til að starfa við rannsóknir.

VÍSINDAMENN AÐ STÖRFUM Þau Ólafur, Sigríður Klara og Linda segja rannsóknarstofuna ef til vill ekki eins vel tækjum búna og erlendir háskólar bjóða upp á en sérstaða Íslands vegi upp á móti þar sem þau geti rannsakað tiltölulega einsleitán hóp.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kannski góðu hófi gegnir, það er að segja, ég ætlast til þess að þau vinni sjálfstæðar heldur en kannski tíðkast annars staðar.“

Skiptir þetta ekki líka máli fyrir framþróun rannsókna á Íslandi?

„Algjörlega,“ samsinnir Sigríður Klara. „Háskóli Íslands vill verða meðal hundrað bestu háskóla í heimi og til þess þarf að byggja upp vísindasamfélagið og meðal annars störf nýdóktora því þeir afkasta venjulega mestu.“

Þetta er ákveðin þekking og æfing og fólk þarf að halda sér heitu er það ekki?

„Jú, þetta dettur alveg niður,“ segir Jórunn Erla. „Það er það sem gerist í mörgum

sé metin, en við getum nokkurn veginn stýrt þessu sjálf.“

Viðhalda þarf þekkingunni

„Við erum náttúrulega algjörlega háð því að við skilum árangri,“ segir Jórunn með áherslu. „Þetta er mjög árangurstengt. Kraftan um að birta greinar í viðurkenndum tímaritum er orðin mikið ákveðnari, eins hún ætti auðvitað að vera. Við þurfum að sýna fram á að við séum að gera góðar rannsóknir og birtar greinar er sá mælikvarði sem við notum.“

En stuðla greinarnar ekki að betri rannsóknunum?

til sjö prósent með arfgenga stökkbreytingu í þessum genum og þær konur sem bera þessa stökkbreytingu eru í mun meiri áhættu heldur en aðrar konur.

„Nú er verið að þróa lyfjahindra sem gætu samkvæmt mínum niðurstöðum hentað konum sem bera þessa BRCA2-stökkbreytingu og fá brjóstakrabbamein. Það er enn verið að prófa þetta lyf og verkefni Lindu er að prófa það á brjóstafrumulínur sem bera BRCA2-stökkbreytinguna.“

Hvernig hefur það gengið?

„Það er munur á þessum línunum og það er eins og þær svári betur hindranum heldur en línurnar sem hafa ekki þessa stökkbreytingu,“ svarar Linda Viðarsdóttir mastersnemi.

„Við höfum mikla trú á þessu lyfi sem vonandi kemur einhvern tíma á markað til meðferðar á þessum sjúklingum,“ segir Sigríður Klara og kippir blaðamanni aftur inn í raunveruleikann. Brjóstakrabbamein hefur áhrif á líf fjölda kvenna ár hvert.

„Það er tiltölulega lítil hópur sem mun hafa gagn af þessu, en þeir sem fá þá gerð af brjóstaeðli sem ég er að kanna gætu haft gagn af. Í dag eru engin sértæk meðferðarúrreiði fyrir þann hóp. Það er voða lítið hægt að gera annað en að beita krabbameinslyfjaméðferð sem er drastísk aðför að líkamanum,“ segir Ólafur, sem notið hefur aðstoðar Nimblegen Systems á Íslandi við tæknilega framkvæmd rannsókna sinna.

„En BRCA2 getur líka haft áhrif á önnur krabbamein,“ bendir Linda á. „Við erum þá jafnvel að hugsa hindran fyrir aðra einstaklinga, eins og þá sem fá blöðruhálskirtilskrabbamein.“

Haldið þið að meðferðarúrreiðin verði skilvirkari og betri í framtíðinni?

„Það er verið að sníða meðferðirnar betur að hverjum og einum og komast að uppruna krabbameinsins,“ segir Ólafur.

„Reyndar er það þannig að brjóstakrabbamein er tiltölulega auðlæknalegt en svona ný meðferðarúrreiði geta samt haft lykílahrif á að lækna krabbameinið,“ segir Sigríður Klara.

„Svo er þetta náttúrulega spurning um aukaverkanir. Það skiptir gífurlega miklu máli að minnka þær,“ segir Jórunn. „Og vera ekki að meðhöndla fólk með einhverju sem kemur ekki til með að hjálpa neitt. En þetta er allt mjög viðkvæmt og vandmeðfarið. Við erum að tala um fólk og allir sem eru með þennan sjúkdóm vonast eftir nýjum lausnum.“

Við þurfum að vanda okkur við að gefa ekki falskar vonir, en segja samt að það er verið að vinna að rannsóknum sem vonandi leiða til betri meðferða. Það er mikilvægt að trú þá líka, annars værum við nú ekki að þessu.“

Það er fátt annað hægt en að dást að hugvitinu og hugsjóninni sem leynist í kjallara Krabbameinsfélagsins og vona að þar verði áfram framkvæmdar rannsóknir sem hjálpa munu konum um ókomna framtíð.

”Við þurfum að vanda okkur við að gefa ekki falskar vonir, en segja samt að það er verið að vinna að rannsóknum sem vonandi leiða til betri meðferða. Það er mikilvægt að trú þá líka, annars værum við nú ekki að þessu.

förgum vegna eftirspurnar eftir fólkum í vinnu og svo er kaupíð í vísindum náttúrulega ekki gott. Það er því orðið spurning hvernig maður getur látið þetta ganga.“

Sigríður Klara segir það á hinn bóginn vera mjög skemmtilegt að vinna að vísindum. „Sérstaklega í umhverfi Háskóla Íslands því við getum haft mikið frumkvæði að því sem við gerum og hvernig við gerum hlutina. Við getum rannsakað það sem okkur þykir vera mest spennandi. Við eru háð því að rannsóknarhugmynd okkar fái styrki og

→ RANNSÓKNARSTYRKUR FRÁ GRASRÓTINNI

„Við ákváðum að stofna félag og rannsóknarsjóð, eftir að hafa tekið þátt í nokkrum göngum til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini,“ segir Gunnhildur Óskardóttir, meðlimur hópsins Göngum saman. „Það er mikilvægt að styrkja grunnrannsóknir því annars verða engar framfarir í öðrum krabbameinsrannsóknum. Þetta hefur ekki verið gert á Íslandi áður og okkur þykir við vera miklir frumkvæðlar. Við göngum svo að segja með vísindamönnum. Við vorum upphaflega 23 talsins, en ein lést í september og var styrkurinn veittur í hennar minningu. Þá erum við tvær til viðbótar sem höfum greinst með sjúkdóminn. Okkur þykir mikilvægt að grasrótin vinni með vísindamönnum og erum afskaplegar stoltar af okkur. Þessir vísindamenn eru frábærir krakkar og það var virkileg heiður að fá að leggja okkar af mörkum. Göngum saman-hópurinn er kominn til að vera. Hann mun veita árlega styrki og vonandi efna til íslenskrar göngu á næsta ári til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini.“



Full búð af frábærum tilboðum



41% afsláttur

GODI

999 kr/kg, áður 1.695 kr/kg
Goða bayonneskinka



30% afsláttur

1.371 kr/kg, áður 1.959 kr/kg
Borgarness villikryddað hátíðarlambalæri



34% afsláttur

GODI

1.178 kr/kg, áður 1.785 kr/kg
Goða hunangsgrísakótilettur



47% afsláttur

ÍSFLUGI

392 kr/kg, áður 740 kr/kg
Ísfugls heill ferskur kjúklingur



NÝR DISKUR

1.999 kr/stk
Latibær, 4 þættir



50% afsláttur

108 kr/kg, áður 215 kr/kg
Borgarness skólaskinka, 165 g



42% afsláttur

98 kr/ltr, áður 169 kr/ltr
Del Monte epla- og appelsínusafi

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 1.–4. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

DANSKI HÖNNUÐURINN HENRIK VIBSKOV Ef maður vill lífa af sköpun sinni verður maður að búa til eitthvað sem einhver kaupir einhvern tíma. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN



Auglýsir eftir týndum hatt

Ofurhönnuðurinn **Henrik Vibskov** er með mörg járn í eldinum. Hann spilaði nýverið á Iceland Airwaves með Trentemøller og er auk þess í tveimur öðrum hljómsveitum. Hann hefur stýrt merkinu Henrik Vibskov frá árinu 2001 og selur fatnað sinn í hátískuverslunum um heim allan og þar að auki Henrik Vibskov Store í Kaupmannahöfn. *Anna Margrét Björnsson* spjallaði við þennan geðþekka Dana þegar hann var nýlentur í Hong Kong ferskur frá Íslandsförinni.

Halló Hong Kong. Hvað er klukkan þarna hjá þér? Hún er eitthvað á milli dags og nætur. Hljómar eins og titill á dægurlagi ekki satt? En þetta er alveg satt. Ég er að setja upp tískusýningu hérna.

Erstu búinn að jafna þig á Iceland Airwaves? Vá! Já, er rétt að jafna mig núna. En ég var ansi hakkaður á sunnudeginum. Föstudagurinn var skemmtilegastur. Laugardagurinn var líka fín en þá fór ég á Kaffibarinn. En það sem verra var er að skriftin stelpa stal veiðihattinum mínum. Þetta var gamall hattur sem ég fann þegar við vorum á tónleikaferð um Kanada. Það stendur SNAP ON á hattinum. Ef þið sjáið

stelpu með SNAP ON-hatt gætuð þið beðið hana að skila honum?

Hversu lengi hefurðu spilað á trommur með Trentemøller og hvernig kom það til? Ég hef þekkt gítarleikarann hans í fimmtán ár, við vorum í hljómsveit saman. En ég spilaði á plötu Trentemøllers „The Last Resort“ og hef spilað með honum „live“ í tæp þrjú ár.

Þú ert listamaður, tónlistarmaður og fatahönnuður og þekktastur fyrir það síðarnefnda. Hvernig blandar þú þessu saman og ef þú yrðir að velja eitt hvað myndirðu velja? Þetta er eins og ávaxtakokkteill. Hann væri frekar leiðigjarn ef hann væri bara úr banönum en bragðbetri ef þú bætir smá kíví eða jarðarberjum út í. Reyndar hef

ég spilað á trommur síðan ég var tíu ára þannig að hljóðfæraleikur er fyrir mér jafn sjálfsgæður hlutur og að ganga. Ég vil ekki velja eitt. Ég er góður svona.

En þú varst í annarri hljómsveit? Og ert kannski enn þá? Ég er með tónlistarverkefni í gangi sem heitir Trommefredag (trommuföstudagur) ásamt djassleikaranum Mikkel Hess. Við spilum bara á föstudögum og við ferðumst um Kaupmannahöfn frá því klukkan sjö á kvöldin og fram á morgun. Við fáum bókanir frá fólki sem vill að við kíkjum í partí til sín. Til dæmis heimsækjum við allt frá lesbískum pitsupartíum upp í rússnesk afmæli og endum svo venjulega á næturklúbbi klukkan þrjú að morgni. Þetta er alveg

ókeypis enda erum við frekar lélegir. Ég er líka í listahópi sem heitir Powerplant en við erum tuttugu samtals – listamenn, kvikmyndagerðarfólk, götuleikarar, sem klæða sig upp og látum eins og brjálaðingar á götum úti.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Hefur tónlist bein áhrif á hönnun þína?

Ég hlustaði á móm í Reykjavík, hún spilaði á eftir okkur. Ég ætlaði að hlusta á Bloc Party, Kasper Bjørke og Magga Legó en endaði á Kaffibarnum að hlusta á Trentemøller. Þessi Maggi gaur var líka að spila á Sirkus kvöldið áður. Hann er mjög fín. Já úllallala ... ég hlusta á svo margt. Til dæmis var sýningin mín í París, The Fantabulous Bicycle Music Factory algjörlega innblásin af tónlist, en það eru átta reiðhjól sem spila tónlist þegar fyrirsæturnar byrjuðu að hjóla á þeim. Algjörlega kaótískt.



Ég er vanur að segja við nemendur mína að þeir ættu aldrei að fara út í tiskubransann nema þeir hafi virkilegan, brennandi áhuga á því. Þetta er bilaður heimur.

Hefurðu meira frelsi þegar þú skapar list en þegar þú ert að hanna fót? Nei, ég sé það ekki svoleiðis. Á báðum sviðum ertu á endanum að skapa einhvern söluvarning. Ef maður vill lífa af sköpun sinni þá verður maður að búa til eitthvað sem einhver kaupir einhvern tíma. En þess á milli getur maður svo gert eitthvað brjálað. Þetta er allt sami hluturinn hvort sem það er list, kvikmyndir eða tónlist.

Danska tiskuritið COVER lýsti síðustu línunni þinni sem hinni fullkomnu blöndu af list og tisku. Hvað segir þú um það? Segjum sem svo að ég skemmti mér konunglega með The Fantabulous Bicycle Music Factory. Ef maður hættir að hafa gaman af hlutunum, þá á maður að gefa skít í þá.

Þegar ég spjallaði við þig á Airwaves var ég dónaleg og sagðist hafa haldið að tiskuhönnuðir væru yfirborðslegir en þú ert einstaklega hógvær og jarðbundinn maður. Já, þú varst dónaleg! Manstu hverju ég svaraði, hihíhí?

Hvernig kemst maður á alheimskortið þegar maður er frá Danmörku? Hafði Central St. Martins skólinn í London mikil inn áhrif á frama þinn? Já, ég eiginlega „meikaði“ það öfugt, byrjaði á erf-

ða endanum. Það er einfalt að meika það í Danmörku. En mér fannst mikilvægt að fá alþjóðlegt sjónarhorn í CSM áður en ég flutti aftur heim til Kaupmannahafnar.

Hvaðan færðu allar þessar hugmyndir? Síðasta lína minnti á súrrealíska blöndu af afrískum munstrum og jafnvel stillimyndinni í sjónvarpinu þegar dagskránni er lokið? Já, þessi innsetning er svona blanda af frumhljóðum, náttúrulegri orku, fyrirsætur sem verða leikarar, kaos og litir. Við endurtökum leikinn á laugardaginn á Spáni í Santiago di Compostela) og vinkona þín Diane Pernet verður líka þarna ... hugmyndir bara dúkka upp, aðallega þegar ég er aleinn eða liggjandi.

Þú spilar körfubolta! Hvað gerir þú fleira til að slappa af? Já, ég er svona hávaxinn Snoopy-gaur og spila með Copenhagen Crocodiles. Ég spila líka hokkí með vinum mínum í Nansensgade Kulturhuset. Ég bjó við Nansensgade í nokkur ár, ójá, það er frábær gata.

Myndirðu einhvern tímann vilja flytja til Parísar til þess að vera í hjarta tískunnar? Nei, nei, ekki til Parísar. Það er nóg fyrir mig að fara þangað fjórum sinnum á ári.

Dönsk hönnun er virkilega að slá í gegn á heimsvísu og þið voruð með frábæra tiskuviku í haust. Hvað finnst þér um íslenska tisku?

Ég þekki villta hrafninn - Raven (Hrafnhildi Hólmgæirsdóttur) og systur hennar. Og draumateymið Belleville, Önnu og Bjarna. Og ég sel hönnun mína í tipp topp dínámóljósunum KronKron. Og ég reyndar lagði inn pöntun í Reykjavík fyrir Henrik Vibskov Store hjá íslenskri stúlku, bíddu, hún er enn í skóla og heitir Hlín Reykdal. Ég sá hálsklúta og fiðrildi eftir hana í Belleville. Þurfum að koma svona hlutum út í hinn stóra heim ekki satt? Hoppla!

En þinn eigin still? Hvernig myndirðu lýsa honum? Gengurðu bara í eigin hönnun? Ég blanda bara saman alls konar hlutum. Held ég sé með góða blöndu. Ég kaupi fullt af notuðum fötum. Þess vegna var þetta sérstaklega sorglegt þegar stelpa stal hattinum mínum.



MEÐ TRENTEMÖLLER Henrik Vibskov til hægri ásamt félagum sínum í hljómsveitinni. FRÁ TÍSKUVIKUNNI Í PARÍS Fyrirsæta sýnir karlatískuna fyrir vor/sumar 2008 frá Henrik Vibskov.

Eitthvað sem þú vilt segja mér að lokum? Já, þið Íslendingar ættuð alltaf að fylgja eigin sannfæringu og halda áfram að gera það sem þið eruð að gera, þá verður alltaf allt í lagi að eilífu.



ÁSKORUN

Áskorun til nýrrar borgarstjórnar og lögreglustjóra

Borgaryfirvöld og lögreglustjóri hyggjast nú stytta opnunartíma nokkurra skemmtistaða í miðbænum. Þar á meðal er Q-bar við Ingólfsstræti, en það er eini yfirlýsti skemmtistaður samkynhneigðra á Íslandi.

Ef þessi áform verða að veruleika er næsta víst að fleiri skemmtistaðir í miðbænum hljóti sömu meðferð á næstunni.

Við teljum að slíkar aðgerðir muni aðeins koma niður á menningarlífi borgarinnar og um leið skapa ný miðbæjarvandamál.

Félag Kráareigenda fagnar aukinni löggæslu í miðbænum en menn mega ekki ganga of langt. Eru yfirvöld búin að gleyma því hvernig ástandið var í miðbænum þegar allir skemmtistaðir lokuðu kl 03:00 ?

Við skorum á borgaryfirvöld og lögreglustjóra að endurskoða afstöðu sína og um leið rífa upp hvers vegna opnunartíminn var lengdur á sínum tíma.

Þeir sem vilja sýna samstöðu og vera með í áskoruninni er bent á undirskriftalista á netinu

www.petitiononline.com/askorun





FÆRI Í DISKÓDRESSI Á GRÍMUBALL Auður Haraldsdóttir danskennari myndi dressa sig upp í diskógalla færi hún á grímuball og fara aftur til tíma Jesú Krists yrði henni skutlað í tímavél.



MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Síðir toppar. Koma aftur sterkt inn í haust. Ef Kate Moss er með svoleiðis þá er augljóst að þetta er málið.

Miso-súpa. Bráðholl, bragðgóð og er líka þynnubani dauðans.

Stórir hálsklútar. Risastórir hálsklútar sem mynda spíss niður á bringu fyrir bæði herra og dömur í anda Balenciaga. Mjög töff.

White Russian. Þessi eitís-drykkur er aftur orðinn það svalasta í öllum tiskuteitum. Vodki, kaffilíkjör og flóuð mjólk ... nammi nammi.



Heimsóknir til ömmu. Það hafa allir gott af því að heimsækja aldraða ættingja og heyra hvernig lífið var fyrir tíma plasmaskjáa og gsm.

■ Á niðurleið



Balsamik-edik. Gersamlega nóg komið af þessum brúnu rákum yfir alla rétti!



Push-up silíkon brjóstahaldarar. Yfirþyrmandi brjóstaskorur sem flæða yfir diska á veitingastöðum. Hmm...

Strákr í „rave“-bolum. Munstraðir nælonbolir sem lykta hræðilega eftir þrjú tíma á dansgólfinu eru langt frá því að vera sexi.

Sólarbrúnka. Nú er kominn nóvember og það er alls ekki frísklegt að skarta uppboruðum appelsínulit. Postulínshúð er það sem koma skal.

Lágvöruverðsverslanir. Þessar búðir þykjast elska litla manninn en leika hann grátt bak við verðkönnun-artjöldin. Fussumsvei.

Myndi vilja dansa rúmbu með Brad Pitt

Auður Haraldsdóttir er ein okkar helstu dansgúrúa Íslands og verður í dag önnur kafin við að halda utan um Lottó Open-danskeppnina í Íþróttahúsi Hafnarfjarðar. Alþjóðlegur blær verður yfir keppninni eins og undanfarin ár þar sem erlend danspör og dómara sækja keppnina. Auður var tekin í Þriðju gráðu yfirheyrslu helgarinnar.

Hver voru morgunverkin?
Kenni dans í Öldutúnsskóla.

Eftirlætismánuður ársins og af hverju?

Mái. Því þá eru lokasýningar nemenda minna og þá sést afrakstur kennslu vetrarins og sumarfríið er fram undan.

Ef þú yrðir að vera einhver önnur fræg manneskja í einn dag, hver myndirðu vilja vera og af hverju?

